



SKOÐUN Stefán Einar Stefánsson segir að svara verði atvinnu-umsóknum. Annað sé ósiður. **28**



MENNING Baldur Þórhallsson flutti inn til Felix Bergssonar mánuði eftir að sambandið hófst. **42**



SPORT Steven Lennon segist ekki vera viss um að hann spili með Fram í Pepsi-deildinni í sumar. **48**



Hádegjið er hápunktur dagsins

Sími 5 800 600
www.iss.is



FRÉTTABLAÐIÐ

Fimmtudagur

14. febrúar 2013
38. tölublað 13. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

FRÉTTIR



Kaup á formúlulíði til sérstaks

Slitastjórn Glitnis telur að fjögurra milljarða bankaábyrgð sem veitt var vegna kaupa Williams Formúlu 1-líðinu sé umboðssvik. **4**

Brann inni Morðinginn og fyrrverandi lögregluáðurinn Christopher Dorner brann inni í fjallabústað eftir skotbardaga við lögreglu. **6**

Vilja kaupa Íslandsbanka Framtakssjóður Íslands og aðilar tengdir MP banka hafa átt í viðræðum við slitastjórn Glitnis um kaup á Íslandsbanka. **8**

Varúðarreglan í brennidepli Ný skýrsla Umhverfisstofnunar Evrópu tekur af allan vafa um að betra sé að flýta sér hægt þegar ný tækni er innleidd. **10**



Bolungarvík	1°	NA10
Akureyri	0°	NA 6
Egilsstaðir	2°	N 7
Kirkjubæjarkl.	3°	NV 3
Reykjavík	2°	N 4

BJART SV-TIL í dag verða norðaustan 3-8 m/s en strekkingur norðvestan til. Víða bjart sunnan og vestan til en dáltil él fyrir norðan. Hiti 0-5 stig. **4**

2 SÉRBLÖÐ

Fermingarföt & skór | Fólk



Fái ókeypiss útsendingar í RÚV

Nefnd fulltrúa þingflokka vill að framboðslistar fái ókeypiss útsendingartíma hjá Ríkisútvarpinu. Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu gagnrýndi árið 2009 að rótgrónir flokkar gátu útilokað nýja frá kynningu í sjónvarpi.

STJÓRNMÁL Öll framboð til Alþingis eiga að fá ókeypiss aðgang að sjónvarpsútsendingum hjá Ríkisútvarpinu að því er nefnd sem menntamálaráðherra skipaði leggur til.

Nefnd um aðgang stjórnmála-hreyfinga og frambjóðenda að fjölmiðlum í aðdraganda kosninga er skipuð fulltrúum allra flokka á Alþingi. Í umsögn til allsherjarnefndar þingsins nefnir nefndin tvær meginröksemdir um mikilvægi gjaldfrjálsra útsendingartíma fyrir framboðin. Annars vegar minnki það aðstöðumun framboðanna og auki jafnræði. Hins vegar dýpki þetta umfjöllunina um valkostina sem bjóðist.

Fulltrúar Öryggis- og samvinnu-

stofnunar Evrópu (ÖSE) fylgdust með framkvæmd alþingiskosninganna 2009. Þeir gagnrýndu tilhögun sem Ríkisútvarpið hafði þá á fyrirhugaðri ókeypiss útsendingu á sjónvarpskynningu framboðslista. Þá áskildi RÚV að meirihluti framboðanna myndi samþykka að vera með. ÖSE segir að þannig hafi fjórir rótgrónari og sterkari flokkar, með því að hafna þátttöku, einfaldlega getað útilokað þrjú ný og veikari framboð frá því að kynna sig á eigin forsendum í sjónvarpi.

Það voru einmitt gömlu flokkarnir; Samfylking, Sjálfstæðisflokkur, Vinstri-grænir og Framsóknarflokkur, sem höfnuðu því að vera með svo ekkert varð af útsendingunum 2009.

„Er mælt fyrir að Ríkisútvarpið veiti öllum gildum framboðum sjálfstæðan rétt til kynningar á sínum stefnumálum og sá réttur sé ekki háður því að önnur framboð nýti sinn rétt til slíkrar kynningar,“ segir nefnd um fjölmiðlaaðgang. Aðeins fulltrúi Sjálfstæðisflokks er ekki með í umsögninni.

Nefndin segir forsvarsmenn Ríkisútvarpsins andvíga því að starfsfólk þess taki þátt í gerð kynningarefnis framboðanna með vísan til óhlutdrægni og ritstjórnarlegs sjálfstæðis. Hins vegar sé erfiðara fyrir ný eða minna rótgróin framboð að ná góðum gæðum á sínu efni. Því sé eðlilegt að Ríkisútvarpið leggi til

☺ **Ríkisútvarpið veiti öllum gildum framboðum sjálfstæðan rétt til kynningar á sínum stefnumálum og sá réttur sé ekki háður því að önnur framboð nýti sinn rétt.**

Nefnd um aðgang framboða að fjölmiðlum

aðstöðu, tækniþekkingu og tæknivinnu en fari þó ekki á skjön við siðareglur og hlutlægni. Framboðin þurfi hins vegar að bera einhvern kostnað við útsendingarnar án þess þó að hann verði þeim of þung byrði. -gar



KOLGRAFAFIJÖRÐUR Í GÆR Stórtækar vinnuvélar skriðu niður í fjöruna við bæinn Eiði í Kolgrafafirði í gær þegar hafist var handa við að grafa dauða og rotnandi síld sem þar liggur í þúsunda tonna vís. Metið verður dag frá degi hvort átakið skilar tilætluðum árangri. Heimamenn annast verkið en stjórnvöld greiða kostnaðinn. **Sjá síðu 12.** MYND/BJARNI SIGURBJÖRNSSON

Söngvari Hjaltalín á leiksvið: Reynsla Högna er ómetanleg

MENNING Hljómsveitin Hjaltalín er byrjuð að semja og taka upp tónlistina við leikritið Engla alheimsins sem verður frumsýnt í Þjóðleikhúsinu 20. apríl. Söngvarinn Högni Egilsson mun jafnframt taka þátt í sýningunni.

HÖGNI EGILSSON



Þorleifur Arnarson, leikstjóri sýningarinnar, segir reynslu söngvarans ómetanlega, en Högni tjáði sig einmitt um geðhvarfasýki sína í blaðaviðtali í fyrra. „Við tókum þá ákvörðun um að hann yrði hluti af leikhópnum,“ segir Þorleifur en Högni hefur hingað til ekki látið að sér kveða á leiksviði. Ekki hefur verið ákveðið hvaða hlutverki Högni gegnir. fb / sjá síðu 54

Lögbýli á Íslandi eru um 6.500 og hefur fjöldinn verið svipaður síðustu ár:

Flestar jarðir eru í eigu margra

JARÐAMÁL Aðeins tæplega 39 prósent jarða á Íslandi eru í eigu eins einstaklings. Meirihluti þeirra er í eigu tveggja eða fleiri og geta verið meira en 50 eigendur að einni jörð. Ríkið er stærsti einstaki eigandi jarða á Íslandi.

Í tilefni af umræðu um eignarhald á jörðum ákvað Fréttablaðið að kanna hvernig þeim málum væri háttað hér á landi. Sú athugun leiðir í ljós að erfitt getur reynst að finna upplýsingar um jarðir og þarf að leita fanga víða í skrá. Stærðir jarða liggja

sjaldnast á lausu en hægt er að glöggva sig á fjölda þeirra.

Lögbýli á landinu voru 6.449 við síðustu áramót. Ríkið var eigandi að 312 þeirra að fullu og að hluta að tuttugu lögbýlum í viðbót. Opinberir aðilar eiga að fullu 619 af þessum tæplega 6.500 jörðum.

Flest lögbýli eru á Suðurlandi, eða 1.720, en fæst á Suðurnesjum þar sem þau eru átján.

Fjöldi lögbýla hefur haldist nokkuð stöðugur undanfarin ár. Árið 1990 voru þau til að mynda 6.469 talsins. -kóp / sjá síðu 18

619

lögbýli af 6.449 eru að fullu í eigu opinberra aðila. Þar af á ríkið 132.

HOLLAND & BARRETT
Heilsubúð í Smáralind **NÝJAR VÖRUR**
MIKIÐ ÚRVAL • FRÁBÆR GÆÐI • BETRI VERÐ
Sími 534-1414 • www.hollandandbarrett.is • Holland and Barrett Ísland

KOMIN Í KILJU Á ÍSLENSKU!

Fimmtu skuggar frelsis

El James

JPU
JPU ÚTGÁFA
www.forlagid.is
alvöru bókabúð á netinu

♥♥♥
KONUKVÖLD
...í kvöld

Go Red

OPIÐ TIL 21

AF ÖLLU HJARTA

Kringlan

SPURNING DAGSINS



Jón Halldór, eigið þið erfitt með að kyngja þessu?

„Nei, við tökum þetta bara með munnskolinu.“

Borgarstjarsmenn vinna að því hördum höndum þessa dagana að hreinsa tyggj af götum með háþrýstidælum. Jón Halldór Jónasson er upplýsingafulltrúi hjá Reykjavíkurborg.

Átján ára piltur stakk fyrrverandi ástkonu föður síns margsinis með hníf og reyndi að kyrkja hana: Fimm ár fyrir hrottafengið morðtilræði

DÓMSMÁL Átján ára piltur, Dómald Dagur Dómaldsson, var í gær dæmdur í fimm ára fangelsi fyrir hrottafengna og lífshættulega árás á fyrrverandi ástkonu föður síns. Hann var jafnframt dæmdur til að greiða konunni rúmar þrjár milljónir króna í bætur.

Konan bjó í sama húsi og pilturinn og faðir hans en í annarri íbúð. Pilturinn ruddist inn í íbúðina til hennar aðfaranótt 21. apríl í fyrra, vopnaður stórum hnífi.

Hann stakk konuna margsinis

í líkamann, þannig að hnífurinn gekk meðal annars í gegnum þind, kviðarhol og maga. „Ég ætla að drepa þig fyrst og nauðga þér svo,“ sagði hann síðan, áður en hann tók hana kyrkingartaki aftan frá. Konan bjargaði sér með snarræði, tók hnífinn af piltinum og flúði undan honum, en hann elti hana með snjósköflu í hönd þangað til faðir hans yfirbugaði hann. Skurðaðgerð þurfti til að konan biði ekki bana af atlögunni.

Pilturinn kvaðst ekki hafa

Svefnvana og trúir ekki á mannkynið

Árásin hefur haft miklar afleiðingar fyrir konuna, að hennar eigin sögn. „Líf hennar, eins og hún þekkti það, hafi endað þetta kvöld. Hún hafi misst heila fjölskyldu og mikilvægustu manneskjuna í lífi sínu, sem hafi verið faðir ákærða. Hún hafi misst allt traust á mannkynið og persónuleiki hennar sé gjörbreyttur. Hún þekki sjálfa sig ekki lengur og þurfi að taka kvíðastillandi lyf og svefnlyf,“ segir í dómnum. Ástand hennar hafi versnað undanfarið og nú sofi hún lítið sem ekkert.

ætlað að drepa konuna, en dómurinn kemst engu að síður að þeirri niðurstöðu að honum hafi mátt vera ljóst að langlíklegast væri að

árásin, sem sögð er hrottaleg og tilefnislaus, myndi draga konuna til dauða. Hann er því dæmdur fyrir tilraun til manndráps. -sh



FUNDAÐ Björn Zoëga, forstjóri LSH, mætti ásamt sínu fólki.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Hjúkrunarfræðingar hafa daginn til að ákveða sig:

Telur fólk nokkuð sátt við tilboð

KJARAMÁL Nýr stofnanasamningur á Landspítalanum færir hjúkrunarfræðingum á bilinu fimm til 9,6 prósentu launahækkun, en samningurinn var undirritaður á þriðjudag og kynntur á tveimur fundum í gær.

Elsa B. Friðfinnsdóttir, formaður Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga, segir að undirtektirnar á fundunum í gær gefi tilefni til að halda að flestir séu sáttir við það sem liggur á borðinu. „Mér fannst sáttmáli gott hljóð í fólki.“

Elsa segir að í samningnum sé einnig að finna ákvæði um næstu skref í jafnlaunaátakinu og endurmat á röðun í starfaflokka. Sú vinna haldi áfram næstu mánuði.

Hjúkrunarfræðingar hafa tíma til kvölds til að draga uppsagnir sínar til baka, en nokkrir höfðu þegar gert það í gær, að sögn Elsu. „Við vitum á föstudaginn [á morgun] hvernig staðan er í raun.“ -shá

Fimm greindust í fyrra:

Fleiri HIV-smit hjá homnum

HEILBRIGÐISMÁL Fimm samkynhneigðir karlmenn greindust með HIV-veiruna í fyrra. Þetta er sami fjöldi og árið 2010 en árið 2011 greindist einungis einn, samkvæmt nýjustu tölum frá Landlæknisembættinu.

Hommum, sem hafa greinst síðustu ár, hefur fækkað og er það talið aukinni notkun smokka að þakka. Árið 1997 greindust fimm karlar með veiruna en á árunum til 2010 rokkaði fjöldinn frá einum og upp í þrjá.

Lesbíur sem greinast með HIV eru í raun flokkaðar sem gagnkynhneigðar í tölfræði landlæknis, en smitleiðir með kynmökum eru ekki taldar ástæðan hjá þeim eins og hjá samkynhneigðum karlmönnum. -sv

50 milljónir fyrir jörðina:

Ríkið keypti Teigarhorn

NÁTTÚRA Ríkið hefur keypt jörðina Teigarhorn í Djúpa-vogshreppi fyrir um fimmtíu milljónir króna, en jörðin hefur verið til sölu um árabil.

Á jörðinni eru ómetanlegar náttúru- og menningarminjar sem sumar hafa alþjóðlegt verndargildi og er því brýnt að varðveita, segir í svari umhverfis- og auðlindaráðuneytisins til Austurfréttar.

Á Teigarhorni er einn þekktasti fundarstaður geislasteina í heiminum og hluti jarðarinnar er friðlýstur vegna þessa. Jörðin hefur gegnt mikilvægu hlutverki í skráningu veðurfars og þar hafa verið stundaðar athuganir síðan 1881. Verið er að móta hugmyndir um framtíðarskipulag jarðarinnar. -þeb

Segist loka heilli hæð vegna of mikillar sölu

Framkvæmdastjóri ATMO við Laugaveg segist glíma við vöruskort þar sem sala hafi gengið mjög vel. Hún kallar eftir meiri stuðningi frá hinu opinbera og segir einkennilegt að fatahönnun sitji ekki við sama borð og aðrar skapandi greinar.

VIÐSKIPTI „Ef það eru ekki til vörur til að selja neyðist maður til að draga saman seglin,“ segir Ásta Kristjánsdóttir, framkvæmdastjóri verslunarinnar ATMO við Laugaveg, en efri hæð verslunarinnar stendur nú tóm, vegna of mikillar sölu að hennar sögn.



ÁSTA KRISTJÁNSDÓTTIR

„Það gengur ekki að láta stóra hæð í 3.000 fermetra húsi standa hálf tóma,“ segir Ásta. „Þess vegna erum við búin að færa alla tímabundið niður af efri hæðinni.“

Ásta segir forsvarsmenn ATMO ekki hafa gert ráð fyrir svo mikilli sölu strax í upphafi, en búðin hefur verið starfrækt í tæpa þrjá mánuði.

„Fólk er greinilega mjög ánægt með íslenska hönnun og salan er búin að ganga mjög vel, en þetta hangir allt saman. Þetta er hringrás, hönnuður þarf að koma frá sér vöru, framleiða hana og svo skila henni til okkar. Ef eitthvað stoppar í þessari hringrás þá erum við alveg stöpp, því við reidum okkur eingöngu á íslenska hönnuði og íslenskar vörur,“ segir Ásta.

Vandamálið að hennar mati er að íslenskir hönnuðir eigi oft í mjög miklum vandræðum með framleiðslu. Hún kallar þess vegna eftir meiri stuðningi frá hinu opinbera og telur einkennilegt að hönnuðir þurfi að borga fullan virðisaukaskatt þegar aðrar skapandi greinar borga minna. „Það er mjög erfitt að koma á fót nýjum vörumerkjum í núverandi umhverfi. Ef ríkið myndi styðja okkur betur gætum við verið samkeppnishæfari við erlendar vörur, en



MIKIL SALA Verslunin Atmo hefur verið starfrækt í tæpa þrjá mánuði og hefur salan farið gríðarlega vel af stað.

allir þessir skattar og innflutningsgjöld gera okkur erfitt fyrir,“ segir Ásta.

Reksturinn á ATMO mun halda áfram í smækkaðri mynd. Starfsfólki hefur fækkað nokkuð en kjarninn af upprunalega starfsfólkinu er enn til staðar. Ásta segist heilt yfir mjög ánægð með verkefnið, enda hafi yfir 30.000 manns lagt leið sína í verslunina.

„Við stefnum á að færa okkur aftur upp á efri hæðina, en þá myndi stuðningur frá hinu opinbera hjálpa mikið. Það þarf að gera mikið fyrir þessa grein hérna heima svo hún geti vaxið og dafnað líkt og í nágrannalöndum okkar,“ segir Ásta.

Þá segist hún horfa björtum augum til framtíðar og sér fram á að fá inn nýjar vörur í mars eða apríl. -jhg

„Það þarf að gera mikið fyrir þessa grein hérna heima svo hún geti vaxið og dafnað líkt og í nágrannalöndum okkar.“

Ásta Kristjánsdóttir framkvæmdastjóri verslunarinnar ATMO

Rannsóknarnefndir um Íbúðalánasjóð og sparisjóðina eru enn að störfum:

Skýrsluskilin frestast enn lengur

ALÞINGI Rannsóknarnefnd Alþingis um starfsemi Íbúðalánasjóðs mun ekki skila skýrslu sinni nú um miðjan febrúar eins og stefnt var að. Þetta staðfestir formaður nefndarinnar, Sigurður Hallur Stefánsson, við Fréttablaðið.

Rannsóknarnefndin fundaði með forsætisnefnd þingsins í byrjun desember og þar kom fram að stefnt væri að skilum um miðjan febrúar.

„Skýrslan er ekki hér til afhendingar,“ segir Sigurður núna. Það verði hún ekki heldur á næstu dögum. Hann segist ekki geta fullyrt hvenær vinnunni ljúki og vilji ekki tjá sig frekar um málið að svo stöddu.

Rannsóknarnefndin um Íbúðalánasjóð og önnur um sparisjóðakerfið voru skipaðar haustið 2011, sú fyrri nefnd í byrjun september og sú síðarnefnda í ágústlok. Íbúðalánasjóðsnefndin átti upphaflega að skila skýrslu sinni til Alþingis sex mánuðum eftir skipun, eða í byrjun mars í fyrra, og sparisjóðarnefndin átti að skila af sér 1. júní í fyrra. Það hefur síðan frestast ítrekað.

Hjá Hrannari Má S. Hafberg, formanni sparisjóðarnefndarinnar, var fát um svör í gær þegar spurt var



RANNSÓKNARNEFNDIR Alþingi skipaði nefndir um íbúðalánasjóð og sparisjóðakerfið haustið 2011. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

um gang vinnunnar. Hann kveðst vilja upplýsa þingið um stöðuna fyrst.

Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir þingforseti segir nefndirnar munu gera forsætisnefnd grein fyrir stöðu rannsóknanna á fundi á mánudaginn kemur. -sh

STIEGGJAN

2013

GRJÓTHARÐIR VERKFAERA DAGAR!

Sleggju
tilboð!

Slípirokkur
Verð áður 15.995 kr.
12.995 kr.

G13SN
840W, 125mm, 1.6kg.
10.000 sn/min
5247395



Rafhlöðuborvél
29.395 kr.

DS18DSFL
18V Li-ion, 2 rafhlöður 1.5 Ah.
54 Nm, hleðslutími 40 mín.
5247034

Handsög
899 kr.

FINA 22"
5001639

LÆGSTA
LÁGA
VERÐ

Sleggju
tilboð!

Höggborvél
Verð áður 13.695 kr.
9.995 kr.

Black&Decker CD714(CRET2A)
710W, 40 fylgihlutir.
5246053



Ryksuga
7.595 kr.

Power Plus
1200W, 20 ltr.
Blautt og þurr
5247007

LÆGSTA
LÁGA
VERÐ

Borvél og hersluvél
55.995 kr.

10.8V. 2 stk. Li-Ion rafhlöður.
1.3 Ah, hleðslutími 40 mín.
Mjúk taska.
5159007



Topplyklasett
2.995 kr.

1/4" toppar og bitar
33 stk. 5052550

LÆGSTA
LÁGA
VERÐ

Búkki
3.499 kr.

Stillanlegur
81-130 cm.
Burðarþol 200 kg.
5079913

LÆGSTA
LÁGA
VERÐ

Taktu
þátt!

Sleggjuleikurinn!

Komdu með þennan sedil í næstu verslun og þú getur unnið grjóthart verkfæri! Dregið út í öllum verslunum Húsasmiðjunnar.

Nafn: _____

Kt.: _____

Sími: _____

Netfang: _____

Já takk, ég vil vera í Kjaraklúbbnum og fá afslátt af þúsundum vara í Húsasmiðjunni og Blómavali.



HÚSASMÍÐJAN

Skoðaðu blaðið á husa.is. Allt um verkfærin og leikinn!

GENGIÐ
13.02.2013

	Bandaríkjadalur	127,45	128,05
	Sterlingspund	198,62	199,58
	Evra	171,83	172,79
	Dönsk króna	23,025	23,159
	Norsk króna	23,297	23,435
	Sænsk króna	20,243	20,361
	Japanskt jen	1,3628	1,3708
	SDR	195,26	196,42

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
233,376

Bandaríkjaforseti lagði áherslu á efnahagsmál í fyrstu stefnuræðu seinna kjörtímabils:

Obama býður repúblikönnum samvinnu

BANDARÍKIN, AP Barack Obama Bandaríkjaforseti boðar aðgerðir í mörgum umdeildum málum, svo sem innflytjendamálum, skattamálum, skotvopnamálum og loftslagsmálum. Þar bauð hann andstæðingum sínum í Repúblikanaflokknum byrginn, en bauð jafnframt upp á möguleika til samvinnu.

Mesta áherslu lagði hann þó á efnahagsmálin, aukinn hagvöxt og minni fjárlagahalla, án þess þó að það bitnaði á þeim sem höllum fæti standa.

„Við getum ekki beðið eldri borgara og verkafólk að taka á sig alla byrðina sem fylgir því að draga úr fjárlagahalla

en krefjast jafnframt einskis af hinum auðugustu og valdamestu,“ sagði Obama í stefnuræðu sinni, sem hann flutti seint á þriðjudagskvöld. Þetta er fyrsta stefnuræða hans á seinna kjörtímabilinu.

Ófugt við það sem algengt er að forsetar Bandaríkjanna geri í fyrstu stefnuræðu seinna kjörtímabils síns hafði Obama sáralítið að segja um utanríkismál að þessu sinni.

Hann kynnti þó áform um að kalla riflega helming bandaríska herliðsins í Afganistan heim innan árs. Hamid Karzai, forseti Afganistans, fagnaði þessu í gær.



BARACK OBAMA Hafði fát að segja um utanríkismál í stefnuræðu sinni. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

LANDIÐ



Landsnet reynir við heimsmetið

1 VESTMANNAEYJAR Skrifað hefur verið undir samning um lagningu nýs stærings úr Landeyjahöfn til Vestmannaeyja. Landsnet segir heimsmet verða slegið náist að leggja nýjan streng næsta sumar. Komið hafi fram í viðræðum Landsnets, verktakans og svissneska strengjaframleiðandans ABB að aldrei hafi þá skemmri tími liðið frá upphafi undirbúnings til loka framkvæmda. „Með undirritun samnings við ABB, hefur Landsnet tryggt sér pláss í framleiðslulínu ABB á vormánuðum 2013 og líkur á því að heimsmet verði slegið stórauðnar,“ segir á vef Landsnets.

Árborg bannar munntóbakslíki

2 ÁRBORG Notkun á sænska munntóbakslíkinu Kickup hefur verið bönnuð í grunnskólum, félagsmiðstöðvum og íþróttahúsum sveitarfélagsins Árborgar. Í kynningu á málinu til foreldra kemur fram að vörinni svipi til hefðbundins munntóbaks og telja starfsmenn sveitarfélagsins að notkun hennar kunni að ýta undir tóbaksnotkun síðar meir. Þá sé dæmi um að nemandi hafi blandað venjulegu tóbaki við vöruna. Sömuleiðis er sagt erfitt fyrir starfsfólk sem vinnur með börnum að greina hvort um tóbak sé að ræða eða ekki.



60 fermetrum bætt á áætlun

3 ÍSAFIJÖRÐUR Nýtt hjúkrunarheimili á Ísafirði verður um 60 fermetrum stærra en fyrstu áætlanir gerðu ráð fyrir. Byggja á tengibyggingu við Heilbrigðisstofnun Vestfjarða og stækka sal í miðrymi. Frá þessu segir á vef Bæjarins besta. Þar segir að heildarstærð nýbyggingarinnar verði alls 2.310 fermetrar, en velferðarráðuneytið mun þó einungis leigja þá 2.250 fermetra sem það samþykkti. Mun ráðuneytið, að sögn Bæjarins besta, greiða tæpar sex milljónir á mánuði fyrir aðstöðuna. Byggingarkostnaður er áætlaður fimmtán til átján milljónir og munu þar verða þrjátíu rými.

Kaup á formúluliði til sérstaks saksóknara

Slitastjórn Glitnis telur að bankaábyrgð upp á fjóra milljarða sem veitt var vegna kaupa á Formúlu 1-liðinu Williams 2008 sé umboðssvik. Málinu var vísað til sérstaks saksóknara í janúar. Williams gerði kröfu í bú Glitnis vegna ábyrgðarinnar.

LÖGREGLUMÁL Slitastjórn Glitnis kærði í janúar veitingu fjögurra milljarða króna bankaábyrgðar vegna kaupa á Williams Formúlu 1-liðinu sumarið 2008 til sérstaks saksóknara vegna rökstudds gruns um umboðssvik. Engir einstaklingar eru sérstaklega kærðir heldur er þess óskað að embættið rannsaki málið í heild.

Málið snýst um að Jón Ásgeir Jóhannesson, þá forstjóri Baugs og einn aðaleigenda Glitnis, gerði samkomulag um að bresk félag í eigu Baugs gerðust styrktaraðilar Williamsliðsins í desember 2007. Í janúar 2008 gerði hann síðan samning, í nafni dótturfélags Baugs að nafni Sports Investments, um að kaupa stóran hlut í Williams-liðinu. Jón Ásgeir gekk í persónulegar ábyrgðir fyrir þessum kaupum. Þegar liðið tók á árið 2008 kom í ljós að bæði kaup- og styrktarsamningarnir voru vanefndir. Var þá ráðist í að gera breytingarsamninga vegna beggja samninganna og hluturinn sem átti að kaupa í Williams þar festur sem tíu prósent.

Í ágúst 2008 kynnti Lárus Welding, þá forstjóri Glitnis, fyrir áhættunefnd bankans að Sports Investments væri að leita að 20 milljóna punda, fjögurra milljarða króna, bankaábyrgð til að kaupa hlut í og gera styrktarsamninga við Williams-liðið. Sports Investments var á þessum tíma eignalaust félag.

Kynningin fyrir áhættunefndinni var þó til málamynda þar sem Lárus Welding og Magnús Arnar Arngrímsson, þá framkvæmda-

Tilboð frá Dubai lagt til grundvallar

Samhliða ábyrgðarbeiðninni sem lagð var fyrir áhættunefnd Glitnis var lagt fram minnisblað frá Bjarna Jóhannessyni, viðskiptastjóra Baugs hjá bankanum, þar sem hann lýsir málavöxtum. Í minnisblaðinu segir meðal annars að unnið sé að sölu á Williams-liðinu í heild og að óskuldbindandi tilboð hafi borist upp á 250 milljónir punda, um 50 milljarða króna, frá aðilum frá Dubai. Ekki voru nánari upplýsingar um hverjir það voru í minnisblaðinu. Samkvæmt þessu tilboði átti tíu prósent eignarhluturinn í Williams-liðinu að vera 25 milljóna punda, um fimm milljarða króna, virði, eða mun meira en ábyrgðin sem veitt var. Aðilarnir frá Dubai keyptu aldrei hlutinn.

4 milljarða króna bankaábyrgð var veitt af Íslandsbanka vegna kaupa á Formúlu 1-liðinu Williams.

thorur@frettabladid.is



„ROKK“ OG RIGNING VIÐ ÞEKKJUM TILFINNINGUNA

CINTAMANI
WWW.CINTAMANI.IS

Veðurspá Gildistími korta er um hádegi

NORÐLÆGAR áttir ríkjandi næstu daga en á laugardag lítur út fyrir austanátt og þykkar upp við suðurströndina. Yfirleitt bjart og fallett veður um sunnan og vestanvert landið.

Alicante 17°	Billund 1°	Gautaborg 1°	London 10°	Orlando 23°	San Francisco 18°
Basel 3°	Frankfurt 1°	Kaupmannahöfn 1°	Mallorca 18°	Ósló -2°	Stokkhólmur 1°
Berlín 2°	Friedrichshafen 1°	Las Palmas 21°	New York 6°	París 8°	

Á morgun 3-8 m/s.

Laugardagur Vaxandi austanátt.

Elísabet Margeirsdóttir veðurfréttamaður



KONUKVÖLD

Í kvöld, fimmtudaginn 14.febrúar

Hjartanlega velkomin á GoRed
konukvöld í Kringlunni.

Í boði verður frábær skemmtidagskrá, veitingar
og fullt af flottum tilboðum í verslunum í tilefni dagsins.

Dagskrá hefst kl. **19.30**:

*Kynnir kvöldsins er
Sólveig Arnarsdóttir
leikkona*

- ♥ Zumba fjör
- ♥ Meðlimir úr Heimilistónum flytja tónlist
- ♥ Danssýning
- ♥ Tískusýning þar sem þjóðþekktir einstaklingar koma fram
- ♥ Jón Jónsson



Konur, fjölmönnum í Kringluna,
mætum í rauðu og sýnum
málefningu stuðning.

Fræðumst í leiðinni um mikilvægi forvarna
gegn hjartasjúkdómum.



HJARTAVERNND



AF ÖLLU HJARTA

Kringlan



OPIÐ TIL 21 Í KVÖLD

25 ♥ ÁRA

VEISTU SVARID?



1. Hverju leitar nú Matvælastofnunin að í íslensku nautahakki?
2. Hvað gera starfsmenn Véladeildar Reykjavíkurborgar meðan ekki snjóar?
3. Hvað vill Straumur fjárfestingabanki borga mikið fyrir Orkuveituhúsið?

SVÖRIN
1. Hrossakjöt. 2. Hreinsa tveggjöklessur af götum. 3. Fimm koma einn milljarð króna.

Sjálfstæðismenn gagnrýna viðskipti í kringum höfuðstöðvar Orkuveitunnar:

Telja söluna vera dýra lántöku

STJÓRNMÁL „Að ýmsu leyti hefur fyrirliggjandi sölusamningur yfirbragð lánsamnings til 10-20 ára og í því ljósi má segja að Orkuveitan sé í raun að taka dýrt lán,“ bókuðu sjálfstæðismenn í borgarstjórn þegar þar var samþykkt sala Orkuveitunnar á byggingum á Bæjarhálsi og Réttarhálsi.

Orkuveitan selur Straumi fasteignirnar fyrir 5,1 milljarð króna og skuldbindur sig um leið til að taka þær á leigu. „Það má ef til vill líta svo á að sá gerningur að

„selja“ húsið og leigja það aftur sé neyðarúrræði þar sem eignasöluhluti aðgerðaáætlunar OR hefur ekki gengið eftir,“ segir Kjartan Magnússon, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokks. „Líti menn svo á að um lánasamning sé að ræða, er um afar dýrt lán að ræða á mun verri kjörum en bæði OR og Reykjavíkurborg njóta.“

Í bókun sinni sögðust sjálfstæðismenn hlynntir því að húsnæðið yrði selt en vilja að starfsemin flytji í ódýrara húsnæði. -gar



HÖFUÐSTÖÐVAR OR Kostuðu 9,8 milljarða króna en seldar á 5,1 milljarð. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Lögreglan í Danmörku: Óttast uppgang glæpagengis

DANMÖRK Lögreglan í Kaupmannahöfn fylgist nú náið með nýstofnuðum glæpasamtökum sem hafa látið til sín taka að undanförunu. Meðal annars tengjast þau hnífaárás í upphafi viku.

Fram kemur á vef BT að meðlimir kalla klíkuna „Loyal to familia“, eða LTF, en hún telur nú á sjötta tug manna. Lögregla forðast að ræða mikið um klíkuna, þar sem hún vill ekki ljá henni vægi eða opinbera hve mikið lögreglan veit um starfsemina. -þj

Aðalfundi Hestamannafélagsins Kjóavöllum frestað

Aðalfundi Hestamannafélagsins Kjóavöllum sem átti að vera kl 20:00 fimmtudaginn 14. febrúar 2013 er hér með frestað til kl 20:00 þriðjudaginn 19. febrúar 2013.

Staðsetning og dagskrá er óbreytt frá því sem áður var auglýst.

Stjórn Hestamannafélagsins Kjóavöllum.

NÝ VEFVERSLUN

EVA TRIO • FISSLER
JAMIE OLIVER • ROASTER
TRISTAR • BEKA • SWAN
GRUNWEG • MUST • TEFAL
NORPRO • SCHOU

15-50% afsláttur af ÖLLUM pottum og pönnum

Nýtt kortatímabil

byggto og búid
568 9400 byggto og buid.is | Kringlunni

LÁTTU HART MÆTA HÖRÐU

NÚ ERU HJÁLMAÐAGAR Í ÚTILÍF, 20% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM SKÍÐA- OG BRETTAHJÁLUM.

Úrvalið er í útilíf

ÚTILÍF



LÖGREGLAN Í LOS ANGELES Yfirmenn á leið til blaðamannafundar.

NORDICPHOTOS/AFP

Brann í bústað eftir harðan skotbardaga

Tíu daga leit lögreglumanna í Los Angeles að Christopher Dorner, fyrrverandi starfsfélagi þeirra, lauk við fjallabústað í San Bernardino-fjöllum. Grunur hefur vaknað um að lögreglan hafi vísitandi reynt að brenna Dorner inni.

BANDARÍKIN, AP Christopher Dorner brann inni í fjallabústað eftir skotbardaga við lögreglu, tíu dögum eftir að hann framdi fyrstu morðin.

Lögreglan hafði leitað hans á þessum slóðum síðan á fimmtudag, þegar bifreið hans fannst brunnin og yfirgefin á bílastæði í San Bernardino-fjöllum, skammt utan við Los Angeles.

Á mánudag komst lögreglan svo á sporið þegar Dorner stal bifreið. Eftir eltingarleik og árekstur þar sem skipst var á skotum komst Dorner undan á hlaupum.

Nokkru síðar umkringdi lögregla fjallabústað, þar sem hann hafði komið sér fyrir. Enn kom til skotbardaga, sem kostaði einn lögreglumann lífið en annar særðist illa. Á endanum kviknaði í bústaðnum, sem var orðinn mettaður af táragsi. Þegar eldurinn var að mestu kulnaður fannst í bústaðnum brunnir lík.

Í fjölmiðlum vestan hafs og austan hefur vaknað grunur um að lögreglan hafi vísitandi kveikt í bústaðnum með því að nota mikið af táragsi, sem vitað er að kviknað getur í. Birtar hafa verið orðréttar tilvitnanir í samtöl lögreglumanna, þar sem talað er um að „brenna kvikindið“.

Yfirlýsing Dorners á netinu

Í margra blaðsíðna yfirlýsingu á Facebook-síðu sinni rekur Christopher Dorner ástæður þess að hann sagði lögreglunni í Los Angeles stríð á hendur. Hann segir að sér hafi verið ranglega sagt upp eftir að hann sakaði félagi sinn um ofbeldi við handtöku. Hann segir uppsögnina stafa af kynþáttahatri félagi sinna í lögreglunni.

Hann hótar fyrrverandi félögum sínum og fjölskyldum þeirra og boðar mikið blóðbað til að vekja athygli á þessu ranglæti. Einnig lýsir hann í löngu máli skoðunum sínum og afstöðu til ýmissa dægurmála, gefur leikurum og tónlistarfólki einkunnir og ávarpar ýmsa ættingja sína og vini.

Þá lýsir hann þunglyndi, sem hann hefur átt við að stríða frá því honum var sagt upp.

„Ef mögulegt er, þá vil ég að heili minn verði varðveittur í vísinda- og rannsóknarskyni, til að rannsaka áhrif alvarlegs þunglyndis á heila einstaklings,“ segir meðal annars í yfirlýsingu sinni. „Það er hálf dapurlegt að ég verð ekki á lífi til að horfa á og njóta Hangover III. Aldeilis frábær príleikur það,“ segir einnig.

Í margra blaðsíðna yfirlýsingu, sem Dorner hafði birt á Facebook-síðu sinni, sagðist hann búast við því að deyja í lokaátökum við lögregluna.

Hann lýsti þar yfir stríði gegn lögreglunni í Los Angeles og hótaði að drepa fjölda fólks til að vekja athygli á málstað sínum. Hann var ósáttur við að hafa verið vikið úr starfi árið 2009, stuttu eftir að hann sakaði starfsfélagi sinn um að hafa beitt ofbeldi við handtöku.

Í yfirlýsingu sinni sakar hann lögregluna í Los Angeles um kynþátta-

fordóma og fullyrti að ekkert hefði breyst síðan hópur lögreglumanna misþyrmdi blökkumanninum Rodney King árið 1991, en sjálfur var Dorner dökkur á hörund.

Alls hefur tíu daga hefndarherferð Dorners kostað fjögur líf, auk þess sem nokkrir hafa særst illa. Hann náði því fram að lögreglan í Los Angeles ákvað að hefja nýja rannsókn á tildrögum þess að honum var sagt upp á sínum tíma. Óvist er þó hvað kemur út úr þeirri rannsókn.

gudsteinn@frettabladid.is

ATBURÐARÁSIN

SUNNUDAGUR Aðstoðarþjálfari í körfubolta kvenna og kærasti hennar finnst myrt í bifreið sinni í bænum Irvine í Kaliforníu. Konan var dóttir yfirmanns í lögreglunni í Los Angeles.

FÖSTUDAGUR Tugir manna leita að Dorner í vetrarkulda í San Bernardino-fjöllum. Einnig er gerð leit í húsi móður Dorners í La Palma og í geymslugámi í Buena Park.

MÁNUDAGUR Dorner stelar bifreið í San Bernardino-fjöllum. Eftir skotbardaga og árekstur kemst hann undan á hlaupum.

3. febrúar 4. febrúar 6. febrúar 7. febrúar 8. febrúar 9. febrúar 10. febrúar 11. febrúar 12. febrúar

FIMMTUDAGUR Lögreglumenn í Los Angeles elta bifreið Dorners. Til skotbardaga kemur, byssumaðurinn flýr en stuttu síðar ræðst hann á tvo lögreglumenn, annar deyr en hinn er lífshættulega særður. Síðar finnst bifreið Dorners, brunnin og yfirgefin, í San Bernardino-fjöllum. Í bifreiðinni fundust vopn og útilegubúnaður.

SUNNUDAGUR Lögreglan setur milljón dali til höfuðs Dorner.

ÞRIÐJUDAGUR Dorner skiptist á skotum við lögreglu sem nokkru síðar umkringir fjallabústað. Þar kemur enn til skotbardaga. Einn lögreglumaður lét lífið og annar særðist. Bústaðurinn brennur.

Elizabeth Arden Green Tea



20% afsláttur af allri Elizabeth Arden línunni
dagana 14.-21. febrúar í næstu Hagkaupsverslun.

8 HOUR - Átta stunda kremið frá Elizabeth Arden er sannkallað kraftaverkakrem. Það er frábært á exem, frunsur, þurrkubletti og kuldabletti. Það verndar húðina einstaklega vel gegn áhrifum óblíðra náttúruafla. Algjört óskakrem fyrir útivistarfólk.

CERAMID kremin styrkja og næra húðina og gefa henni aukið "boost". Kröftug og áhrifarík meðferð fyrir andlit og háls.

GREEN TEA - Þessi vinsæla baðlína er nú bæði fánleg í 250 ml og 500 ml.



Fallegur kaupauki*
ef keyptar eru tvær vörur frá Elizabeth Arden.

Kaupaukinn inniheldur:

- Fallega snyrtibuddu
- 8 Hour Handáburð, 30 ml
- 8 Hour Andlitskrem, 15 ml
- 8 Hour Kremið, 15 ml

*Gildir ekki með öðrum tilboðum
Gildir til 21. febrúar á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

MINNA ELDSNEYTI NÝIR SPARNEYTNIR BÍLAR

B|L



FER 1.428 KM
Á EINUM TANKI
M.v. blandaðan akstur



RENAULT MEGANE II SPORT TOURER
1.5 dísil, sjálfskiptur. Verð 3.890 þús. kr.

Eyðsla: **4,2 l/100 km***

VINSÆLASTI
SPORTJEPPINN
Samkv. Umferðarstofu 2012



NISSAN QASHQAI – 4x4
Dísil, beinskíptur. Verð 5.090 þús. kr.

Eyðsla: **4,6 l/100 km***

SKYNSAMLEG
KAUP
Hrikalega gott verð



DACIA DUSTER – 4x4
Dísil, beinskíptur. Verð 4.090 þús. kr.

Eyðsla: **5,1 l/100 km***

SPARNEYTINN
SUBARU
Ný vél, aukinn bensinsparnaður



SUBARU XV – 4x4
Bensín, sjálfskiptur. Verð 5.590 þús. kr.

Eyðsla: **6,6 l/100 km***

Bílahúsið / Reykjanesbæ / 421 8808 – Bílasalan Bíllás / Akranesi / 431 2622 – Bílasala
Akureyrar / Akureyri / 461 2533 – Bílaverkstæði Austurlands / Egilsstöðum / 470 5070

BL Sævarhöfða 2 110 Reykjavík 525 8000



VIÐRÆÐUR UM KAUP Á ÍSLANDSBANKA



VERÐMÆT EIGN Steinunn Guðbjartsdóttir, formaður slitastjórnar Glitnis, staðfestir að áhugi sé á bankanum og að vilji sé til þess að selja hann. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

117 milljarðar króna er bókfært virði dótturfélaga Glitnis. Íslandsbanki er langstærst þeirra.

140 milljarðar króna er innra virði alls hlutafés Íslandsbanka.

133 milljarðar króna er innra virði 95 prósentu hlutar Glitnis í bankanum.

Sjóðirnir vilja kaupa báða einkabankana

Preifingar eru hafnar á milli Framtakssjóðs Íslands, lífeyrissjóða og aðila tengdra MP banka og slitastjórnar Glitnis um kaup á Íslandsbanka. Hluti bjóðenda horfir einnig til Arion banka. Þeir vilja fá að kaupa fyrir brot af innra virði bankanna.

Póður Snær
Júlíusson
thordur@frettabladid.is



Kröfuhafar sjá leið út

Kröfuhafar Glitnis, sem að stórum hluta hafa keypt kröfur þeirra eftir fall bankans, hafa líka hagsmuni af því að selja Íslandsbanka. Um helmingur þeirra eru vogunarsjóðir, að mestu bandarískir, sem keyptu kröfur ódyrt og vilja komast út úr íslensku hagkerfi sem fyrst með eins mikinn hagnað og þeir geta.

Ljóst er á afstöðu Seðlabanka Íslands og stjórnvalda gagnvart þeim að ekki stendur til að samþykka nauðasamninga sem gera þeim það kleift á næstunni. Auk þess er ljóst að vilji margra, til dæmis forsvarsmanna Framsóknarflokksins, stendur til þess að þjóðnýta hluta af hagnaði þeirra. Því lengur sem kröfuhafarnir halda á íslenskum banka því meiri verða líkurnar á því að gripið verði til óhefðbundinna aðgerða gegn þeim.

Auk þess horfa kröfuhafarnir til þess að lífeyrissjóðir landsins eiga miklar erlendar eignir. Þegar þrotabú bankanna samþykktu að gera upp gjaldmiðlasamninga við lífeyrissjóðina fyrir skemmstu var liðkað fyrir þeirri samningsgerð eftir fjögurra ára þræfli með því að sjóðirnir borguðu hluta uppgjorsins með erlendum eignum sínum. Þeir gætu verið tilbúnir að gefa afslátt á verðinu sem þeir vilja fá fyrir bankana ef hluti kaupverðsins verður greiddur með erlendum eignum lífeyrissjóðanna.

sem Glitnir á. Það hefur því legið lengi fyrir að Íslandsbanki er til sölu.“ Spurð um hvort þrotabú Glitnis vonist til að sala Íslandsbanka liðki fyrir því að Seðlabanki Íslands samþykki undanþágu frá gjaldeyrishöftum fyrir nauðasamninga Glitnis segist Steinunn ekki hafa neina skoðun á því. „Það sem er mikilvægast er að það komi traustir framtíðar-eigendur að Íslandsbanka.“

Forsvarsmenn MP Banka vildu ekkert tjá sig um málið þegar leitað var upplýsinga um viðræðurnar í gær. Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins er bankinn þó viðriðinn þær sem ráðgjafi. Auk þess er vilji innan eigendahóps MP banka að koma að kaupnum ef af þeim verður. Skúli Mogensen, stærsti eigandi MP banka, er þar sérstaklega nefndur.

Líklegt er að aðrir stórir fjárfestar, á borð við tryggingafélag eða eignastýringarsjóði annarra banka, myndu einnig koma að bankakaupunum ef af þeim verður, enda um mjög stóra fjárfestingu að ræða.

Hafa líka áhuga á Arion

Heimildir Fréttablaðsins herma að FSÍ, og stærstu lífeyrissjóðir landsins, hafi í töluverðan tíma verið að vinna að þeim möguleika að kaupa Íslandsbanka og Arion banka. Spilar margt þar inn í. Í fyrsta lagi er mikill skortur á arðvænlegum fjárfestingatækifærum á Íslandi. Gjalddeyrishöft gera það síðan að verum að sjóðirnir mega ekki fjárfesta erlendis. Þeir hafa því yfir miklum fjármunum að ráða sem erfitt er að ávaxta. Bankar væru því kjörin fjárfesting að þeirra mati.

Í öðru lagi hafa lífeyrissjóðirnir verið óánægðir með hvernig íslensku bankarnir hafa losað um eignarhald á þeim fyrirtækjum sem þeir hafa tekið yfir. Þeim hefur fundist þeir hafa verið að selja þau of mikið til eigin viðskiptavina og með því stækka það kerfislega vandamál sem ríkir innan íslensks viðskiptalífs.

Í þriðja lagi sjá þeir tækifæri til að nýta bankana til að koma íslensku atvinnulífi almennilega í gang og þar af leiðandi fjölga fjárfestingakostum sínum.

VÉLSLEÐADAGAR Í ELLINGSEN

NÚ ER TÆKIFÆRIÐ TIL AÐ ENDURNÝJA SLEÐANNI!



NOTAÐIR
SLEÐAR Á
SÉRSTÖKU
TILBOÐI

30%
AFSLÁTTUR AF
SCOTT-VÖRUM

SÉRKJÖR Á NÝJUM SKI-DOO VÉLSLEÐUM, ÁRGERÐ 2012



SKI-DOO Summit 146

2012 árgerð

Vél:	Rotax E-Tec 800R	Startkerfi:	Valm.
Bensintankur:	40 l	Oliutankur:	3,7 l
Kælikerfi:	Vatnskæling	Breidd beltis:	406 mm
Hestöfl:	163,9	Þyngd:	206 kg

TILBOÐSVERÐ 2.590.000 KR. STAÐGREITT
NÝVIRÐI SAMBÆRILEGS SLEÐA 3.155.000 KR.



SKI-DOO Summit 154

2012 árgerð

Vél:	Rotax E-Tec 800R	Startkerfi:	Handstart
Bensintankur:	40 l	Oliutankur:	3,7 l
Kælikerfi:	Vatnskæling	Breidd beltis:	406 mm
Hestöfl:	163,9	Þyngd:	208 kg

TILBOÐSVERÐ 2.590.000 KR. STAÐGREITT
NÝVIRÐI SAMBÆRILEGS SLEÐA 3.155.000 KR.

VEGLEGUR
AUKAPAKKI
FYLGR TILBOÐS-
SLEÐUM

AUKAPAKKINN INNIHELDUR:

12L bensínbrúsi LinQ	1 stk.
Taska á Tunnel XP	1 stk.
Hlíffóarpanna XP	1 stk.
Ísklóur í búkka	1 sett
Handahlífar	1 sett
Festingar f. handahlífar	1 sett

PRUFUAKSTUR Á SKÍÐASVÆÐI FRAM Í BLÁFJÖLLUM Á LAUGARDAGINN KL. 11-15.
SLEÐASKÓLI LEXA VERÐUR Á STAÐNUM OG GEFUR GÓÐ RÁÐ VARÐANDI AKSTUR.

Leitaðu ráða hjá okkur. Hjá Ellingsen starfa sérfræðingar í öllum deildum. Við veitum faglega og vandaða ráðgjöf og finnum réttu vörunar sem uppfylla þínar þarfir. Við seljum eingöngu þrautreyndar hágæðavörur sem henta fyrir íslenskar aðstæður.

REYKJAVÍK • Fiskislóð 1 • Sími 580 8500 • mánud.-föstud. 10-18 • laugard. 10-16
AKUREYRI • Tryggvabraut 1-3 • Sími 460 3630 • mánud.-föstud. 8-18 • laugard. 10-16 • ellingsen.is



FRÁBÆR TILBOÐ!

Gerðu mögnuð kaup!

Allt að 80% lánamöguleikar

Frábært úrval af nýlegum, lítið eknum bílum á frábæru verði!



TOYOTA LAND CRUISER 150
Nýskr. 12/10, ekinn 30 þús. km.
dísil, sjálfskiptur.
Verð áður kr. 7.990.000

TILBOÐSVERÐ! 6.990 þús.



SUZUKI SWIFT 4WD
Nýskr. 05/11, ekinn 44 þús km.
bensín, beinskíptur.
Verð áður kr. 2.280.000
TILBOÐ kr. 1.890 þús.



NISSAN X-TRAIL SE
Nýskr. 06/08 ekinn 107 þús km.
dísil, sjálfskiptur.
Verð áður kr. 3.340.000
TILBOÐ kr. 2.690 þús.



HONDA ACCORD ELEGANCE
Nýskr. 03/10, ekinn 48 þús km.
bensín, sjálfskiptur.
Verð áður kr. 3.680.000
TILBOÐ kr. 2.990 þús.



NISSAN PATHFINDER SE
Nýskr. 06/08, ekinn 94 þús km.
dísil, sjálfskiptur.
Verð áður kr. 4.980.000
TILBOÐ kr. 4.280 þús.



HYUNDAI i10
Nýskr. 02/10, ekinn 36 þús km.
bensín, beinskíptur.
Verð áður kr. 1.390.000
TILBOÐ kr. 1.190 þús.



RENAULT MEGANE BERLINE
Nýskr. 12/09, ekinn 60 þús km.
dísil, beinskíptur.
Verð áður kr. 1.780.000
TILBOÐ kr. 1.390 þús.

bilaland

Kletthálsi 11 og Breiðhöfða -110 Reykjavík
Sími 525 8000 - bilaland@bilaland.is
www.bilaland.is



www.facebook.com/bilaland.is

VARÚÐARREGLAN – EIN MEGINREGLA UMHVERFISRÉTTAR



ST. PÉTURSBORG 2005 Skýrslan sýnir svo að ekki verður um villst að menn ættu að flýta sér hægt þegar ný tækni kemur fram.
NORDICPHOTOS/AFF

Menn ættu alltaf að hlusta á varúðarorð

Ekki er vænlegt til árangurs að skella skollaeyrum við varnaðarorðum við þróun nýrrar tækni. Í flestum tilfellum reynist gagnrýni eiga rétt á sér, sýnir nú skýrsla Umhverfisstofnunar Evrópu. Varúðarreglan, ein af meginreglum umhverfisaréttar, verður að óbreyttu fest í sessi með nýjum náttúruverndarlögum.

Svavar
Hávarðsson

svavar@frettabladid.is



Ný skýrsla Umhverfisstofnunar Evrópu (EEA) tekur af allan vafa um að betra sé að flýta sér hægt þegar ný tækni er innleidd. Í 84 af 88 tilfellum sem rannsökuð voru, þar sem varað var við skaðlegum áhrifum á heilsu eða umhverfi, reyndust gagnrýnendur hafa haft rétt fyrir sér. Þessar niðurstöður eru taldar eiga sérstaklega vel við í dag, þegar tæknibyltingar eru tíðari en nokkru sinni fyrr.

Varúðarreglan

Í forgrunni þessarar skýrslu er svokölluð varúðarregla; ein af meginreglum umhverfisaréttar. Varúðarreglan verður tekin upp hér á landi, samkvæmt frumvarpi til nýrra náttúruverndarlaga. Í stuttu máli kemur hún til álita þegar óvissa er til staðar eða þekkingarskortur um afleiðingar ákvarðana sem kunna að hafa áhrif á náttúruna.

Tilvikin 88, sem rannsökuð voru, höfðu þá sérstöðu að varnaðarorð voru talin ástæðulaus. Þau varða kvikasilfursmengun frá iðnaði, frjósemisvandamál vegna notkunar skordýraeiturs, hormónaraskandi efni í algengum plastvörum og lyf sem hafa áhrif á vistkerfi, svo eitthvað sé nefnt. Í skýrslunni kemur fram að oftar en ekki hafa menn hunsað vísendingar um hættu, allt þar til að ekki var lengur hægt að komast hjá skaðlegum áhrifum á heilsu og umhverfi.

Fjaðrafok

Skýrslan, Late Lessons from Early Warnings II, er framhald skýrslu sem var birt árið 2001 og olli miklu fjaðrafoki. Sú skýrsla, og sú nýja, sýnir fram á að í allmörgum tilfellum hafa menn skellt skollaeyrum við viðvörnum um hættu, sem síðar hefur valdið dauða fólks og veikindum auk umhverfisskaða í stórum stíl.

Nýja skýrslan rekur nokkur dæmi um það sem hér hefur verið nefnt og hlýtur að hafa víðtæk áhrif við stefnumörkun stjórnvalda, vísindastarf og tækni, enda eru neytendur fljótari að tileinka sér nýja tækni sem aldrei fyrr. Í því felst

Hvað er varúðarreglan?

Mörg umhverfisvandamál eru þess eðlis að erfitt getur reynst að sýna með vísindalegri fullvissu fram á orsök þeirra. Þá kann að vera freistandi fyrir stjórnvöld að aðhafast ekkert, sérstaklega ef mótvægisáðgerðir eru kostnaðarsamar. Úr þessum aðstæðum sprettur ein af meginreglum hins alþjóðlega umhverfisaréttar, varúðarreglan. Kjarni hennar er sá að ekki skuli láta óvissu um afleiðingar tiltekinna athafna eða athafnaleysis koma í veg fyrir að gripið sé til fyrirbyggjandi áðgerða. Í reglunni felst sú hugsun að stjórnvöld skuli ekki skýla sér bak við vísindalega óvissu til að forðast varúðarráðstafanir í þágu umhverfisins.

Vísindarreglunni á ýmsum alþjóðsamningum sem Ísland er aðili að og á nokkrum sviðum íslensks umhverfisaréttar er byggt á reglunni.

Heimild: Ársskýrsla Umhverfisstofnunar 2011

mikil hættu sem enginn ætti að leiða hjá sér, segir í skýrslunni.

Í stuttu máli greinir skýrslan frá því hvernig hættumerki voru virt að vettugi; fyrirtæki tóku skammtíma-gróða fram yfir almannahag, bæði með því að fela upplýsingar og ekki síður með því að leiða hjá sér augljós hættumerki. Önnur dæmi greina frá því hvernig vísindamenn gerðu lítið úr mögulegri hættu tengdri nýrri tækni, stundum vegna þrýstings frá fjárfestum. Allt eru þetta dæmi um hvernig hægt hefði verið að beita aðferðum í anda varúðarreglunnar og komast hjá skaða.

En hvaða skírskotun á skýrslan hér á landi? Hverju mun það breyta að varúðarreglan er lögfest með almennum hætti hér á landi?

Ekki skýrt

Steinunn Fjóra Sigurðardóttir, lögfræðingur hjá umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, segir að varúðarreglan hafi hingað til ekki verið útfærð með skýrum hætti í lögum um náttúruvernd. Þó megi segja að sjónarmið um aðgát liggi að baki ákvæðum laganna um innflutning, ræktun og dreifingu lifandi lífvera, sem og ákvæðum um sérstaka vernd tiltekinna jarðmyndana og vistkerfa og um hættu á röskun náttúrumanna. Varúðarreglan sé útfærð þannig í frumvarpi til laga um náttúruvernd að þegar tekin er ákvörðun, til dæmis um skipulag, framkvæmd eða starfsleyfi, án þess að fyrir liggi með nægilegri vissu hvaða áhrif hún hefur á náttúruna, skuli leitast við að koma í veg fyrir mögulegt og verulegt tjón á náttúruverðmætum. Þá skuli skorti á vísindalegri þekkingu ekki beitt sem rökum ef hættu er á alvarlegum eða óafturkræfum náttúruspjöllum, til

að fresta eða láta hjá líða að grípa til áðgerða sem geta komið í veg fyrir spjöllin eða dregið úr þeim.

Hefur víðtækt gildi

Steinunn Fjóra segir mikilvægt í þessu sambandi að varúðarreglan er sett fram sem almenn meginregla og hafi því því víðtækt gildi. Gert sé ráð fyrir að innleiðing varúðarreglunnar í náttúruverndarlög geti komið í veg fyrir að ákvarðanir hafi í för með sér verulegt tjón á náttúrunni. Reglan kunni því að kalla á að leyfi, til dæmis fyrir framkvæmdum, sé bundið skilyrðum og kveðið sé á um mótvægisáðgerðir eða jafnvel að úmsókn sé hafnað.

Að hennar sögn veltur mat á því hvað teljist verulegt tjón á ýmsum þáttum; hversu mikil breyting verði á vistkerfum, hvort áhrifin séu varanleg og hvort tegundum á valla lista sé ógnað. Ef fyrir liggi nægileg þekking eða víska um afleiðingar ákvörðunar verði varúðarreglunni hins vegar ekki beitt.

Steinunn Fjóra bendir á að seinni málsliður varúðarreglunnar, sem fjallar um skort á vísindalegri þekkingu, eigi einkum við um ákvarðanir sem miði að náttúruvernd, eins og við ákvarðanir um friðlýsingu eða um veiðitakmarkanir. Þá endurspeglar varúðarreglan einnig í öðrum ákvæðum náttúruverndarlagafrumvarpsins, sem fjalla um almenna aðgæsluskyldu. Ákvæðið geri öllum skylt að ganga vel um náttúru landsins og sýna ýrtruðu varúð. Þá beri framkvæmdaraðila við framkvæmdir og starfsemi sem áhrif hafa á náttúruna að gera allt sem með sanngírni má ætlast til svo komið verði í veg fyrir náttúruspjöll.

DEBENHAMS

Gerðu
lífið
skemmtilegra

20% AFSLÁTTUR

af undirfötum,
náttfötum og sloppum
fyrir dömur og herra

Tilboðin gilda út sunnudag

Ertu í réttri stærð?
Komdu í fría máttun

20% AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM ILMUM

NÝTT **VISA TÍMABIL**

Opið í kvöld til 21:00

 Finndu okkur á facebook

DEBENHAMS SMÁRALIND
KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR

Grút mokað upp og síldin grafin

Hreinsunaráttak hófst í Kolgrafafirði í gær. Heil síld verður grafin í sandinn. Grútardrullu verður mokað upp og urðuð. Árangur aðgerða metinn daglega. Ernir eru tugum saman í firðinum, eins og yfirlitsflug leiddi í ljós. Fimm tilkynningar um grútarblautu erni á einum degi.

UMHVERFISMÁL Hreinsunaráttak vegna síldardauðans hófst í Kolgrafafirði í gær. Takmarkið er að grafa dauða síld áður en hún grotnar og bætur á gríðarlegt magn af grút sem fyrir er. Grút verður mokað upp og hann fluttur til urðunar. Heimamenn annast verkið á kostnað stjórnvalda.

Helgi Jensson, ráðgjafi hjá Umhverfisstofnun, hefur tekið þátt í að skipuleggja aðgerðir. Hann segir aðgerðina lúta að því að grafa hræ af dauðri síld í fjórinni fyrir neðan bæinn Eiði og freista þess að hreinsa upp grút á sama stað og flytja hann til urðunar á viðurkenndu urðunarstað. Fyrst verður síldin grafin og svo reynt við grútarhreinsunina. Framkvæmd og stjórn er á hendi heimamanna en kostnaður er greiddur af stjórnvöldum, segir Helgi.

Ekki er um að ræða hluta af verkefninu sem nýfarið er af stað og stjórnvöld lögðu sex milljónir króna til. Það verkefni snýr að vöktun en hreinsunin snýr að aðgerðaáætlun. „Eftir tvo daga metum við hvernig þetta hefur gengið og ákvörðun verður tekin um framhaldið,“ segir Helgi.

Bjarni Sigurbjörnsson, bóndi á Eiði í Kolgrafafirði, var við hreinsunaráttak í gær. „Þetta lítur alveg þokkalega vel út og mikið er gott að þetta hreinsunaráttak er hafið. Þetta tekur kúfinn af þessu hið minnsta,“ segir Bjarni.

Bjarni er ekki sáttur við að eyða tíma í að flytja grút til urðunar í Fíflholti, [sorppláttókustaður fyrir Vesturland]. Hann vildi nýta gamla námu á svæðinu. Hann hefur hins vegar skilning á ákvörðun Umhverfisstofnunar,

þar sem nauðsynlegt sé að fara að lögum í þessari aðgerð þótt skammur tími sé til stefnu.

Líffræðingar frá Náttúrufræðistofnun Íslands og Náttúrustofu Vesturlands (NV) fóru í könnunarflug yfir Kolgrafafjörð og nágrenni á þriðjudag til að fylgjast með fuglalífi, og þá ekki síst til að leita hafarna sem vitað er að eru grútarblautir.

Róbert Arnar Stefánsson, forstöðumaður NV, segir að flogið hafi verið yfir svæðið frá Stykkishólmi að Lárvaðli, við vestanverðan Grundarfjörð, í góðu veðri. „Í ferðinni sáum við 39 erni, langflesta við Urthvalafjörð [utanverðan Kolgrafafjörð], Hraunfjörð og innanverðan Kolgrafafjörð. Nokkur grútararmengun var sjáanleg á yfirborði sjávar og dauð síld þakti botninn í nágrenni við Eiði. Mikill fjöldi fugla var á svæðinu eins og áður,“ segir Róbert.

Í yfirlitsfluginu var ekki hægt að staðfesta grútarbleytu í neinum arnanna. „Margir flugu upp og virtust þungfleygir og settust eftir stutt flug en það þýðir ekki endilega að þeir hafi verið blautir. Einhverjir gætu hafa verið í svipuðu ástandi og þeir sem sést hafa á síðustu dögum; blautir og þungfleygir en ekki orðnir alveg vanfærir.“

Eins og sagt hefur verið frá búrast NV fimm tilkynningar um grútarblautu erni á einum og sama deginum. „Þessi mikli fjöldi arna á svona litlu svæði er magnaður en vekur um leið áhyggjur í ljósi þess að þeir eru í talsverðri hættu á að komast í sneringu við grútinn,“ segir Róbert.

svavar@frettabladid.is



HREINSUN HAFIN Við verkið eru nýttar nokkrar þungavinnuvélar; gámar, dráttarvélar og vagnar til flutninga.

MYND/BJARNI SIGURBJÖRNSSON

TILBOÐSDAGAR

Amerískir með klakavél



General Electric kæli- og frystiskápar sem hafa innbyggða klakavél með mulningi og ísköldu íslensku vatni. Þeir eru öflugir og glæsilega innréttaðir. Fást hvítir, svartir og með stálklæðningu.



Tilboð

Verð frá kr. **398.800** stgr.

EIRVÍK

Suðurlandsbraut 20, Reykjavík | Sími 588 0200 | www.eirvik.is



Í LEIFSTÖÐ Straumur ferðamanna jókst hvergi eins og hér í fyrra.

FRÉTTABLAÐIÐ/HAG

Dró úr aukningu erlendra ferðamanna í Evrópu: Fjölgar mest á Íslandi

FERÐAÞJÓNUSTA Ferðamönnum sem heimsækja Evrópulönd fjölgaði um fjögur prósent á síðasta ári, samkvæmt nýbirtum tölum Ferðamálaráðs Evrópu (European Travel Commission, ETC). Aukningin er minni en 2011 þegar hún var sjö prósent.

Langmest var aukning ferðamanna til Íslands, tæp tuttugu prósent frá árinu 2011. Aukningin er nær helmingi meiri en í löndunum í öðru og þriðja sæti, Litháen og Rúmeníu. Mestur er samdrátturinn svo á straumi ferðamanna til Grikklands, 5,2 prósent, til Póllands 1,8 prósent og til Ítalíu um 0,4 prósent.

Í nýrri skýrslu ETC um þróun og horfur í evrópska ferðaiðnaðinum kemur fram að nokkuð hafi komið á óvart að heimsóknir til Bretlands hafi staðið í stað milli ára, þrátt fyrir viðburði sem vakið hafi heimsathygli í landinu. Þannig hafi á árinu verið bæði háttíð vegna sextíu ára valdatíðar Elísabetar Englandsdrottningar og Ólympíuleikar, bæði fatlaðra og ófatlaðra.

Þá hafi Evrópumeistaramótið í

HEIMSÓKNIR ERLENDRA FERÐAMANNA 2012

Land	Aukning frá fyrra ári
1. Ísland	19,6%
2. Litháen	12,4%
3. Rúmenía	10,0%
4. Ungverjaland	8,0%
5. Pýskaland	7,5%
6. Tékkland	6,9%
7. Serbía	5,9%
8. Slóvakía	5,4%
9. Slóvenía	5,4%
10. Svartfjallaland	5,3%

Heimild: Ferðamálaráð Evrópu (ETC)

fótbolta í Póllandi ekki skilað sér í fjölgun ferðamanna.

„Reynsla frá fyrri tíð sýnir hins vegar að stórvíðburðir auka venjulega áhuga ferðamanna á áfangastöðum til miðlungslands og lengri tíma,“ segir í skýrslunni. Mannþróun og verðhækkningar geti hins vegar virkað letjandi á árinu sem viðburðurinn fer fram.

- óka

FACE CARE

DAGAR Í HAGKAUP

0% ilmefni

0% paraben

0% litarefni



FACE CARE FRÁ
Neutral[®]

Astma- og ofnæmisfélag Íslands
mælir með **Neutral** vörum.



Dönsku astma- og
ofnæmissamtökin



20% afsláttur

af öllum **Neutral Face Care** vörum frá fimmtudegi til sunnudags.

HAGKAUP

Ein ferð betra verð

Barnalæsingar fjarlægðar af kveikjurum

Kveikjarar eiga alltaf að vera búnir barnalæsingum. Í frétt á vef Neytendastofu segir að upp hafi komið atvik þar sem barnalæsingar hafa verið fjarlægðar. Reglur um barnalæsingar á kveikjurum voru settar innan Evrópusambandsins í kjölfar umtalsverðs fjölda slysa og dauðsfalla sem hægt var að rekja til leiks barna með kveikjara. Neytendastofa leggur áherslu á að öryggisþáttum kveikjara verði ekki breytt á nokkurn hátt þar sem slíkt geti haft alvarlegar afleiðingar í för með sér.

Neytendur sem verða varir við kveikjara á markaði sem ekki eru með merkingar og viðvaranir í lagi eða telja kveikjara hættulega eru hvattir til að senda ábendingu til Neytendastofu. Fullnægjandi barnalæsing getur til dæmis verið stíft hjól eða takki sem þarf að yta niður af afli til að unnt sé að kveikja á kveikjaranum. Kveikjara á þó aldrei að skilja eftir þar sem börn ná til.



Borða á enn minna salt en ráðlagt var

Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin, WHO, ráðleggur fullorðnum að borða enn minna af salti og meira af kalíum en áður hefur verið mælt með. Samkvæmt nýju ráðleggingunum eiga fullorðnir að neyta minna en 2 g af natríum á dag, eða minna en 5 g af salti, og að minnsta kosti 3,5 g af kalíum á dag. Áður hafði Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin mælt með því að dagleg saltneysla væri ekki meiri en 2 g af natríum á dag.

Jafnframt er mælt með því að dregið verði úr saltneyslu barna. Miða á neysluna við orkuþörf aldurshópanna.



Frítt net í Leifsstöð í sumar

Forsvarsmenn Keflavíkurflugvallar hafa ákveðið að bjóða frían aðgang að interneti frá og með sumrinu, að því er segir á vefsíðunni turisti.is. Nú kostar tæpar fimm hundruð krónur að tengjast netinu í flugstöðinni. Í sumar er líka von á snjallsímaforriti frá Leifsstöð sem veitir upplýsingar um ferðaáætlanir og tilboð í Fríhöfninni.

Er hollt að drekka grænmeti og ávexti?

Holl næringarefni geta tapast þegar búnir eru til safar úr ávöxtum og grænmeti. Hreinir og nýkreistir ávaxtasafar eru sagðir jafn hitaeningaríkir og gosdrykkir.

Það á að borða grænmeti og ávexti í stað þess að drekka þessa fæðu. Þetta er haft eftir dönskum næringarfræðingi, Preben Vestergaard Hansen, í viðtali á vef danska ríkisútvarpsins. Hansen bendir meðal annars á að holl efni í ávöxtum og grænmeti séu viðkvæm fyrir súrefni og birtu. Við gerð safar geti tap C-vítamíns numið allt að 70 prósentum. Tap andoxunarefna geti verið jafnmikið eða jafnvel meira.

Anna Sigríður Ólafsdóttir, dósent í næringarfræði á Menntavísindasviði Háskóla Íslands, segir eitt glas af grænmetis- og ávaxtasafa á dag vel geta verið hluta af hollu mataræði. Það megi hins vegar ekki gleyma að borða grænmeti og ávexti.

„Það má velta því fyrir sér hversu skynsamlegt það er að sífellt meira magn af þeirri orku sem við innbyrðum er í formi drykkja í stað máltíða í föstu formi. Hreinir og nýkreistir ávaxtasafar eru jafn hitaeningaríkir og gosdrykkir þannig að mikilvægt er að halda neyslu þeirra í skefjum.“

Að sögn Önnu Sigríðar innihalda grænmetisafar ekki nema rétt um helming þess hitaeningafjölda sem er í ávaxtasöfum en trefjar skortir til að tryggja seddu. Safar komi því aldrei í staðinn fyrir ávexti og grænmeti í föstu formi.

„Magnið skiptir verulegu máli



Um 50 kcal
eru að meðaltali í 1 dl af ávaxtasafa.

SAFI Næringargildið getur minnkað mikið ef safinn stendur lengi.

Um 27 kcal
eru að meðaltali í 1 dl af grænmetisafu.

NORDICPHOTOS/GETTY

og almennt er talað um að ávaxta- og grænmetisafar geti verið einn af þeim fimm skömmtum ávaxta og grænmetis sem ráðlagt er að fólk borði á dag en ekki meira.“

Hún bendir á að gæði safanna og innhald geti verið mjög breytilegt. „Það er meðal annars munur á hvort grænmeti er sett í blandara þar sem ekkert verður útundan eða notuð safapressa þar sem mikið af hollustunni fer forgörðum með hratinu. Auk þess eru margar grænmetisblöndur einnig með miklu magni ávaxtasafa sem breytir miklu um orkuinnihaldið.

Það skiptir því máli hvað maður drekkur.“

Þar sem andoxunarefni og vítamín eru viðkvæm fyrir súrefni getur næringargildið minnkað mikið ef safinn stendur lengi. Grænmetis- og ávaxtasafar eru auk þess nokkuð viðkvæmir fyrir örveruvexti, tekur Anna Sigríður fram. „Það er því ráðlegt að drekka ferska safu innan sólarhrings frá því að þeir eru búnir til. Lykilatriði er að gæta hreinlætis á tækjunum auk þess sem þvo á ávexti og grænmeti áður en þeir eru settir í pressu eða blandara.“

ibs@frettabladid.is



Ejörefni úr frystinum

BONUS

Fæst í verslunum Bónus

FYRIR HEIMILIÐ

143.500

Borð og 4 stólar

Í BORÐSTOFUNA
OG ELDHÚSIÐ

79.900

Havanna, borð

15.900

Havanna, stóll

VERÐ FRÁ
6.990

LJÓS OG LAMPAR

SKRAUTMUNIR
OG BÓKASTOÐIR

3 FYRIR 2

GLÖS OG KERTI



the
PIER

HVÍTAR
LUKTIR

40%

Falsanir á evrusvæðinu: Tugþúsundir falsaðra mynta

Alls voru 184 þúsund stykki af falsaðri evrumynt gerð upptæk í Evrópu á síðasta ári. Þetta kemur fram í tölum seðlabanka Evrópu.

Þetta er ekki óvenju mikið en þó nokkru meira en í fyrra. Langalgengast er að reynt sé að falsa tveggja evru mynt, en það eru um tveir þriðju hlutar af heildinni.

Um 16,5 milljarðar af ófalsaðri evrumynt eru í umferð þannig að hlutfallið er um það bil ein fölsuð mynt á móti 100.000 ófölsuðum.

Þá voru 513.000 falsaðir evruseðlar teknir úr umferð í fyrra.

- þj



JOSE MANUEL BARROSO Framkvæmdastjóri Evrópusambandsins skýrði frá áformunum. NORDICPHOTOS/AFP

ESB og Bandaríkin:

Vilja samning um fríverslun

Leiðtogar Evrópusambandsins og Bandaríkjanna kynntu í gær áform um fríverslunarsamning sem yrði sá stærsti í sögunni.

„Bæði við og Bandaríkin þurfum hagvöxt,“ sagði Jose Manuel Barroso, forseti framkvæmdastjórnar ESB, þegar hann skýrði frá þessu í gær. „Og bæði við og Bandaríkin eigum í vandræðum með fjárlagagerð.“

Viðskipti milli Bandaríkjanna og Evrópusambandsins nema nú þegar tveimur milljörðum evra á dag, eða nærri 350 milljörðum króna.

- gb

Viðskiptaráð kallar eftir þjóðarsátt um betri lífskjör

Viðskiptaráð hélt í gær sitt árlega Viðskiptaþing og kynnti þar nýja skýrslu sem nefnist 13 tillögur að aukinni hagkvæmni. Á þinginu var kallað eftir meiri samstöðu um markmið í efnahagsmálum og þá kynnti ráðið fjölda tillagna um hvernig stuðla mætti að aukinni verðmætasköpun í íslensku efnahagslífi.

Viðskiptaráð hvatti til nýrrar þjóðarsáttar um efnahagsmál á árlegu Viðskiptaþingi sínu í gær. Þá gaf ráðið út skýrslu sem nefnist 13 tillögur að aukinni hagkvæmni, sem inniheldur hugmyndir ráðsins um hvernig auka megi verðmætasköpun á Íslandi.

„Stóru skilaboðin af þinginu eru þau að við teljum vanta meiri samstöðu um þær grunnstoðir sem hægt er að byggja stefnu í efnahagsmálum á,“ segir Hreggviður Jónsson, formaður Viðskiptaráðs, og heldur áfram: „Í ræðu minni minnst ég á þjóðarsáttina frá 1990 sem er eitthvert mesta efnahagsafrek lýðveldisins. Með henni tókst að binda enda á langvarandi óráðsú í efnahagsmálum þjóðarinnar. Við viljum sjá sams konar samstöðu núna.“

Skýrsla Viðskiptaráðs er innblásin af nýlegri skýrslu alþjóðlega ráðgjafarfyrirtækisins McKinsey um hagvaxtarmöguleika Íslands. Segir Hreggviður að skýrsla McKinsey sé góður grunnur til að byggja á. Þá hrósar hann stjórnvöldum fyrir að setja í kjölfarið á fót samráðsvettvang um aukna hagsæld en á vettvanginum eiga sæti fulltrúar stjórnmalaflokkanna, aðstæðisráðgjafar, atvinnurekenda, háskólasamfélagsins og stjórnsýslunnar.

Í skýrslu Viðskiptaráðs eru kynntar þrettán tillögur sem ráðið telur geta stuðlað að aukinni verðmætasköpun á Íslandi. Byggja tillögurnar á þeim skilaboðum McKinsey að hagvöxtur eigi að byggja á aukinni skilvirkni í innlendri þjónustu, háværkun á virði takmarkaðra auðlinda og alþjóðlega samkeppnishæfu viðskipta-umhverfi.

Meðal tillagnanna má í fyrsta lagi nefna að fjárfesting verði aukin í innviðum ferðaþjónustunnar á



VIÐSKIPTAÞINGI Í GÆR Fram kom í ræðu Hreggviðs Jónssonar, formanns Viðskiptaráðs, að um 180 skýrslur hefðu komið út um íslenskt efnahagslíf á síðustu árum. Því væru nægar tillögur til staðar en það sem skorti væru ákvarðanir og samstaða.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

grundvelli markvissrar gjaldtöku á helstu ferðamannastöðum.

Í öðru lagi telur Viðskiptaráð rétt að afnema styrki og verndartolla í landbúnaði og gefa heildsöluverðlagningu landbúnaðar-afurða frjálsa. Í þriðja lagi leggur Viðskiptaráð til að grunn- og framhaldsskólanám verði stytta, fram- til háskóla verði aukin og að námsframboð verði samræmt þörfum atvinnulífsins.

Þá hvetur Viðskiptaráð til viðtækari gagnaöflunar Hagstofunnar um íslenskt efnahagslíf, stofnunar óháðs efnahagsráðs sem meti efnahagsleg áhrif lagafrumvarpa og að íslenskt lagaumhverfi verði yfirfarið með það fyrir augum að auðvelda nýsköpun og verðmætasköpun fyrirtækja svo eitthvað sé nefnt.

magnus@frettabladid.is

Tillögur Viðskiptaráðs

Auðlindatengd starfsemi

- Aukin fjárfesting í innviðum ferðaþjónustunnar
- Hagkvæmni ráðið fyrir í sjávarútvegi
- Samkeppnishæft rekstrarumhverfi auðlindagreina
- Skilvirkara og fjölbreyttara landbúnaðarkerfi
- Allir kostir í orkunýtingu fullkannaðir

Alþjóðleg starfsemi

- Samkeppnishæfari mannauður
- Sátt um langtímafestingumörkun
- Bætt fjárfestingarumhverfi fyrirtækja
- Áhersla á bættar tengingar

Innlend þjónusta

- Einfaldara umhverfi neysluskatta
- Urbætur á samkeppnisumhverfi innlendrar þjónustu
- Aukin skilvirkni opinberrar þjónustu
- Umfangsmeiri söfnun og birting hagtalna

Allir til í samráð en áherslurnar ólíkar

Formenn stjórnmalaflokkanna ræddu möguleikana á pólitískri samstöðu um efnahagsstefnu og tækifæri íslensks efnahagslífs á Viðskiptaþingi í gær.

„Mér list vel á margt af því sem segir í þessari skýrslu. Þessi skýrsla fjallar ekki bara um það að við þurfum að auka hagkvæmni og framleiðni í einkageiranum heldur líka í opinbera geiranum. [...] Getum við náð saman á vettvangi stjórnmalanna og milli okkar og aðila vinnumarkaðarins? Já, við höfum okkar eigin sögu til vitnis um það. En því miður höfum við verið föst í ágreiningi um stór mál. Við höfum til dæmis deilt alltof mikið um það hvernig við ætlum að umgangast grunnatvinnuvegina. [...] Við eigum ekki að éta útsæðið og ráðast að grunnatvinnuvegunum í stað þess að leyfa þeim að blómstra í friði.“

Bjarni Benediktsson,
formaður Sjálfstæðisflokksins

„Mér finnst þessar tillögur góðar, margar þeirra eru eins og skrifaðar upp úr stefnu Samfylkingarinnar. Það er til vitnis um það að við getum náð mjög víðtækri samstöðu um jákvæðar leiðir fram á við. Hins vegar verðum við að greina hlutina rétt. Ég hef tekið eftir að bleiki fillinn stóri sem var ræddur mikið af Jóni Sigurðssyni, forstjóra Össurar, hér á Viðskiptaþingi fyrir ári síðan, gjaldmiðilinn, hefur ekki verið ræddur hér í dag. [...] Hvað er það sem tengir svo mörg af þessum vandamálum? Of lítill útflutningur, lítill alþjóðlegur geiri, við vitum alveg hvert rötarmeinið er.“

Arni Páll Arnason,
formaður Samfylkingarinnar

„Ég held að það sem skipti sköpum fyrir Ísland á komandi árum [...] sé útflutnings-, framleiðslu- og hugvitsdrifinn hagvöxtur. Hann þarf að vera fjölbreyttur, sjálfbær og jafn en það sem við þurfum ekki er skuldsettur bóluvöxtur sem kann að líta fallega út á pappír en endar í hruni.“

Steingrímur J. Sigfússon,
formaður Vinstri grænna

„Maður hefur oft heyrt spurt af hverju geta stjórnmalamenn ekki bara unnið saman að því sem er augljóst [...] en vanda málið er bara það að það eru ekki allir Framsóknarmenn. Þrátt fyrir allt hafa menn mjög ólíkar skoðanir um hvað eigi að gera og hugmyndafræðin til vinstri og hægri er enn þá alltof ríkjandi. [...] Það þarf að fara að líta á hvert og eitt úrlausnarefni meira út frá staðreyndum og rökum en verið hefur.“

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson,
formaður Framsóknarflokksins

„Eftir að hafa prófað nokkra flokka hef ég komist að þeirri niðurstöðu að það sé full þörf á pólitískri nýsköpun. [...] Mér finnst ég þó þurfa að eyða ákveðnum misskilningi. Okkar nálgun snýst ekki um að eyða ágreiningi [...]. Ég held að við Sigmundur verðum alltaf mjög mikið ósammála um ýmislegt en við verðum að líta á það sem kost. Við verðum að kunna að líta á okkur ólíku viðhorf, nálganir og reynslu sem kosti.“

Guðmundur Steingrímsson,
formaður Bjartrar framtíðar

STÆRSTI HÚSNÆÐISVEFUR LANDSINS

vísir

FÉLAG FASTEIGNASALA

Ótrúlegt
úrval íbúða til sölu
eða leigu!

Gríptu tækifærið allt að **80%** fjármögnun!



Lexus RH400 Luxury Hybrid Árg. 4/2007
Ekinn 139.000 km, bensín, rafmagn, sjsk.
Verð 5.290.000 kr. **TILBOÐ 4.590.000 kr.**
Rnr.: 230014.



Toyota Avensis Wagon SOL. Árg. 3/2010
Ekinn 165.000 km, bensín, sjálfskiptur
Verð 3.090.000 kr. **TILBOÐ 2.690.000 kr.**
Rnr.: 220768



Toyota Verso Terra. Árg. 5/2010
Ekinn 49.000 km, bensín, 6 gíra beinskíptur
Verð 2.990.000 kr.
Rnr.: 201729



Toyota Hilux. Árg. 9/2008
Ekinn 127.000 km, dísil, 5 gíra
Verð 3.790.000 kr.
Rnr.: 201986



Toyota Auris Terra ECO. Árg. 5/2011
Ekinn 53.000 km, dísil, 6 gíra
Verð 2.570.000 kr.
Rnr.: 220774



Toyota Land Cruiser 120 VX. Árg. 8/2005
Ekinn 157.000 km, dísil, sjálfskiptur
Verð 4.290.000 kr.
Rnr.: 220503



Toyota Rav4 X. Árg. 5/2011
Ekinn 41.000 km, bensín, sjálfskiptur
Verð 4.690.000 kr.
Rnr.: 201483



Toyota Landcruiser 120 GX. Árg. 6/2008
Ekinn 79.000 km, dísil, sjálfskiptur
Verð 5.990.000 kr.
Rnr.: 230018



Toyota Yaris Sol. Árg. 6/2012
Ekinn 33.000 km, bensín, 6 gírar
Verð 2.490.000 kr.
Rnr.: 201927



Toyota Avensis Wagon Sol. Árg. 6/2010
Ekinn 50.000 km, bensín, sjálfskiptur
Verð 3.750.000 kr.
Rnr.: 201805



Land Rover Discovery. Árg. 11/2005
Ekinn 140.000 km, dísil, sjálfskiptur
Verð 4.490.000 kr.
Rnr.: 220897



Ford Edge Limited. Árg. 3/2008
Ekinn 83.000 km, bensín, sjálfskiptur
Verð 3.980.000 kr. **TILBOÐ 3.590.000 kr.**
Rnr.: 220822



Ford Escape Limited. Árg. 5/2008
Ekinn 79.000 km, bensín, sjálfskiptur
Verð 2.890.000 kr.
Rnr.: 201797



Ford Escape XLS. Árg. 7/2009
Ekinn 68.000 km, bensín, sjálfskiptur
Verð 2.590.000 kr.
Rnr.: 220682



Renault Megane. Árg. 7/2008
Ekinn 51.000 km, bensín, sjsk.
Verð 1.390.000 kr.
Rnr.: 201679



Toyota Verso Luna 7 sæta. Árg. 6/2008
Ekinn 63.000 km, bensín, 5 gíra MM
Verð 2.590.000 kr.
Rnr.: 201737



Toyota IQ. Árg. 8/2012
Ekinn 2.000 km, bensín, 5 gíra
Verð 2.090.000 kr. **TILBOÐ 1.890.000 kr.**
Rnr.: 220866



Toyota Yaris Terra. Árg. 05/2005
Ekinn 145.000 km, bensín, 5 gírar
Verð 890.000 kr. **TILBOÐ 690.000 kr.**
Rnr.: 202064



Toyota Land Cruiser 120 VX 33".
Árg. 11/2005 Ekinn 220.000 km, dísil, sjsk.
Verð 3.890.000 kr. **TILBOÐ 3.390.000 kr.**
Rnr.: 202062



Iveco Daily. Árg. 8/2007
Ekinn 98.000 km, dísil, sjálfskiptur
Verð 3.170.000 kr.
Rnr.: 181116

Toyota Kletthálsi
Kletthálsi 2
Sími: 570 5220
Opið mán-fös kl. 09.00-18.00
og lau kl. 12.00 - 16.00
kletthals@toyota.is - www.toyotakletthalsi.is

*Farðu á www.toyotakletthalsi.is og fáðu nánari upplýsingar um bílana með því að skrá raðnúmer í leit.



Notaðir bílar Kletthálsi **TOYOTA**

HVER Á ÍSLAND?



JARÐEIGANDI Hveragerðisbær er skráður eigandi 21 lögbýlis. Það segir þó lítið um landflæmið í eigu bæjarins, þar sem fjöldi þessara lögbýla er aðeins lóð undir gróðurhúsi. Lítil gögn eru til um það hvað jarðir í landinu eru stórar og aðeins lítil hluti þeirra er hnitsettur.

FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

Ríkið er langstærsti jarðeigandinn

Reglulega skjóta upp kollinum áhyggjur af því að jarðir séu að safnast á fárra hendur og auðmenn séu að eignast Ísland. Undanfarið hefur óttinn beinst að erlendum auðmönnum. Sé málið skoðað kemur þó í ljós að lítið hefur verið um jarðasöfnun og eignarhald á jörðum er mjög dreift. Opinberir aðilar eiga flestar jarðir og ber ríkið þar höfuð og herðar yfir aðra.



Kolbeinn Óttarsson Proppé
kolbeinn@frettabladid.is
Páll Hilmarsson
pallih@gogn.in

Hver á Ísland? Þessi naíva spurning hefur æftar skotið upp kollinum eftir því sem umræðan um eignarhald á jörðum verður háværrari. Sú umræða hefur lotið sömu lögmálum og svo margar aðrar hér á landi, einstök tilvik hafa komið upp og um skamma hríð hefur öll umræðan snúist um þau og allir haft skoðun á þeim. Nokkuð hefur þó skort á heildstæða umfjöllun um hvernig eignarhaldi á íslensku landi er háttað.

Umræðan hefur þannig ráðist af ytri aðstæðum. Kanadískur auðmaður kaupir orkufyrirtæki og þá magnast upp umræðan um eignarhald á auðlindum í jörðu. Kínverskur auðmaður vill kaupa stóra jörð á Norðausturlandi og umræðan snýst um hvort útlendingar megi eiga íslenskar jarðir. Gallinn við umræðu af þessu tagi er sá að hún veltir aðeins upp einum fleti og, líkt og með svo mörg mál hér á landi, hún gleymist fljótt.

Fréttablaðið ákvað að reyna að svara þessari einföldu spurningu: Hver á Ísland? Það þarf ekki að fara í fragötur með það að umræða síðustu mánaða og ára kveikti þá spurningu. Til að gera sér grein fyrir stöðunni þarf hins vegar að kafa dýpra ofan í eignarhald á landi og þá kemur í ljós að það er ansi óljóst.

6.500 lögbýli

Á Íslandi voru um síðustu áramót skráð 6.449 lögbýli í lögbýlaskrá Þjóðskrár. Þessi tala hefur haldist nokkuð óbreytt undanfarin ár. Í skýrslu Bændasamtaka Íslands um eignarhald á jörðum, framleiðslu og þróun hennar, frá árinu 2006, kemur fram að það ár eru lögbýli 6.496. Sá fjöldi hafði verið nokkurn veginn óbreyttur í einn og hálfan áratug á undan, þau voru 6.469 árið 1990, en hafði þá fjölgað frá árinu 1980 þegar þau voru 6.391.

Hér er hins vegar komið að fyrsta vandanum við að komast að eignarhaldi á jörðum. Öll lögbýli eru jarðir, en allar jarðir eru ekki lögbýli. Um þetta eru mismunandi skrár, lögbýla- og fasteignaskrá, og til að flækja hlutina enn frekar hafa jarðir úr þeirri síðarnefndu verið teknar saman í jarðaskrá.

Nánar verður komið inn á flækjuna í skráningarmálum síðar í þessum greinaflokk, en hér er talað jöfnum höndum um jarðir og lögbýli þó átt sé við það síðarnefnda. Jarðir í fasteignaskrá eru því fleiri

VESTFIRÐIR

Eigandi	Fjöldi lögbýla
Ríkissjóður Íslands	23
Strandabyggð	7
Ísafjarðarbær	5
Bæjarbúíð ehf.	4
Heildarfjöldi lögbýla	578

NORÐURLAND VESTRA


Eigandi	Fjöldi lögbýla
Ríkissjóður Íslands	25
Húnaþing vestra	6
Sveitarfélagið Skagafjörður	6
Kirkjumálasjóður	5
Jón Gíslason	4
Rarik ohf.	4
Heildarfjöldi lögbýla	981

NORÐURLAND EYSTRA

Eigandi	Fjöldi lögbýla
Ríkissjóður Íslands	49
Akureyrarkaupstaður	13
Lífsvall ehf.	10
Dalvíkurbyggð	9
Kirkjumálasjóður	8
Norðurþing	5
Svalbarðshreppur	5
Ásdís Erla Gísladóttir og Trausti Þórisson	4
Hannes Valur Gunnlaugsson	4
Hörgársveit	4
Heildarfjöldi lögbýla	1.109

VESTURLAND

Eigandi	Fjöldi lögbýla
Ríkissjóður Íslands	38
Dalabyggð	8
Lífsvall ehf.	7
Borgarbyggð	7
Kirkjumálasjóður	6
Snæfellsbær	6
Miðhraun ehf.	4
Geiteyri ehf. og Akurholt ehf.	4
Skógrækt ríkisins Vesturlandi	4
Heildarfjöldi lögbýla	947



REYKJANES

Eigandi	Fjöldi lögbýla
Ríkissjóður Íslands	7
Sveitarfélagið Garður	7
Grindavíkurbær	4
Ásgeir Jóelsson o.fl.	3
Haukur Hafsteinsson o.fl.	3
Sandgerðisbær	3
Virgill Scheving Einarsson	3
Heildarfjöldi lögbýla	118

HÖFUÐBORGARSVÆÐIÐ

Eigandi	Fjöldi lögbýla
Ríkissjóður Íslands	15
Garðabær	13
Mosfellsbær	11
Reykjavíkurborg	11
Skipulagssjóður Reykjavborgar	4
Brimgarðar ehf.	3
Heildarfjöldi lögbýla	231


SUÐURLAND

Eigandi	Fjöldi lögbýla
Ríkissjóður Íslands	80
Hveragerðisbær	21
Bláskógabyggð	16
Hrunamannahreppur	15
Arion banki hf.	8
Kirkjumálasjóður	7
Skeiða- og Gnúpverjahreppur	7
Sveitarfélagið Árborg	7


AUSTURLAND

Eigandi	Fjöldi lögbýla
Ríkissjóður Íslands	75
Fjarðabyggð	10
Lífsvall ehf.	7
Kirkjumálasjóður	7
Fljótisdalshérað	5
Borgarfjarðarhreppur	4
Djúpavogshreppur	4
Sigfús Vilhjálmsson	4
Heildarfjöldi lögbýla	763

HLUTFALLSLEG SKIPTING EIGNARHALDS LÖGBÝLA



LÖGBÝLI Í ÁBÚÐ OG EYÐI



en lögbýlin, eða 7.607 á móti 6.449. Þegar eignarhaldið er skoðað kemur berlega í ljós að langflest lögbýli á Íslandi eru í eigu opinberra aðila. Af þessum tæplega 6.500 lögbýlum eiga þeir 619 að fullu. Þar af á ríkið stærstan hluta, eða 312. Það er þó ekki svo einfalt að svara spurningunni um hver eigi Ísland með svarinu ríkið. Það flækir málin að lögbýli eru skráð á kennitölur, sem segir ekki alla söguna. Á bak við kennitölu eignarhaldsfélags geta verið fjölmargir aðilar, innlendir sem erlendir. Ríkið er til dæmis eigandi að tuttugu jörðum í viðbót, að hluta, og svo á

það jarðir, að fullu eða hluta, í gegnum ýmsa sjóði á sínum vegum.

Ríkissjóður hefur fækkað heilmikið, ríkið hefur verið að selja jarðir. Árið 1996 átti ríkið til dæmis 638 jarðir. Ríkissjóður hefur því fækkað um helming.

Meirihluti í eigu margra

Í gegnum aldirnar hefur það án efa verið reglan að á bak við hverja jarðeign hafi verið einn eigandi. Sú er ekki raunin í dag. Í skriflegu svari atvinnu- og nýsköpunarráðuneytisins við fyrirspurn Ásmundar Einars Daðasonar, þingmanns Framsóknarflokksins, um eignar-

hald bújarða, kemur fram að tæplega 39 prósent jarða í fasteignaskrá eru með einn eiganda.

Þarna kemur reyndar fram munur á skilgreiningum, eins og áður er komið inn á, fleiri jarðir eru á landinu en lögbýli. Af svarinu má hins vegar sjá að í dag er algengara að jarðir séu í eigu fleiri en eins aðila, líkt og sjá má á töflunni hér fyrir ofan.

Þetta flækir málið þegar horft er til breytinga á eignarhaldi. Telst það sala á jörð þegar ættingjar kaupa hlut annars ættingja? Eða þegar eigendum að jörð fækkar úr fimm í fjóra?

Nemendum þakkað

Þessi greinaflokkur hefur verið í vinnslu um hríð. Á fyrstu stigum unnu tveir nemar í meistaranámi í blaða- og fréttamennsku við HÍ að verkefninu, þau **Kolbeinn Tumi Daðason** og **Kristrún Heiða Hauksdóttir**. Fréttablaðið kann þeim bestu þakkir fyrir.

Á MORGUN Verðmæti jarða og einstakir eigendur.

OUTLET SPRENGJA


Í CINTAMANI OUTLET
AUSTURHRAUNI 3
DAGANA 14. - 16. FEB.

**20% AUKA
AFSLÁTTUR AF
ÖLLUM VÖRUM**

**ALLT AÐ 80%
AFSLÁTTUR**

FÖT Á ALLA FJÖLSKYLDUNA

- ÚLPUR
- PEYSUR
- BUXUR
- BARNAFÖT
- HÚFUR
- VETTLINGAR



CINTAMANI
WWW.CINTAMANI.IS

CINTAMANI OUTLET, AUSTURHRAUNI 3
mán - fös. 10-18 | lau. 11-16
533 3811

Lendingu náð í deilu LSH og hjúkrunarfræðinga:

Hvað gerist næst?

Skrifað hefur verið undir uppfærðan stofnanasamning hjúkrunarfræðinga og Landspítalans. Í gær var samningurinn kynntur hjúkrunarfræðingum. Í dag kemur svo í ljós hversu margir hjúkrunarfræðingar af þeim þrjú hundruð sem sagt höfðu upp störfum við spítalann draga uppsagnir sínar til baka.

Mögulega felst í því einhver vísbending að nýjum samningi var að sögn nokkuð vel tekið á kynningarfundunum tveimur á Landspítalanum í gær, öðrum við Hringbraut og hinum í Fossvogi. Og í öllu falli er ljóst að nýr stofnanasamningur hefur í för með sér umtalsverðar kjarabætur handa þeim ríflega þúsund hjúkrunarfræðingum sem við spítalann starfa.

Full ástæða er til þess að fagna því þegar stéttir ná árangri í kjarabaráttu. Ekki veitir af. Líkast til finna flestir á eigin skinni kaupmáttarrýrnun síðustu ára, hvort heldur það er fyrir áhrif launalækkana og/eða frýstingar, eða vegna verðbólgunnar.

Um leið vaknar samt spurningin um hvað gerist næst. Hjúkrunarfræðingar eru langt því frá eina stétt opinberra starfsmanna sem setið hefur eftir í launaþróun og hefur mátt þola niðurskurð, jafnvel frá því löngu fyrir hrún. Nærtæk dæmi eru í sjálfur heilbrigðiskerfinu. Sama á við um grunn-skóla og framhaldsskóla landsins.

Þá er ekki eins og starfsfólk á almennum vinnumarkaði hafi farið varhluta af aðhaldi í rekstri fyrirtækja eða af dýrtíðinni sem ýmist á rót sína að rekja til hruns krónunnar eða baráttu fyrirtækja við að standa undir óhöflegri skuldsetningu. Kostnaðinum er eins og kostur er velt út í verðlagið.

Í ljósi sögunnar er ekki hægt að álasa fólk fyrir að hafa áhyggjur af því að hér taki við víxlverkan launa og verðhækkana þegar fleiri fara að krefjast leiðréttingar á þeirri kaupmáttarrýrnun sem þeir hafa mátt þola síðustu ár. Óttinn við að hærri laun skili sér í hærri verði á vörum og þjónustu sem aftur hafi áhrif á verðtryggt lán með þeim hætti að þær kjarabætur sem sóttar voru með samningum hverfa á ný er skiljanlegur. Þessi hringekja óstöðugleikans hefur tekið margan snúninginn hér á landi.

Vegna þessa er vert að spyrja sig hvar raunverulegar kjarabætur er að finna. Krafan um þær er rík.

Ljós er að mikill sigur yrði unninn í þeirri baráttu ef hér tækist að færa vexti húsnæðislána í þá mynd sem þekkist í nágrannalöndunum. Vandséð er hins vegar að það takist án þess að losna við rót stórs hluta óstöðugleika í íslensku efnahagslífi og ástæðu þess að hér er burðast með kerfi verðtryggingar á lán. Nefnilega íslensku krónuna.

Niðurstöður skoðanakannana um hug fólks til viðræðna um aðild að Evrópusambandinu eru ekki til þess fallnar að ýta undir bjartsýni í þeim efnum. Hvað þá þau viðhorf að hverfa skuli frá þeim samningum áður en niðurstaða er fengin. Krónunni fylgir nefnilega annaðhvort verðtrygging eða vaxtaokur (eða hvort tveggja). Að losna við hana yrði líklega mesta og varanlegasta kjarabót sem völ er á.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI: Ari Ewald RITSTJÓRI: Ólafur P. Stephensen olafur@frettabladid.is AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir steinunn@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871



VALENTÍNUSAR-DAGURINN
14. FEBRÚAR

20% AFSLÁTTUR
AF ÖLLU RAUÐU



CINTAMANI
WWW.CINTAMANI.IS

FRÁ DEGI TIL DAGS

Óljósar tengingar

Pór Saari, þingmaður Hreyfingarinnar, var ekki ánægður með Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttur, þingmann Sjálfstæðisflokksins, í gær. Þorgerður hafði, reyndar á óskiljanlegan hátt, tengt viðbrögð Ögmundar Jónssonar innanríkisráðherra vegna komu fulltrúa FBI hingað til lands, við meintan stuðning Hreyfingarinnar við ríkisstjórnina. Þór var að vonum ekki sáttur við þessa tengingu og lagði til að Þorgerður bæðist afsökunar á „þessu bulli sínu“. Hafi tenging Þorgerðar Katrínar í sínum röksemdum verið langsótt, má þó segja að sú tenging sem

Þór gerði síðan hafi verið enn óljósari. Hann lagði nefnilega til að Þorgerður greiddi eitthvað til baka af þeim 1.700 milljónum sem hún og eiginmaður hennar hefðu fengið afskrifaðar frekar en að tjá sig á nefndan máta.

Blessuð virðing

Það er kannski að æra óstöðugan að koma hér enn inn á virðingu Alþingis, sem er við brugðið. Þarna var á ferð dæmi um ágætis málstað sem þingmaður hafði, en með því að teygja sig í átt til heitapottarökfræði (með fullri virðingu fyrir pottverjum) tókst honum að beina athyglinni frá því og fá taltal þingforseta í ofanálag.

Vita Kínverjar af þessu?

„Ef við getum sent mann til tunglsins, þá getum við svo sannarlega varist klámi á internetinu,“ segir Halla Gunnarsdóttir, aðstoðarmaður innanríkisráðherra, við Daily Mail. Þetta er athyglisverð fullyrðing. Efast verður um að þarna sé vísað til geimfarans Bjarna Tryggvasonar, sem fór reyndar ekki til tunglsins, heldur almennt til þekkingar mannkynsins. Nú er að sjá hvort Kínverjar, sem reyndar hafa bara sent mann út í geim, átti sig á þessari tengingu. Án þess að á nokkurn hátt sé verið að bera saman það sem þeir vilja loka fyrir á internetinu og klámið sem vísað var hér til, má þó benda á að Kínverjum hefur reynst sín lokun þrautin þyngri.

Óli Kristján Ármannsson

olikr@frettabladid.is



kolbeinn@frettabladid.is

HALLDÓR



Dögun og þjóðarvilji

STJÓRN MÁL



Helga Þórðardóttir frambjóðandi Dögunar – stjórnmálasamtaka um réttlæti, sanngirni og lýðræði

Dögun er nýtt umbótasinnað stjórnmálaafli sem mun bjóða fram í næstu alþingiskosningum. Við byrjuðum á því að sameinast um kjarnastefnu en í henni koma fram þær megináherslur sem við ætlum að leggja af stað með í kosningarbaráttuna. Þar ber fyrst að nefna öflugar aðgerðir í þágu heimila, með afnámi verðtryggingar á neytendalánunum og almennri leiðréttingu húsnæðislána, í öðru lagi samþykkt nýrrar stjórnarskrár og í þriðja lagi er áherslan á auðlindirnar í þjóðareign og uppstokkun á stjórn fiskveiða.

Mjög margir innan Dögunar hafa verið öflugir innan grasrótunnar. Við höfum barist fyrir því að fá Icesave-samninga í þjóðaratkvæðagreiðslu. Sú reynsla hefur kennt okkur að það getur verið afar mikilvægt að hlusta á fólk í landinu. Almennur getur vel kynnt sér flókin mál og tekið skynsamur ákvarðanir. Það sem skilaði okkur góðum árangri var samtakamáttur upplýstrar þjóðar sem neitaði að láta kúga sig.

Við í Dögun vildum líka að fólk í landinu fengi að segja skoðun sína á nýrri stjórnarskrá. Fólk í landinu fékk að segja skoðun sína í ráðgefandi þjóðaratkvæðagreiðslu 20. október síðastliðinn. Á þessu þingi fá stjórnvöld nýtt tækifæri

→ **Við viljum ekki bara nýja umræðuhefð á Alþingi og á milli stjórnmálaflokka, heldur viljum við leggja ríka áherslu á að hlusta á fólk í landinu.**

til að hlusta á vilja þjóðarinnar og fara að vilja hennar varðandi nýja stjórnarskrár.

Dögun setti líka af stað undirskriftarsöfnun á thjodareign.is þar sem við hvöttum landsmenn til að fara fram á þjóðaratkvæðagreiðslu um stjórn fiskveiða. Við teljum að nýtt kvótafrumvarp ríkisstjórnarinnar sé hvorki í samræmi við auðlindaákvæðið í nýrri stjórnarskrá né við vilja þjóðarinnar og að það séu hræðileg mistök að hlusta ekki á þjóðarviljann.

Dögun er stjórnmálaafli sem vill koma með nýja nálgun inn í stjórnmálin. Við viljum ekki bara nýja umræðuhefð á Alþingi og á milli stjórnmálaflokka, heldur viljum við leggja ríka áherslu á að hlusta á fólk í landinu. Það getum við gert með því að koma á þátttökulyðræði og efla beint lýðræði og þar er fyrsta skrefið að hlusta. Þess vegna er Dögun flokkur almannahagsmuna en ekki sérhagsmuna.

Gefins en dæma- laust dýrmætt

Í DAG

Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir borgarfulltrúi



Langflestir kennarar læra til starfars vegna þess að þeir hafa áhuga á námsefninu sem þeir ætla að kenna, hafa áhuga á börnunum og þroska þeirra eða vilja leggja sitt af mörkum við að móta framtíðina. Ólíklegt er að margir sækji í kennarastarfið vegna launa þó að kjörin hafi hægt mjakast í rétta átt. Þrátt fyrir háleitar hugsjónir kennara er margt sem bendir til að börn í íslenskum grunnskólum beri of litla virðingu fyrir kennurum sínum.

Virðing er forsenda árangurs

Reglulega er vísað til framúrskarandi árangurs Finna í grunnskóla-kerfinu. Finnar eru ítrekað efstir í PISA-könnun OECD sem mælir árangur grunnskólanemenda. Íslenskir grunnskólanemar eru í sömu könnun í meðaltali OECD-landanna. Finnar hafa í kjölfarið á sínum frábæra árangri boðið upp á ráðstefnur og námskeið til að kynna hefðir sínar, kennsluáferðir og ólíkar skólagerðir. Það er vissulega margt sem getur útskýrt árangur Finna. Eins og gengur eru sumar af áherslum þeirra sambærilegar okkar áherslum í skólamálu en annað í íslenskum skólum er betra en í Finnlandi, til dæmis þættir er varða mælingar á líðan barna í skólum.

Ad mati Finna sjálfra er þó lykilkvættur í árangri þeirra hversu mikil og almenn virðing ríkir fyrir kennarastarfinu, en virðing fyrir finnskum kennurum hefur lengi verið mjög mikil. Ólíkt því sem gerist hér á landi er finnskum kennurum nær alfarið treyst fyrir því að velja námsefni, kennsluáættingu og hvenær námsefni er kennt þar sem aðalnámsskrá Finna er mjög opin og sveigjanleg. Mikili traust og virðing samfélagsins fyrir kennurum er ekki síður tilkomin vegna jákvæðs viðhorfs Finna til menntamála en stefnumótandi ákvarðana skólafyrvalda.

Virðing í verki

Eitt af því mikilvægasta sem foreldrar kenna börnunum sínum er að bera virðingu fyrir lífinu, fólki og hlutum. Besta leiðin til að kenna börnunum að bera virðingu fyrir fólki er að umgangast börnin sjálf og aðra með virðingu. Þegar barn upplifir að því sé sýnd virðing veit það af reynslu hvernig það er gert. Virðing verður enda best kennd með framkomu og dæmum. Kennarinn minn í grunnskóla kenndi okkur virðingu með því að beina athygli okkar að ýmsum atvikum í skólafunni. Þegar við átti það hún um þögn og greip tækifærið

Ólíkt því sem gerist hér á landi er finnskum kennurum nær alfarið treyst fyrir því að velja námsefni, kennsluáættingu og hvenær námsefni er kennt þar sem aðalnámsskrá Finna er mjög opin og sveigjanleg.

til að útskýra hegðun sem tengd-ist virðingu. Með þessu ýtti hún undir tillitssemi við náungann. Ef pennaveski féll á gólfu og einhver hjálpaði eigandanum sagði hún okkur að þarna væri sýnd tillitssemi. Kennarar hafa sannarlega nóg af tækifærum til að benda á dæmi sem kenna börnunum að bera virðingu fyrir félögum, skólum og umhverfinu.

„Þessir kennarar ...“

Grunnurinn að því að börn beri virðingu fyrir skólunum sínum verður þó best lagður heima fyrir. Nú liggur ekkert fræðilegt mat fyrir á því hvort foreldrar skólubarna tala vel eða illa um kennara og annað starfsfólk skólanna heima við. Einhverjir foreldrar hafa eflaust staðið sig að því að tala óvarlega fyrir framan börnin sín. Sumir hafa kannski pirrast yfir ákveðnum kennurum eða sýnt óþarflega mikla ákefð þegar umræður um launamál kennara ber á góma. Það er að sama skapi tilfinning margra kennara að neikvæð umræða á heimilinu um árangur skóla, störf og kjaramál kennara sé staðreynd. Slíkt virðingarleysi væri sannarlega meinsemd enda taka börnin mikið mark á því hvað foreldrum þeirra finnst. Foreldrar og forráðamenn ynnu þannig gegn því að börnin okkar lærðu að meta mikilvægi menntunar og með því væri beinlínis verið að draga úr árangri barna okkar. Neikvæð umræða um skólustarfi heima við getur gefið börnunum tilfinningu fyrir því að skóli sé að einhverju leyti tímasóun og dregur jafnframt úr mikilvægu samstarfi heimilis og skóla. Miklu fremur ætti að halda þeirri skoðun á lofti að „menntun sé lykillinn að framtíðinni“.

Við matarborðið heima

Börnin okkar munu aldrei virða skólann sinn, námið né kennarana sína nema þessum sömu hlutum sé sýnd virðing heima fyrir. Virðingin kemur þegar samtali fjölskyldunnar við matarborðið heima, um alla þá sem leggja sitt af mörkum til náms barnsins, breytist til hins betra. Ræðum um það sem vel er gert og setjum okkur í spor kennarans. Ræðum líka dæmi um virðingarleysi við börnin okkar þegar tækifæri gefast. Gerumst fyrirmyndir og sýnum virðingu í verki. Það er gefins en dæmalaust dýrmætt.

AF NETINU

Framsókn og veruleikinn

Verðtryggingin er blóraböggull. Hún er skilgetið afkvæmi krónunnar og þess að á Íslandi er enginn pólitískur stuðningur við það að reka sterkan gjaldmiðil. Framsóknarmenn tala um að bæta umgjörð krónunnar en ég hef aldrei heyrt þá verja Seðlabankann þegar hann hækkar vexti til þess að halda aftur af verðfalli krónunnar.

Hinn raunverulegi vandi er verðbólgan. Sá vandi verður ekki leystur með því að banna verðtryggð lán. Það mun bara gera illt verra með því að koma í veg fyrir að fólk geti dreift háum vaxtagreiðslum þegar verðbólga er há yfir líftíma láns síns.

Hugsum þessa hugsun til enda. Segjum sem svo að verðtryggð lán verði bönnuð og fimm árum seinna komi síðan gott íslenskt „verðbólgu-skot“ upp á 16%. Bankarnir munu þá hækka nafnvexti húsnæðislána sem nemur verðbólgukskotinu. Þeir sem skulda húsnæðislán munu þá þurfa að greiða um 20% af höfuðstól lánsins í vexti á því ári. Þá er ég hræddur um að margir lendi í verulegum vandræðum og vilji eiga kost á því að dreifa þessum háu vaxtagreiðslum yfir það sem eftir lifir lánstímans. En það er einmitt það sem verðtrygging gerir og hún verður þá bönnuð.

<http://blog.pressan.is/jonsteinsson/>

Jón Steinsson

112 er barnanúmerið

Börn eru frá fæðingu háð umönnun foreldra sinna og hafa gæði umönnunarinnar úrslitaáhrif á velferð barna og fullorðinslífi þeirra. Þó allir foreldrar vilji reynast barni sínu vel eru ýmsir álagssþættir sem hafa áhrif á foreldrahæfni þeirra, bæði ytri og innri þættir eins og fjárhagsvandi, veikindi og skortur á stuðningi. Þessir þættir spila oft saman, sem eykur álagið enn frekar og hefur umhverfið þannig veruleg áhrif á það hvernig til tekst. Afríska mál-tækið „það þarf heilt þorp til að ala upp barn“ á vel við en vanræksla, ofbeldi og áhættuhegðun barna eru þættir sem tengjast innbyrðis. Því er mikið í húfi að stofnanir samfélagsins séu á varðbergi í því skyni að skima fyrir áhættuþáttum.

BARNAVERND



Steinunn Bergmann félagsráðgjafi hjá Barnaverndarstofnu

Fjölskyldur sem háðar eru opinberri aðstoð verða oftar fyrir íhlutun barnaverndaryfirvalda en aðrar fjölskyldur og því hefur stefnumótun stjórnvalda og almennar aðgerðir bein áhrif á stöðu barna. Stuðningur til foreldra þarf að miða að því að koma í veg fyrir vanrækslu og ofbeldi og þurfa öll svið samfélagsins að taka þátt í því. Vanræksla og ofbeldi fyrstu ævianin hefur áhrif á lífsgæði barna og fullorðinslífi en það er hlutverk barnaverndaryfirvalda að bregðast við tilkynningum um vanrækslu og ofbeldi gagnvart börn-

um og beita stuðningsaðgerðum eftir því sem við á.

Tilkynningaskylda

Barnaverndarnefndir sveitarfélaga hafa það hlutverk að taka á móti tilkynningum um misfellur í aðbúnaði barna. Til að tryggja að barnaverndarnefndum berist upplýsingar frá þeim sem vita um raunverulegar aðstæður barna hefur tilkynningaskylda verið lögfest í barnaverndarlögum. Helstu atriði sem tilkynnt er um varða grun eða vissu um vanrækslu, ofbeldi gagnvart barni eða að barn stefni heilsu sinni og þroska í hættu. Einnig er skylt að gera barnaverndarnefnd viðvart ef ástæða er til að ætla að heilsu eða lífi ófæddis barns sé stefnt í hættu með óviðunandi eða háskalegu líferni þungaðrar konu.

Það er algengt að ofbeldi innan fjölskyldu sé þaggað niður en í kjölfar umfjöllunar fjölmiðla undanfarin misseri um kynferðisbrot gegn börnum hafa fjölmörg mál komið upp á yfirborðið. Þegar barn segist hafa verið beitt ofbeldi er rétt að tilkynna til barnaverndarnefndar en ekki lögreglu. Það er síðan barnaverndarnefndar að meta það hvort málinu er vísað áfram til lögreglurannsóknar. Mikilvægt er að börn og foreldrar viti hvert á að leita þegar grunur er um vanrækslu eða ofbeldi gagnvart barni.

→ Mikilvægt er að börn og foreldrar viti hvert á að leita þegar grunur er um vanrækslu eða ofbeldi...

Neyðarlínan

Neyðarlínan – 112 – tekur á móti tilkynningum samkvæmt umboði frá barnaverndarnefndum landsins. Barnaverndarstofa hafði frumkvæði að samstarfinu árið 2003 en markmiðið er að hægt verði að hafa samband við allar barnaverndarnefndir landsins gegnum 112 á öllum tímum sólarhringsins og auðvelda þannig almenningi að rækja lagaskyldur sínar um að tilkynna til barnaverndarnefnda. Þegar neyðarvörður hefur móttækið tilkynningu skráir hann helstu upplýsingar og kemur þeim til viðkomandi barnaverndarnefndar. Ef talið er að barn geti verið í hættu er barnaverndarstarfsmaður tafarlaust kallaður út. Í tilvikum þar sem aðstæður barnsins eru ekki eins brýnar er upplýsingum komið áfram til barnaverndarnefndar í upphafi næsta vinnudags.

Í tengslum við 112-daginn er vert að vekja athygli á tilkynningaskyldunni og upplýsa almenning um það hvert er hægt að leita þegar velferð barns er í húfi. Í því skyni hefur verið útbúið veggspjald til að dreifa í leik- og grunnskóla, heilsugæslu og á aðra þá staði sem veita þjónustu fyrir börn og fjölskyldur.

ÞVOTTAVÉLAR • ÞURRKARAR og UPPÞVOTTAVÉLAR



Gerðið hreinlega **frábær kaup** á eðal heimilistækjum!

<p>ÞVOTTAVÉL LAVAMAT 60260FL (ÍSLENSKT STJÓRNBOÐ)</p> <p>1200 snúninga Taumagn 6 kg Öll hugsanleg þvottakerfi • Íslensk notendahandbók</p> <p>Listaverð: 135.900,- Þú sparar: 20.385,-</p> <p>TILBOÐSVERÐ – 115.515,-</p>	<p>ÞVOTTAVÉL LAVAMAT 60460FL (ÍSLENSKT STJÓRNBOÐ)</p> <p>1400 snúninga Taumagn 6 kg Öll hugsanleg þvottakerfi • Íslensk notendahandbók</p> <p>Listaverð: 145.900,- Þú sparar: 21.885,-</p> <p>TILBOÐSVERÐ – 124.015,-</p>	<p>UPPÞVOTTAVÉL FAVORIT 45010-W/M</p> <p>Tekur 12 manna stell 5 þvottakerfi Turbo-þurrkun Hljóðlát velt: 47db (re 1 pW) Orkunýtni: A Þvottahæfni: A Þurrkhæfni: A</p> <p>Listaverð: 99.900,- Þú sparar: 109.990,- HVÍT STÁL</p> <p>TILBOÐSVERÐ – 99.900,-</p>	
<p>ÞVOTTAVÉL LAVAMAT 75470FL (ÍSLENSKT STJÓRNBOÐ)</p> <p>1400 snúninga Taumagn 7 kg Öll hugsanleg þvottakerfi Kolalaus mótur • Íslensk notendahandbók</p> <p>Listaverð: 179.900,- Þú sparar: 26.985,-</p> <p>TILBOÐSVERÐ – 152.915,-</p>	<p>ÞVOTTAVÉL LAVAMAT 75670FL (ÍSLENSKT STJÓRNBOÐ)</p> <p>1600 snúninga Taumagn 7 kg Öll hugsanleg þvottakerfi Kolalaus mótur • Íslensk notendahandbók</p> <p>Listaverð: 189.900,- Þú sparar: 28.485,-</p> <p>TILBOÐSVERÐ – 161.415,-</p>	<p>ÞVOTTAVÉL LAVAMAT 98699</p> <p>1600 snúninga Taumagn 9 kg Öll hugsanleg þvottakerfi Kolalaus mótur • Íslensk notendahandbók</p> <p>Listaverð: 217.900,- Þú sparar: 32.685,-</p> <p>TILBOÐSVERÐ – 185.215,-</p>	
<p>ÞVOTTAVÉL LAVAMAT 87680FL (ÍSLENSKT STJÓRNBOÐ)</p> <p>1600 snúninga Taumagn 8 kg Öll hugsanleg þvottakerfi Kolalaus mótur • Íslensk notendahandbók</p> <p>Listaverð: 197.900,- Þú sparar: 29.685,-</p> <p>TILBOÐSVERÐ – 168.215,-</p>	<p>ÞURRKARI LAVATHERM T76280AC (ÍSLENSKT STJÓRNBOÐ)</p> <p>Barkalaus Rakaskynjari Taumagn: 8 kg • Íslensk notendahandbók</p> <p>Listaverð: 149.900,- Þú sparar: 22.485,-</p> <p>TILBOÐSVERÐ – 127.415,-</p>	<p>UPPÞVOTTAVÉL ZDF2010 - W/M</p> <p>12 manna stell 5 þvottakerfi 4 hraðastillingar A/A/A orkunýting Hljóð 51db Þvottahæfni: A Þurrkhæfni: A</p> <p>Listaverð: 79.900,- Þú sparar: 89.990,- HVÍT STÁL</p> <p>TILBOÐSVERÐ – 79.900,-</p>	
<p>ÞVOTTAVÉL OG ÞURRKARI LAVAMAT 75470 & LAVATHERM T76280 PAR 1</p> <p>ÞVOTTAVÉL 1400 snúninga - Taumagn 7 kg Öll hugsanleg þvottakerfi • Íslensk notendahandbók</p> <p>ÞURRKARI Barkalaus með rakaskynjara Taumagn 8 kg Íslensk notendahandbók • Íslensk notendahandbók</p> <p>Listaverð á PARINU: 329.800,- Þú sparar: 56.965,-</p> <p>TILBOÐSVERÐ – PARIÐ 272.835,-</p>		<p>ÞVOTTAVÉL OG ÞURRKARI LAVAMAT 87680FL & LAVATHERM T86280IC PAR 2</p> <p>ÞVOTTAVÉL 1600 snúninga - Taumagn 8 kg Öll hugsanleg þvottakerfi Kolalaus mótur • Íslensk notendahandbók</p> <p>ÞURRKARI Barkalaus með rakaskynjara Taumagn: 8 kg Staðfrænn framvindsúskjár • Íslensk notendahandbók</p> <p>Listaverð á PARINU: 363.800,- Þú sparar: 62.865,-</p> <p>TILBOÐSVERÐ – PARIÐ 300.935,-</p>	

Umboðsmenn um land allt



ORMSSON

LÁGMÚLA 8
SÍMI 530 2800
www.ormsson.is

VAXTALASUR RÁÐGREIÐSLUR 3.6% Íantökugjafi

ORMSSON KEFLAVÍK SÍMI 421 1535

ORMSSON AKRANESI SÍMI 530 2870

ORMSSON PRISTUR-ÍSAFIRDI SÍMI 456 4751

ORMSSON AKUREYRI SÍMI 461 5000

ORMSSON HÚSAVÍK SÍMI 464 1515

ORMSSON VÍK-EGILSSTÖÐUM SÍMI 471 2038

ORMSSON PAN-NEKAUPTSTAD SÍMI 477 1900

ORMSSON ÁRVIRKINN-SELFOSSI SÍMI 480 1160

Opin gögn og upplýst þjóð

Hvað greiði ég fyrir mennta- og heilbrigðis-kerfið? Hvernig verja ráðherrar ráðstöfunarfé sínu? Við hvaða fyrirtæki skipta opinberar stofnanir? Oft heyrast spurningar á borð við þessar en misjafnt er hvort opinber gögn liggja fyrir sem svara þeim.

Ad mínu mati eiga upplýsingar sem varða það hvernig skattfé almennings er varið að vera öllum aðgengilegar. Með tölvutækni nútímans er það líka vel mögulegt. Á þetta hefur Bretinn Tim Berners-Lee, sem oft er nefndur faðir internetsins, bent. Hann hefur nýlega sagt að næsta bylting á netinu muni snúast um opið aðgengi að gögnum. Árið 2009 skoraði Tim á stjórnvöld, menntastofnanir og fyrirtæki að opna gögn. Áskorunin snýst um að birta fjölda gagnapakka á netinu. Þar eru þeir aðgengilegir öllum, þeim má dreifa og miðla á hvaða sniði sem er, undir opnum leyfiskilmálum.

Fyrstu skrefin

Á örfáum árum hefur orðið mikil þróun í þessum málaflokki um

UPPLÝSINGAR



Katrín Júlíusdóttir fjármála- og efnahagsráðherra

allan heim. Bretar og Bandaríkjamenn hafa verið í broddi fylkingar og lagt áherslu á aukið aðgengi að gögnum. Sem dæmi birta bresk stjórnvöld meira en 9.000 gagnapakka á vefsíðunni <http://data.gov.uk>. Þar getur fólk til dæmis skoðað útgjöld ráðuneyta, stofnana og sveitarfélaga. Þá má nálgast annars konar upplýsingar, t.d. landfræðilegar.

Hér á landi erum við skemmra á veg komin í þessum málum. Í því skyni að auka birtingu fjárhagsupplýsinga ríkisins setti ég á dögunum, ásamt forsætisráðherra, á fót starfshóp sem vinna á tillögur í þessum efnum.

Hópurinn er að skoða hver ættu að vera fyrstu skref ráðuneytisins í birtingu fjárhagsupplýsinga og skilar hann tillögum sínum á næstu vikum. Vonast er til að vinna hópsins geti nýst í framhaldinu við stefnumótun og opnun fleiri gagnapakka. Takmarkið ætti að mínu mati að vera að gögn um tekjur og útgjöld ríkisins séu aðgengileg hverjum þeim sem vill kynna sér þau. Ný upplýsingalög gefa tóninn fyrir þessa vinnu. Þar

→ Frjáls aðgangur að gögnum á borð við fjárhagsupplýsingar ríkisins leiðir til upplýstara samfélags og aukins valds almennings.

er skýrt tekið fram að persónugreinanleg gögn eru undanskilin birtingu.

Nýsköpun og hagræðing

Fyrir utan sjónarmið um lýðræði og gagnsæi sem liggja að baki birtingu opinberra gagna eru önnur veigamikil rök. Opin gögn geta stuðlað að nýsköpun í samfélaginu. Gott dæmi eru fyrirtæki eins og Datamarket og vefsíðan Gogn.in, en þau vinna með þau gögn sem eru aðgengileg í dag. Þá má einnig stuðla að hagræðingu í opinberri stjórnsýslu, t.d. með sjálfsafgreiðslu á fyrirsprungnum, vinnusparnaði við gagnagreiningu og einföldun á mati áhrifa efnahagslegra aðgerða.

Frjáls aðgangur að gögnum á borð við fjárhagsupplýsingar ríkisins leiðir til upplýstara samfélags og aukins valds almennings. Birting þeirra veitir aðhald og hvetur til ráðdeildar. Þess vegna er hún brýn.

Hve „alvarlegar“ eru athugasemdir Fenejjanefndarinnar?

Áður en álit Fenejjanefndar um frumvarp að nýrri stjórnarskrá hefur komið út í heild á íslensku hafa fjölmiðlar hent á lofti nokkur atriði úr því sem talist gætu „alvarlegar athugasemdir“. Hitt þykir síður fréttæmt, eins og gengur, sem nefndin hefur gott að segja um frumvarpið.

En hvers eðlis eru þær og hve alvarlegar eru þær? Og hve alvarlegar, stórar og margar hefðu athugasemdir nefndarinnar orðið um núverandi stjórnarskrá?

Nefndin bendir á að málskotsréttur forseta Íslands geti valdið togstreitu milli hans og þingsins þar sem hætta sé á að annar aðilinn líti illa í lægra haldi.

En í nýrri stjórnarskrá er þessi réttur þó orðinn mun takmarkaðri en í núverandi stjórnarskrá af því að frumkvæði kjósenda hefur verið bætt við og þörfin á aðkomu forsetans því minnkuð.

Einnig eru sett nauðsynleg tímatakörk og kveðið skýrt á um hvenær þjóðaratkvæðagreiðsla geti fallið niður, en gat í núverandi ákvæði 26. greinar olli deilum 2004 um það hvort niðurfelling þjóðaratkvæðagreiðslu þá hefði verið stjórnarskrárbrot.

Vilji þjóðar

Meirihluti kjósenda hefur látið sér það vel líka að undanförunu að forsetinn hafi málskotsréttinn sem Fenejjanefndin gerir athugasemdir við.

Spurningin er því þessi: Hvort á vilji þjóðarinnar um þetta efni að ráða eða Fenejjanefndin? Eigum við að fella málskotsrétt forsetans niður úr núverandi stjórnarskrá af því að Fenejjanefndin gerir athugasemdir við hann?

Þetta er spurningin um pólitískan vilja þjóðarinnar.

Tökum þá hliðstæðu að Fenejjanefndinni væri falið að gefa álit á stjórnarskrá Bandaríkjamanna og að hún benti á að neitunar- eða frestunarvald forsetans gæti skapað togstreitu þingsins og forsetans þar sem annar aðilinn gæti lotið illa í lægra haldi. Myndu Bandaríkjamenn breyta stjórnarskránni út af þessu áliti?

Það hygg ég að væri ólíklegt og líklegra væri að pólitískur vilji bandarísku þjóðarinnar sé að

viðhalda núverandi valdreifingu, valdmörkum og valdtemprun sem felst í ákvæðum um samskipti forseta og þings.

Fenejjanefndin bendir á að Alþingi hljóti mikil völd samkvæmt frumvarpi stjórnlagaráðs og að það geti skapað „þrátefli og óstöðugleika“.

Nú er það svo að í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis og umræðum um völd og virðingu Alþingis hefur um árabil verið kvartað yfir því að framkvæmdarvaldið hafi beitt löggjafarvaldið ofríki svo að Alþingi hafi orðið að máttlausri afgreiðslustofnun fyrir ríkisstjórnir.

Þess vegna er gert ráð fyrir því í frumvarpi stjórnlagaráðs að skerpa á þingræðinu sem hluta af aukinni valdreifingu og valdtemprun sem hamlað geti sumu af því sem skóp aðdraganda hrunsins.

Fenejjanefndin bendir á að skapast geti „þrátefli“ í samskiptum þings og ráðherra. Það getur auðvitað gerst ef áfram er viðhaldið því andrúmslofti hótana og trúnaðarbrests þem þjakað hefur íslensk stjórnarmál.

Skoðum hliðstæðu. Í nágrenna löndum okkar ýmsum eru minnihlutastjórnir algengar.

Ef Fenejjanefndin gæfi álit um það gæti hún bent á að slíkt ástand gæti skapað togstreitu og þrátefli. En samt hefur það ekki gerst í þessum löndum af því að valdtemprunin og valddreifingin hefur leitt af sér annað og betra stjórn málaástand samvinnu og samræðu en hér ríkir.

Fenejjanefndin bendir á að vald einstakra ráðherra sé mikið í frumvarpi stjórnlagaráðs. En hvað myndi hún segja um núverandi ástand þar sem hver ráðherra um sig er í raun einráður á sínu sviði þegar hann vill það við hafa og ráðherrar telja að þeir beri ekki hver ábyrgð á gerðum annars?

Kærkomið álit

Í nýrri stjórnarskrá yrðu ákvæði sem draga eiga úr vanköntum þessa ástands með því að sköpuð sé samábyrgð ráðherra hvers á gerðum annars sem þeir geti ekki skorast undan nema með sérstakri bókun um það efni.

→ Meirihluti kjósenda hefur látið sér það vel líka að undanförunu að forsetinn hefði málskotsréttinn sem Fenejjanefndin gerir athugasemdir við.

Álit Fenejjanefndarinnar er kærkomið inn í umræðuna um stjórnarskrána og hefði betur verið farið að óskum stjórnlagaráðs á sínum tíma um að fá það álit strax þegar frumvarpið kom fram.

Álit skerpur á sýn okkar um það hvers vegna meirihluti þátttakenda í þjóðaratkvæðagreiðslu lét í ljós þann pólitíska vilja að leggja meginatriði frumvarps stjórnlagaráðs til grundvallar nýrri og betri stjórnarskrá, þar með talda aukna valddreifingu og valdtemprun með auknu þingræði og að forsetinn geti verið þáttur í auknu beinu lýðræði.

Frumvarpið tekur fyrirmyndir í stjórnarskrám þeirra þjóða þar sem stjórnarfar er einna best og farsælast þótt valdinu sé dreift og það geti kallað á togstreitu um stefnu og aðferðir. Ur því hafa þessar þjóðir unnið á þann veg að ástand íslenskra stjórnarmála stingur í augu í samanburðinum.

Fenejjanefndin telur völd forseta Íslands lítil samkvæmt frumvarpinu en forsetinn sjálfur telur þau mikil. Ætli raunveruleikinn liggir ekki þarna á milli, að þau verði í heild svipuð og verið hefur?

Ef menn vilja að engin hætta sé á þrátefli milli valdþátta geta menn farið þá leið, sem reynd var forðum: „Ein Volk, ein Führer“. Eða unað því að Alþingi sé afgreiðslustofnun fyrir framkvæmdarvaldið.

Ég hef hér að ofan rakið nokkur atriði sem Fenejjanefndin bendir á og rökstutt þá skoðun mína að þau feli ekki þann vilja sem kom fram í þjóðaratkvæðagreiðslu að leggja frumvarp stjórnlagaráðs til grundvallar nýrri stjórnarskrá. Það tel ég aðalatriði málsins sem og það að rofið sé það raunverulega þrátefli neitunarvalds minnihlutans sem hefur í 70 ár komið í veg fyrir að loforð landsfeðranna um nýja stjórnarskrá sé efnt.

Verkir í hálsi og öxlum?

Verkjastillandi og bólgueyðandi við verkjum í hálsi og öxlum!



Voltaren

Fæst án lyfseðils

Voltaren 11,6 mg/g, hlaup. Inniheldur 11,6 mg af díklófenakvítylamíni. Ábendingar: Staðbundnir bólgukvíllar. Skammtar og lyfjagjöf: Fullorðnir og börn 14 ára og eldri: 2-4 g af hlaupi borðið á samt svæði 3-4 sinnum á sólarhring. Mælt er með handþvotti eftir notkun, nema verið sé að meðhöndla hendur. Ef meðhöndla á bráð, minniháttar meiðsli í stoðkerfi skal ekki nota Voltaren lengur en 7 daga án samráðs við lækni. Hafið samband við lækinn ef einkenni eru viðvarandi eða versna eftir meðferð í 7 sólarhringa. Frábendingar: Ofnæmi fyrir einhverju innihaldsefnanna, asetylísalísýru og öðrum bólgueyðandi gigtarlyfjum (NSAID). Sjúklingar sem hafa fengið astma, ósakiáða eða bráða nefslímubólgu af völdum asetylísalísýsýru eða annarra bólgueyðandi gigtarlyfja (NSAID) eiga ekki að nota lyfið. Síðustu 3 mánuðir meðgöngu. Má ekki nota handa börnum og unglungum 14 ára og yngri. Sérstök varnaðarorð: Má eingöngu bera á heila og heilbrigða húð og alls ekki á slímhúðir eða augu. Getur valdið húðertingu. Varast skal mikið sólarljós, notkun samhliða bólgueyðandi lyfjum eða að hylja notkunar svæðið með lofþéttum umbúðum. Gæta skal sérstakrar varúðar hjá öldruðum eða astma-/ofnæmis-sjúklingum (hefur valdið berkjukrampa). Hætta á meðferð ef útbrot koma fram eftir notkun. Við notkun á stór húðsvæði eykst hættan á almennum aukaverkunum, t.d. á nýru. Við brjóstgöngu eða meðgöngu má eingöngu nota lyfið í samráði við lækni. Lesið leiðbeiningar á umbúðum og í fylgiseðli fyrir notkun. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá. Markaðsleyfis hafi: Novartis Consumer Health S.A. Umboð á Íslandi: Artasan ehf., Suðurlhrauni 12a, 210 Garðabæ

VOL130103



RAFVÖRU MARKAÐURINN

LJÓSAKRÓNUR

LÁGVÖRUVERÐS-VERSLUN
VIÐ FELLSMÚLA - REYKJAVÍK



19.995

LJÓSAKRÓNA, 5 ARMA



15.995

LJÓSAKRÓNA, 5 ARMA

FJÓRIR LITIR



9.995

LJÓSAKRÓNA



18.495

LJÓSAKRÓNA, 5 ARMA



BLÁTT

BRÚNT

BLEIKT



9.995

LJÓSAKRÓNA



19.995

LJÓSAKRÓNA, 9 ARMA



14.995

LJÓSAKRÓNA, 3 ARMA ANTÍK

14.995

LJÓSAKRÓNA, 3 ARMA STÁL



14.995

LJÓSAKRÓNA, 8 ARMA, STÁL



11.995

LJÓSAKRÓNA, 5 ARMA



17.995

LJÓSAKRÓNA, 5 ARMA ANTÍK

17.995

LJÓSAKRÓNA, 5 ARMA STÁL



11.995

LJÓSAKRÓNA, 5 ARMA, RUST



9.975

LJÓSAKRÓNA, 5 ARMA GYLLT




14.995

LJÓSAKRÓNA, 3 ARMA ANTÍK

14.995

LJÓSAKRÓNA, 3 ARMA STÁL



5.995

LJÓSAKRÓNA, 3 ARMA, RUST



7.995

LJÓSAKRÓNA, 3 ARMA GYLLT




18.995

LJÓSAKRÓNA, 5 ARMA ANTÍK

18.995

LJÓSAKRÓNA, 5 ARMA STÁL



11.995

LJÓSAKRÓNA, 5 ARMA, RUST

Gildistími er tvær vikur. Vörur geta verið uppseldar. Birt með fyrirvara um prentvillur.

RAFVÖRU MARKAÐURINN

VIÐ FELLSMÚLA - 108 REYKJAVÍK - SÍMI: 585 2888

OPIÐ ALLA DAGA

Mán. til fös. kl. 9 - 18

Laugard. kl. 10 - 16

Sunnud. kl. 12 - 16

Skilningur og misskilningur

Heiðar Már Guðjónsson fjárfestir tileinkaði mér grein í Fréttablaðinu á bolludaginn. Hann veður úr einu í annað en hryggjarstykkid í greininni er fullyrðingar um að ég hafi rangt fyrir mér um fjárhagsstöðu Orkuveitu Reykjavíkur. Telur Heiðar Már að því fyrirtæki sé ekki viðbjargandi án nauðasamninga og er það væntanlega ástæða greinaskrifanna.



Gylfi Magnússon
dósent

Um þetta væri hægt að fjalla í löngu máli en það verður ekki gert hér. Þó verður að nefna helstu staðreyndir. Orkuveitan varð fyrir miklum búsfjum á fyrsta áratug aldarinnar, eins og lesa má um í ítarlegri skýrslu. Með miklu átaki síðan þá hefur tekist að snúa rekstrinum við. Nú leikur enginn vafi á því að fyrirtækið getur staðið undir skuldbindingum sínum. Þetta hefur náðst með miklum aðhaldsaðgerðum, samdrætti í fjárfestingum og eignasölu og með því að láta gjaldskrá fylgja almennum verðlagsbreytingum, en ekki snarlækka að raungildi í verðbólgu. Fyrir vikið hefur reksturinn snúist við. Þá hefur verið samið við lánardrottina um breytingar á afborgunum lána til að létta greiðslubyrði og eigendur hafa veitt því vijkjandi lán.

Þótt Orkuveitan hafi talsverð-

ar tekjur í erlendri mynt þarf fyrirtækið að kaupa nokkurn gjaldeyri á næstu árum til að greiða afborganir erlendra lána með tekjum í krónum. Þau kaup munu þó fyrirsjáanlega fara minnkandi eftir þetta ár og á endanum verður fyrirtækið seljandi en ekki kaupandi á gjaldeyri.

Skuldir fyrirtækisins hafa farið lækkaði síðan hafi farið lækkaði síðan gripid var til aðhaldsaðgerða og fjárstreymi frá rekstri aukist til muna svo að nú dugar það fyrirsjáanlega fyrir öllum skuldbindingum. Raunhæft virðist að eiginfjárlutfall fyrirtækisins verði orðið ríflega 40% innan fimm ára. Allt talnaefni um þetta hefur verið gert opinbert.

Nauðasamningar

Það er því augljóslega engin þörf fyrir nauðasamninga Orkuveitunnar og það hafa engin áform verið um þá hjá stjórnendum fyrirtækisins. Að auki er rétt að benda á það að allir slíkir samningar myndu sjálfkrafa fela einnig í sér nauðasamninga fyrir Reykjavíkurborg, sem ábyrgist lán Orkuveitunnar og tók raunar sjálf mörg þeirra, og tvö önnur sveitarfélög.

Í ljósi þess að Heiðar Már gerir svo mikið úr fjárhagsvandradæðum Orkuveitunnar og þörf hennar að hans mati fyrir nauðasamninga

skora ég á hann að upplýsa um það hvaða aðkomu hann sér fyrir sér að hann gæti haft að slíkum nauðasamningum og hve mikið hann gæti hagnast á þeim. Það hefði verið eðlilegt að upplýsa um það í grein sem þessari.

Heiðar Már gerir einnig að umtalsefni skuldastöðu þjóðarbúsins og viðskiptajöfnuð. Þar verður að viðurkenna að talnaefni er flókið og sumar stærðir matskennar. Því er ekki skrytið að menn túlki tölurnar á mismunandi hátt. Stóra myndin er þó skýr. Besta úttektin á stöðunni til þessa er ítarleg skýrsla Seðlabankans frá árinu 2011. Þar var niðurstaðan að skuldir landsmanna umfram eignir í útlöndum, að teknu tilliti til eigna erlendra aðila hér, væru ríflega helmingur landsframleiðslu og á þann mælikvarða mun minni en fyrir hrún. Þá er ekki tekið tillit til þess að hluti mældra erlendra skulda þjóðarbúsins eru innanhússkuldir Actavis-samsteypunnar, sem koma öðrum líft við. Án þeirra er staðan enn betri.

Viðráðanlegar skuldir

Jafnvel þótt deila megi um mat á eignum eða skuldum breytir það ekki þeirri niðurstöðu að erlendar skuldir þjóðarbúsins eru viðráðanlegar. Þó er óleystur vandi vegna þess að dreifa þarf greiðslum af erlendum skuldum á langan tíma. Snjóhengjan svokallaða er enn

til staðar, bæði vegna innlendra eigna erlendra aðila nú og upp-gjöra þrotabúa bankanna. Ganga þarf þannig frá máli að hún verði greidd niður hægt og sigandi á 10-20 árum til að hægt verði að afnema gjaldeyrishöft. Það verður vonandi gert sem fyrst.

Tölur um viðskiptajöfnuð eru, líkt og skuldatölurnar, ekki jafnákvaðar og helst væri á kosið. Gagnlegasta matið á stöðunni eru tölur Alþjóðagjaldeyrissjóðsins sem telur að raunverulegur viðskiptajöfnuður Íslands í ár verði jákvæður um sem svarar 3,5% af vergri landsframleiðslu (rúmir 60 milljarðar króna) og síðan jákvæður um því sem næst 2% næstu ár. Jafnframt spáir stofnunin 2-3% hagvexti hérlendis á næstu árum. Það er meira en nóg til að snúa erlendri skuldastöðu við, þannig að þjóðarbúið eigi hreina eign í útlöndum á innan við 20 árum.

Þá rekur Heiðar Már á frekar ruglingslegan hátt ýmis mál er tengjast myntkórfulánum og lög-mæti þeirra. Um það er ekki annað að segja en það sem hefur alltaf legið fyrir og ég hef margoft lýst yfir á undanförunum árum. Það var og er hlutverk Hæstaréttar að skera úr um slíkan ágreining. Það var ógjörningur að sjá fyrir hver niðurstaða réttarins yrði, enda hefur hann sitt á hvað dæmt myntkórfulán lögmet og ólögmet (eða réttara sagt skilmálana óskuld-

→ Það eru hins vegar engin teikn á lofti, sem betur fer, um að skattgreiðendur tapi því fé sem sett var fyrir þeirra hönd inn í nýja Landsbankann.

bindandi), farið með vaxtaákvæði með ýmsum hætti og klofnað hvað eftir annað.

Heiðar Már minnst á Sparisjóðinn í Keflavík, síðar SpKef, og stöðu hans. Hún reyndist vissulega enn verri en áætlað var á sínum tíma. Ástæður þess verða væntanlega raktar í væntanlegri skýrslu um sparisjóðakerfið. Hverjar sem ástæðurnar voru þá var þó ekki stætt á öðru en að leggja sjóðnum til fé svo að hann ætti fyrir innstæðum, þótt kostnaður vegna þessa fortíðarvanda lendi því miður á endanum á skattgreiðendum. Það eru hins vegar engin teikn á lofti, sem betur fer, um að skattgreiðendur tapi því fé sem sett var fyrir þeirra hönd inn í nýja Landsbankann.

Að lokum, Icesave. Þar getum við Heiðar Már þó verið sammála um eitt. Samlíkingin við Kúbu var vanhugsuð og kjánaleg og ekki nema sjálfsagt að biðjast velvirðingar á henni. Um allt annað í þessu Icesave-máli erum við Heiðar Már líklega ósammála og verðum það áfram.

Með réttlætið á heilanum

Um hver mánaðamót sitja íslenskar fjölskyldur við eldhúsbordið og velta fyrir sér hvaða reikninga eigi að borga. Hvernig borga eigi bæði stökkbreytt verðtryggð húsnæðislán og mat fyrir fjölskylduna. Á flokksþingi lofaði Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, formaður Framsóknarflokksins, því að eitt meginverkefni Framsóknarmanna yrði að leggja fram raunhæfar tillögur um hvernig leysa megi, eða létta mjög, vanda þeirra sem eru í fjótrum skulda og vonleysis.



Eygló Þ. Harðardóttir
alþingismaður

Við vitum að þetta verður ekki auðvelt. Talsmenn skuldafjöttra og verðtryggingar munu halda áfram áróðursstríði sínu til að halda heimilunum áfram í skuldafangelsi. Þeir munu klifa á því að við getum engu breytt og ekkert gert. Þessu höfnum við Framsóknarmenn. Tími er kominn til að rjúfa umsátrið um heimilin og tryggja þeim réttlæti.

Á þessu kjörtímabili hefur þingflokkur Framsóknarmanna ítrekað lagt fram tillögur til lausna. Ætíð hafa þær tillögur verið tal-

aðar niður. Við höfum barist fyrir almennti leiðréttingu skulda, lagt fram tillögur um hvernig taka megi á þeim vanda sem verðtryggingin veldur íslenskum heimilum, varað við ólögum gengistryggðra lána og bent á að engin sanngirni felist í að bankarnir og erlendir vogunarsjóðir græði á tá og fingri á því að mergsjúga íslensk heimili.

Eflaust hafa einhverjir talið okkur jafnvel með skuldavandann á heilanum. En í stórum málum dugur ekkert annað en staðfesta og þor.

Vandinn þrjúþættur

Vandinn er þrjúþættur. Taka þarf á uppsafnaða vandanum, þeim sem ekki var leiðrétur eftir efnahagshrunið. Í öðru lagi þarf að koma í veg fyrir að lánin geti aftur stökkbreytt með því að taka á verðtryggingunni og loks þarf að tryggja fólki betri lífskjör til framtíðar. Ekkert réttlæti er í að lánþegar verðtryggðra húsnæðislána sitji einir uppi með afleiðingar þess að lánin stökkbreyttust af

→ Tími er kominn til að rjúfa umsátrið um heimilin og tryggja þeim réttlæti.

völdum efnahagshruns. Tryggja þarf neytendavernd á fjármálamarkaði og skipta ábyrgð jafnar á milli lánveitenda og lántaka. Setja þarf „lyklalög“ og auðvelda fólki að færa lánaviðskipti á milli lánastofnana. Við viljum afnema verðtryggingu á neytendalánum og skal starfshópur ljúka þeirri vinnu fyrir árslok 2013. Jafnframt höfum við lagt til nýtt húsnæðislánakerfi og hefur ASÍ lagt fram sambærilegar hugmyndir. Þá verða betri lífskjör aðeins tryggð með aukinni verðmætasköpun þjóðarbúsins.

Á sama tíma og heilu kynslóðirnar hafa orðið eignalaugar hafa bankarnir og kröfuhafar hagnast mjög á viðskiptum sínum og uppfærslu lánasafnanna. Eðlilegt er að þeim ávinningi sé skipt á sanngjarnan máta milli þjóðarinnar og kröfuhafanna.

Til þess þarf kjark og þor. Til þess þarf Framsókn fyrir Ísland.

9 prósentu sátt

Í hátt í 70 ár hafa stjórnmalaflokkar reynt að ná sátt um nýja stjórnarskrá. Þeir hafa jafnvel náð að gera nokkrar breytingar í sátt og nokkrar aðrar í bullandi ósátt en að stærstum hluta er stjórnkerfið óbreytt frá stofnun Lýðveldisins, þrátt fyrir ótal stjórnarskrárnefndir, vegna þess að flokkarnir hafa aldrei getað komið sér saman um heildarendurskoðun á stjórnarskránni.



Ingólfur Harri Hermannsson
stjórnarmaður í Stjórnarskrárfélaginu

Núverandi stjórnarskrá hefur boðið okkur upp á vinaráðningar í æðstu embætti, óskýrt hlutverk forsetans, upplýsingalög sem hafa leynd sem meginreglu, misvægi atkvæða og þjóðþing sem er rúíð trausti.

Þess vegna var gerð krafa um nýja stjórnarskrá eftir hrúnið. Þessa kröfu tóku allir flokkar undir í kosningunum 2009 og eftir kosningar náðu þeir sátt um að setja ferli stjórnarskrárbreytinga af stað.

Ferlið byrjaði með því að þúsund Íslendingar komu saman og ræddu um hvað þeir vildu sjá í nýrri stjórnarskrá. Á meðal niðurstaðna var að náttúruauðlindir ættu að vera í þjóðareign, að bjóða ætti upp á persónukjör og að jafna ætti vægi atkvæða.

Öllum boðin þátttaka

Síðan tók Stjórnlagaráðið við boltanum. Það tók bæði það sem kom frá Þjóðfundinum og það sem komið hafði frá öllum þeim stjórnarskrárnefndum sem hafa starfað frá Lýðveldisstofnun. En það sem var einstakt við vinnubrögð Stjórnlagaráðs var að öllum Íslendingum var boðið að taka þátt í ferlinu. Um leið og tillögur komu fram gat almenningur rætt þær og komið með athugasemdir og ábendingar. Ráðsmenn tóku virkan þátt í umræðunum og tóku tillit til þeirra athugasemda sem fram komu. Þetta er nokkuð sem bæði erlendir fjölmiðlar og erlendir fræðimenn hafa hrósað ráðinu

→ Tveir þriðju hlutar vildu jafnt vægi atkvæða og heil 84% vildu að náttúruauðlindir yrðu í þjóðareign. Þetta mundu flestir segja að væri nokkuð góð sátt. En sáttin nær ekki inn á Alþingi.

sérstaklega fyrir. Ráðið afgreiddi síðan tillögur að nýrri stjórnarskrá í algjörrri sátt.

Það náðist hins vegar ekki sátt um það á þinginu að þjóðin fengi að kjósa um tillögurnar samhliða forsetakosningum sl. sumar og tryggja þannig góða þátttöku. Það þykir nefnilega gott ef það næst þriðjungs kosningaþátttaka í þannig sérkosningum og margir bjuggust ekki við nema fjórðungs þátttöku.

Skrifuð fyrir þjóðina

En þjóðin sýndi að stjórnarskráin skiptir hana máli. Helmingur kjósenda mætti á kjörstað og yfirgnæfandi meirihluti samþykkti nýja stjórnarskrá Stjórnlagaráðs. Enn fleiri samþykktu að beita ætti persónukjóri í meira mæli. Tveir þriðju hlutar vildu jafnt vægi atkvæða og heil 84% vildu að náttúruauðlindir yrðu í þjóðareign. Þetta mundu flestir segja að væri nokkuð góð sátt.

En sáttin nær ekki inn á Alþingi. Þar þrátt flokkarnir og krefjast þess að reynt verði að ná sátt á meðal stærstu stjórnmalaflokkanna. Stjórnmalaprófessor af hægri vængnum bætir því við að stjórnarskrárbreytingar þyrfti helst að samþykkja með tveimur þriðjuhlutum þingmanna svo sátt sé tryggð á þingi sem 9% þjóðarinnar bera traust til.

En stjórnarskráin er ekki skrifuð fyrir þingið og þaðan af síður fyrir flokkana. Hún er fyrir okkur hin, þjóðina.

Viltu takast á við sykurfíknina?

GUÐRÚN BERGMANN rithöfundur og fyrirlsari kennir leiðir til að takast á við þessa földu fíkn, sem hefur ótrúlega eyðileggjandi áhrif á heilsuna og sýnir hvernig hægt að eiga „sætt“ líf án sykurs!

Fimmtudaginn 21. febrúar

Á námskeiðinu verður farið vandlega yfir:

- Hvernig sykurfíknin birtist og hvaða skaðlegu áhrif hún hefur á heilsuna.
- Hvernig hægt er að forðast sykurlífið í mat með því að þekkja „dulnefni“ hans hjá framleiðendum matvæla.
- Mismunandi sykurstuðla fæðuflokka og hvaða sætuefni ber að nota.
- Hvernig frelsið frá fíkninni veitir þér aukna líkamlega orku, heilbrigðari og stinnari húð, bætta meltingu og betra skap.

Guðrún Bergmann
hefur haldið fjölda fyrirlestra og námskeiða sem tengjast sykurfíkn og er annar höfundur bókarinnar um **CANDIDA SVEPPA-SÝKINGAR**

Staður og stund: Heilsuhúsið Lág múla 5, kl. 18:30 - 21:00. Námsgögn með viðtækum upplýsingum innifalín. Verð 4.900 kr. Nánari upplýsingar og skráning á ung@gudrunbergmann.is og www.ungaollumaldr.is

heilsuhúsið

Vissir þú að...
börn eiga rétt á
nægum sveti?

Barnaheill
Save the Children á Íslandi

Kíktu á notadir.brimborg.is

FRÁBÆRT ÚRVAL

Tökum allar tegundir bíla uppí.



Verð: 3.990.000 kr.

Mazda6 Premium (ABY17)
2,0i 155 hö bensín sjálfskiptur
Skrd. 4/2012. Ek. 17.000 km.
Verð: 3.990.000 kr.

FINNDU BÍLINN ÞINN Á
NOTADIR.BRIMBORG.IS



Verð: 3.690.000 kr.

Mazda5 Advance 7 sæta (BFB97)
1,6TDCi 115 hö dísil beinskiptur
Skrd. 6/2012. Ek. 18.000 km.
Verð: 3.690.000 kr.



Verð: 2.590.000 kr.

Citroën C3 Sed. Air. (BSY09)
1,6HDi 92 hö dísil beinskiptur
Skrd. 6/2012. Ek. 21.000 km.
Verð: 2.590.000 kr.



Verð: 3.090.000 kr.

Citroën C4 Comfort (EZE89)
1,6HDi 110 hö dísil sjálfskiptur
Skrd. 4/2012. Ek. 30.000 km.
Verð: 3.090.000 kr.



Tilboð: 2.690.000 kr.

Ford Escape Limited AWD (JLJ27)
3,0i V6 200 hö bensín sjálfskiptur
Skrd. 3/2008. Ek. 90.000 km.
Verð: 2.990.000 kr.
Afsláttur: 300.000 kr.

FINNDU BÍLINN ÞINN Á
NOTADIR.BRIMBORG.IS



Tilboð: 1.990.000 kr.

VW Passat Highline II (PL189)
2,0i 200 hö bensín sjálfskiptur
Skrd. 3/2007. Ek. 95.000 km.
Verð: 2.290.000 kr.
Afsláttur: 300.000 kr.



Tilboð: 1.790.000

Ford Fiesta Trend (LHU00)
1,4i 96 hö bensín sjálfskiptur
Skrd. 6/2011. Ek. 65.000 km.
Verð: 1.950.000 kr.
Afsláttur: 160.000 kr.

FINNDU BÍLINN ÞINN Á
NOTADIR.BRIMBORG.IS



Verð: 6.090.000

Volvo V60 R-Design (UHG78)
2,0 D3 163 hö dísil beinskiptur
Skrd. 9/2011. Ek. 18.000 km.
Verð: 6.090.000 kr.

FINNDU BÍLINN ÞINN Á
NOTADIR.BRIMBORG.IS



Tilboð: 3.590.000 kr.

Ford Kuga Trend AWD (VKL18)
2,0TDCi 140 hö dísil sjálfskiptur
Skrd. 8/2010. Ek. 73.000 km.
Verð: 3.890.000 kr.
Afsláttur: 300.000 kr.



Tilboð: 3.390.000 kr.

Ford Mondeo Trend (VXM01)
2,0TDCi 140 hö dísil sjálfskiptur
Skrd. 6/2011. Ek. 40.000 km.
Verð: 3.630.000 kr.
Afsláttur: 240.000 kr.



Tilboð: 1.290.000 kr.

Opel Corsa Enjoy (YUE67)
1,2i 80 hö bensín beinskiptur
Skrd. 8/2007. Ek. 93.000 km.
Verð: 1.390.000 kr.
Afsláttur: 100.000 kr.



Tilboð: 2.890.000 kr.

Nissan Patrol Luxury 4x4 (ZL639)
3,0TDCi 160 hö dísil sjálfskiptur
Skrd. 10/2006. Ek. 126.000 km.
Verð: 3.590.000 kr.
Afsláttur: 700.000 kr.

Komdu í dag

Virka daga er opið milli kl. 9-17 og milli kl. 12-16 á laugardögum í Brimborg, Bíldshöfða 6 og 8 í Reykjavík og Tryggvabraut 5 á Akureyri.

Kíktu á leitarvélina og finndu
bílinn þinn:
notadir.brimborg.is



Öruggur staður til að vera á

Ferðafrelsi og náttúruvernd

Við landnám N-Ameríku fóru evrópskir landnemar sem logi yfir akur á leið sinni vestur. Hugtakið náttúruvernd var lítt þekkt og hart var gengið fram gagnvart náttúru landsins. Sem dæmi má nefna vísundaveiðar þar sem milljónum dýra var slátrað svo lá við útrýmingu.

NÁTTÚRU-VERND



Björn Guðmundsson jeppaeigandi og áhugamaður um ferðafrelsi og náttúruvernd

Þó kviknaði ljós hjá fáeinum framsýnum mönnum og Yellowstone-þjóðgarðurinn var stofnaður 1872. John Muir stofnaði 20 árum síðar náttúruverndarsamtök Sierra Club í Kaliforníu, sem börðust fyrir náttúruvernd og stofnun fleiri þjóðgarða.

Bílaöld gekk í garð og vegir voru lagðir að þjóðgördum og um þá. Fljótlega varð ljóst að nauðsynlegt var að takmarka bílaumferð um verndarsvæðin. Síðan er liðin meira en hálf öld. Á Íslandi er hins vegar enn margt fólk sem skilur ekki þessa hugsun.

Ég heimsótti nýlega tvo þjóðgarða á vesturströnd Bandaríkjanna, Mt. Rainier-þjóðgarðinn (stofnaður 1899) og North Cascades-þjóðgarðinn (st. 1968). Sá síðarnefndi byggir mjög á hugmyndafræði John Muir. Þeir sem vilja skoða þjóðgarðinn almennilega verða að leggja land undir fót og fara annaðhvort í dagsögur eða taka með sér göngutjald. Í bílalandinu mikla þar sem frelsi einstaklingsins er í hávegum haft í stjórnskránni þykir það orðið sjálfsagt að vernda stór landsvæði fyrir vélknúnum farartækjum.

Gera ekki kröfur

Áratugum saman hef ég stund- að gönguferðir úti í náttúrunni á

Íslandi, í Sviss, Austurríki, Frakklandi, á Ítalíu og í Bandaríkjunum. Göngurnar sem ég fór í í North Cascades-þjóðgarðinum í Washington-fylki eru einhverjar þær mögnuðustu sem ég hef upplifað. Þarna er stórkostleg náttúrufergurð og kynngimagnaðar óbyggðir lausar við vélknúin farartæki. Íbúar fylkisins eru stoltir af náttúru þess og gera ekki kröfu til þess að allir komist á alla staði á bíl. Gönguferðir í óbyggðum eru lífsstíll margra þarna og öflug sjálfbodaliðasamtök halda við frábærum göngustígum.

Evrópa er hins vegar orðin svo þéttbýl að þar eru varla til nein ósnortin víðerni og víst er að Evrópubúar gæfu mikið fyrir að eiga slík svæði í dag. Hér á landi skortir hins vegar marga skilning á gildi ósnortinna óbyggða og víðerna. Enginn veit hvað átt hefur fyrr en misst hefur.

Skv. frumvarpi að nýjum náttúruverndarlögum er ætlunin að „taka til“ í vega- og slóðakerfi landsins. Á Íslandi eru margir vegslóðar sem myndast hafa í árunna rás án alls skipulags og án tillits til náttúruverndar. Sumum þeirra þyrfti að loka.

Frelsið vandmeðfarið

En þá kemur fram hópur manna og hrópar hátt um skert ferðafrelsi. Já, frelsið er dýrmeitt, en það er vandmeðfarið og getur auðveldlega snúist upp í andhverfu sína. Við búum við mörg lög sem takmarka frelsi okkar að ýmsu leyti og það er nauðsynlegt. Ekki dugur alltaf að treysta á skynsemi fólks. Sú afstaða að allir

→ Sú afstaða að allir eigi rétt á að komast á alla staði á vélknúnu farartæki er löngu úrelt.

eigi rétt á að komast á alla staði á vélknúnu farartæki er löngu úrelt. Samtök áhugafólks um ferðafrelsi birtu auglýsingu þar sem því er haldið fram að stangveiðimaður sem „ekur upp með á að veiðistað“ sé að brjóta lög ef nýju náttúruverndarlög verða samþykkt. Sjálfur er ég veiðimaður og hef engar áhyggjur af því að ég verði sektaður fyrir að aka veiðivegina meðfram veiðianum sem ég veiði í. Ég tel að hér sé verið að mála skratann á vegginn.

Leiðarljós umræddra samtaka virðist ímyndaður heilagur réttur eða jafnræðisregla sem kveður á um að allir eigi að komast á alla staði á vélknúnu farartæki. Menn bera því við að ekki geti allir gengið langar vegalengdir og nefna öryrkja, aldraða og börn. Ég dreg í efa að 4x4 menn hafi uppi þennan málflokk umhyggjusemi við ofangreinda hópa.

Hafa menn hugsað þessa hugsun til enda? Eigum við þá að malbika veg upp að Svartafossi í Skaftafellsþjóðgarði? Og inn í Morsárdal? Og Kristínartindahringinn? Upp á tind Herðubreiðar? Um Hornstrand-afriðandi? Eigum við kannski að malbika allt landið?

Já, ég vil hafa frelsi til að ferðast um landið og njóta útivistar í íslenskri náttúru. Sums staðar verður það best gert í friði fyrir vélknúnum farartækjum. Þá leggur maður bílnum og reimar á sig gönguskóna. „Wildness is a necessity,“ sagði John Muir.

Af snjógöngum, snjóhengjum og köldum kveðjum

Bestu loforð stjórnálmanna eru þau sem sífellt má endurnýta, veita kjósendum vonarglætu en auðveldara er að japla á en ganga í. Gulrót rétt utan seilingar. Afnáam verðtryggingar, endurskoðun kvótakerfisins og jarðgangaframkvæmdir. Kannist þið við rulluna?

SAMGÖNGUR



Eyjólfur Þorkelsson læknir

→ Þau eru teljandi á fingrum mér þau skipti er ég hef ekki lent í vetrarhremmingum á Fjarðarheiði, hef ég þó ekið hana alla mína ævi og gæti ratað blindandi.

velktur maður mætir sjúklingum dagsins er óþolandi!

Snjóhengja

Góð jarðgöng eru samgöngubót til framtíðar. Fjárfesting, en dýr. Getur hagkerfi, hnípið undir billjón króna snjóhengju fjárfest í jarðgöngum? Já – þjóðum eigendum aflandskrónanna að fjárfesta í jarðgöngum og rekstri þeirra; Holu ohf. Snjóhengjan notuð til að fjármagna eins mörg jarðgöng og hægt er, notendur greiða fyrir að aka um þau og ríkið lofar að kaupa krónubréfaeigendur út úr fyrirtækinu á tuttugu árum eða svo með hóflegri ávöxtunarkröfu. Hagur krónubréfakóna – tryggt að þeir fái fé sitt til baka í fyrirsjáanlegri framtíð og öll ávöxtun er betri en engin ávöxtun. Hagur ríkisins – fjárfestir í innviðum samfélagsins og léttir á sama tíma þrýstingi á hagkerfið. Hagur landsbyggðarinnar – ómetanlegt.

Kaldar kveðjur

Ég er Austfirðingur. Hér vil ég búa, hér vil ég vinna og hér vil ég efla samfélagið. Þó er kannski svo að ráðamönnum og fólki almennt finnst broslégt að vel menntað ungt fólk sækist í að búa austan við Úlfarsfell; fásinna að það vilji skila einhverju í þorp- ið sem ól það upp. Óþarfi að auðvelda þeim að velja að búa úti á landi. Sé ekki meiningin að senda okkur svo kaldar kveðjur þá verður að endurskoða hugarfar- ið til samgöngubóta, sérstaklega jarðganga. Ef ekki þá geta okkar kveðjur líka verið kaldar, einkum á kjördag.

Sýnum ábyrgð á Drekasvæðinu

Líklega hafa mörg okkar glaðst þegar rannsóknaleyfum var nýlega úthlutað á Drekasvæðinu. Efna- hagshörmungarnar í kjölfar hruns- ins eru teknar að þreyta, uppbygg- ingunni hefur miðað hægar en vonast var eftir. Samt hefur ýmis- legt gott verið gert. Reynt hefur verið að standa vörð um kjör þeirra lakast settu og auka jöfnuð. Hing- að til hafa stjórnvöld líka leitast við að láta náttúruna njóta vafans. Var- anleg úrræði virðast þó fá. Komist Ísland í hóp olufurðinga virðist raun- verulegt ríkiðæmi aftur á móti handan við hornið.

Á næstu árum og áratugum setur olíuleit og hugsanlega olíuvinnsla mark sitt á samfélagin hér á norð- urslóðum. Með bráðnandi heims- skautajökli og margefldri tækni verður hægt að bora á æ fleiri stöðum. Norðurslóðir verða tæp- ast mikið lengur það ósnortna ví- durni sem þær eru nú. Þess vegna er mikilvægt að skoða málin ofan í kjölinn og hrósvært væri ef við Íslendingar reyndum að koma að þessum málum af yfirvegun og þekkingu á þeim siðferðilegu rökum sem skipta mestu þegar til lengri tíma er litið í stað þess að líta aðeins til gæða og magns olíu í lög- sögu okkar.

Dauðans alvara

Olíuvinnsla er eftir sem áður dauðans alvara. Henni fylgir óhjá- kvæmilega nokkur mengun. Hún skapar hættu á umhverfisslysum sem erfitt mun að bæta á jafn fjar- lægum slóðum og Drekasvæðið er. Þá er hið alvarlegasta ótalið: Með olíuvinnslu værum við fyrst og fremst að standa vörð um óbreytt ástand. Draumurinn um olíu í íslenskri lögsögu er fyrst og fremst draumur um að geta haldið áfram þeim orkufreku og mengandi lífs- háttum sem við höfum tamið okkur — og augast á þeim að auki.

Hér er vissulega ein skammgóð- an vermi í bókstaflegri merkingu að ræða. Með þessu móti stuðlum við að áframhaldandi hlýnun jarð- ar, knýjum áfram þá umhverfisvá

sem kölluð hefur verið stærsta áskorun sem mannkynið hefur staðið frammi fyrir.

Þetta var atvinnuvegaráðherra fullljóst þegar hann lagði áherslu á að með rannsóknaleyfum væri ákvörðun ekki tekin um olíu- vinnslu. En er málið svona einfalt? Hver mun hafa siðferðilegt þrek til að setja lokið á þegar olíulind- ir hafa fundist í hafinu norður af landinu? Mun þjóðin samþykkja að ekki verði skrufað frá kranganum?

Það er einmitt núna sem umræð- an um siðfræði olíuvinnslunnar verður að eiga sér stað. Það verður of seint að hefja hana þegar hið svarta gull er fundið og æðið renn- ur á fyrir alvöru.

Skyldur okkar sem heimsborgara

Við erum öll borgarar í einum og sama heiminum og höfum skyldum að gegna við hann en ekki aðeins okkar eigið samfélag eða þjóðríki. Grunnskyldur okkar felast í að standa vörð um þau gildi á heims- vísu sem styðja við lífið í öllum margbreytileika þess. Hér í heimi er allt samtengt: náttúran, haf- djúpin, jörðin og lofthjúpurinn umhverfis hana. Gerðir okkar hér hafa áhrif á fjarlægum slóðum á okkomnum tímum.

Skipan heimsins í þjóðríki og skyldur okkar við þau koma númer tvö í þessu samhengi. Einstakar ákvarðanir þjóðríkja, t.d. um olíu- vinnslu, þær reglur sem þau fylgja og aðgerðir einstakra stofnana innan þjóðríkja verður að gaum- gæfa með tilliti til þeirra áhrifa sem þessi atriði hafa á heimsvísu.

Heimspækilgar og trúarlegar rætur

Hugmyndin um að mannlegt eðli sé eitt – að einhver kjarni sé sameiginlegur öllum mannum – er mikilvæg forsenda þegar skyld- ur okkar við umheiminn eru til umræðu. Í fornöld litu Stóumenn á sig sem borgara í hinum skipu- lega alheimi fremur en í borgrík- inu. Þeir skilgreindu sig því sem heimsborgara. Hið sameiginlega siðferðilega samfélag alls mann-

→ Olíuvinnsla er eftir sem áður dauðans alvara. Henni fylgir óhjákvæmilega nokkur mengun. Hún skapar hættu á umhverfisslysum sem erfitt mun að bæta á jafn fjarlægum slóðum og Drekasvæðið er.

kyns var þess vegna meginmálið. Mismunandi útfærslur á þess- um skilningi má finna í flestum nútímalegum framsetningum á siðfræði, sem og í mannréttinda- yfirlýsingum tuttugustu aldarinn- ar. Manngildið og mannhelgin eru undirstöður allra mannréttinda.

Trúarlegar rætur mannréttinda þarf vart að útlísta. Að kristnum skilningi er hugmyndin um mann- eskjuna sem er sköpuð í mynd Guðs fyrirferðarmikið stef. Í anda þeir- ar hugsunar eignum við öll sömu mannhelgi óháð búsetu, tungu, húð- lit eða trú. Enda eru mannréttindi hafin yfir einstök þjóðríki. Þau eru sameiginleg öllum íbúum jarðar- innar. Þau gilda jafnt um alla og ná meðal annars yfir réttinn til lífs óháð búsetu.

Þetta þurfum við að hafa í huga þegar við mörkum okkur stefnu um olíunýtingu í þeim tilgangi að knýja áfram orkufreka og mengandi lífs- hætti okkar því þeir stofna lífsskil- yrðum fjölda fólks og annarra líf- vera í bráða hættu víða um heim.

Okkur ber skylda til að sýna sam- stöðu, stilla orkunýtingu okkar í hóf og leita nýrra vistvænni orku- gjafa. Þannig sýnum við umhyggju fyrir jörðinni og þeim sem deila henni með okkur. Þetta er sjálfsögð og nauðsynleg sammannleg skylda eins og skyldan að sýna högværð og auðmýkt gagnvart umhverfi okkar.

Arnfríður Guðmundsdóttir
Baldur Kristjánsson
Hjalti Hugason
Pétur Pétursson
Sigrún Óskarsdóttir
Sólveig Anna Bóasdóttir
guðfræðingar

Bestu loforð stjórnálmanna eru þau sem sífellt má endurnýta, veita kjósendum vonarglætu en auðveldara er að japla á en ganga í. Gulrót rétt utan seilingar. Afnáam verðtryggingar, endurskoðun kvótakerfisins og jarðgangaframkvæmdir. Kannist þið við rulluna?

Snjógöng

Á Austurlandi er traust heilsu- gæsla og metnaðarfull grunn- menntun en samgöngur er ekki stólandi á. Hér eru hættulegustu fjallvegir landsins, Oddskarð og Fjarðarheiði. Ef ekki má treysta á að Fjarðarheiði sé fær, skipta engu gæði grunnþjónustunnar handan hennar. Þess vegna eru tryggjar samgöngur velferðarmál!

Í sérnámi mínu í heimilislæk- ningum vinn ég á Akureyri en líka á Egilsstöðum. Mér leyfist ekki sá lúxus að halda tvö heim- ili og hef því sest upp á múttu og pápa á Seyðisfirði. Þau eru telj- andi á fingrum mér þau skipti er ég hef ekki lent í vetrarhremm- ingum á Fjarðarheiði, hef ég þó ekið hana alla mína ævi og gæti ratað blindandi. Sem verður oft raunin, þegar kófar í snjógöng- unum og skyggnið vart meira en nemur húddinu. Veðurmæli Vega- gerðarinnar er ekki treystandi á; veður og vindar eru sjaldnast eins á Norðurbrún og í Mjósundum 10 km austur – hálfum kílómetra ofan við sjávarmál. Að vita ekki hvort eða hvenær og þá hversu

Hverjum treystir þú út í beljandi elginn?

Hoppa þú út í straum- harða á fyrir hvern sem er? Þessari spurningu var varpað til okkar nem- enda í félagssálfræði- kúrs í HÍ fyrir nokkrum árum. Manneskja fellur út í straumharða á. Hvað gerir þú? Flestir svöðu; hoppa út í að sjálfsögðu! Við erum að tala um lífs- hættulega á, áreittaði próf- essorinn. Það sló þögn á hópinn, pínulítið skömm- ustulegri þögn. Próffessorinn hélt áfram: Ef við stæðum á bakkan- um og okkar eigið barn dytti í ána? Nú var ekkert hik á mönnum, allir sögðust stinga sér án umhugsun- ar. Þessu svári virtist próffessor- inn ekki geta hnekk. Við stökkv- um út í eftir okkar eigin fólki, það er óvefjanlegt.

STJÓRN MÁL



Lára Óskarsdóttir stjórnenda- markþjálf

→ Við lifum á við- sjárverðum tímum og það mun reyna á þá sem veljast á þing.

Þessar vangaveltur komu upp í huga mér eftir að hafa hlust- að á umræður í Silfri Egils þann 3. febrúar. Þar kom m.a. fram að næstu ríkisstjórnar biði lík- lega eitt það erfiðasta sem nokk- ur íslensk ríkisstjórn hefði tekist á við. Þetta er líklega ekki fjarri sanni. Við lifum á viðsjárverðum tímum og það mun reyna á þá sem veljast á þing. Eins og þann sem stendur á árbakka og horfir á eftir annarri manneskju í elginn.

Við kjósendur þurfum að spyrja okkur sjálfa: Hverj- ir munu þora út í beljandi elginn? Hverjir munu hefja málefnið hærra en sjálft sig? Hverjir munu þora að gera mistök? Hverjir munu þora að viðurkenna mistök? Hverjir munu læra af mis- tökum? Hverjir geta unnið mál- efnalega með ólíkum aðilum við björgunarstörfin? Við kjósendur munum ekki þola annað kjörtíma- bil þar sem málefnið rekur lífvana niður ána. Við munum ekki þola neinn rolagang. Þor og ákveðni með árangur að leiðarljósi er það eina sem þessi vinnusama þjóð á skilið. Við megum ekki gleyma að börnin okkar leika sér við árbakk- ann. Ég set mitt traust á frambjóð- endur Sjálfstæðisflokksins. Ég er þess fullviss hvaðan af landinu sem þeir koma, muni þeir vinna málefnalega með sér ólíku fólki. Ég treysti því að þeir hefji þjóð- þrifamál yfir sjálf sig. Ég treysti því að þeir stingi sér út í beljandi elginn og tryggi okkur Íslending- um farsæla framtíð.

Vandi skólastarfs felst ekki í kjarasamningi

Eitt af vandamálum grunnskólans er klisjukenndur málflutningur sumra sveitarstjórnarmanna. Í grein Þorbjargar Helgu Vigfúsdóttur 31. janúar sl. er mikið um klisjur. Borgarfulltrúinn ver stærstum hluta greinar sinnar í að fjalla um hvað kjarasamningur grunnskólakennara sé erfiður og flókinn og lætur í það skína að hann sé eitt helsta vandamál skólastarfs á Íslandi. Þetta er ein elsta og þreyttasta klisja sveitastjórnarmanna. „Stagbættur kjarasamningur“, „flókinn“ og að „... tilfinning sé sú að hann hindri framþróun og sveigjanleika í skólastarfi með fjölmörgum klásúlum um kennsluskyldu, undirbúningstíma og kennsluafslætti“. Allt eru þetta þreyttar og gamlar lummur, settar fram án nokkurs rökstuðnings.

Guði sé lof fyrir kennsluskyldu og undirbúningstíma. Það er eina vörn kennara gegn gegndarlausri ásókn sveitarfélaganna um síaukið vinnuframlag kennara. Hið rétta er að kjarasamningurinn kemur hvergi í veg fyrir eðlilegt skólastarf og eðlilega skólaþróun. Allt frá árinu 2004 hefur verið farvegur í kjarasamningi grunnskólakennara fyrir einstaka skóla til að sníða skólastarfið að sínum þörfum. Þeir skólastjórnendur og kennarar sem kjósa að haga störfum sínum með öðrum hætti en kveðið er á um í aðalkjarasamningnum geta það með góðu móti. Frá 2004 hefur þetta verið hægt og af tæplega 170 skólum á landinu hafa 3-5 skólar nýtt sér þetta árlega.

Fjármagn vantar

Það er ánægjulegt að sjá að það er ekki ágreiningur um að álagið og kröfurnar séu miklar og upptalning á því sem veldur er ágæt hjá borgarfulltrúanum, „kennarar sinni betur stuðningi við börn með sérþarfir, bjóði upp á fleiri iðnkúrsa, þverfaglega kennslu, einstaklingsmiðað nám, tölvukennslu og svo má lengi telja“. Þetta er ekki eitthvað sem kennarar „segja“, heldur er það staðreynd. Staðreynd sem m.a. kemur fram í niðurstöðum kannana og vinnu rýnihóps á vegum Félags grunnskólakennara og samninganefndar sveitarfélaga.

Þessir aðilar lögðu mikinn tíma og peninga í viðamikla könnun og vinnu stórs rýnihóps til að kanna hvernig skólastarfið hefur þróast á síðustu árum. Meginniðurstæða aðila er sú að öðrum verkefnum kennara en kennslu hefur fjölgað mikið, nemendahóparnir eru mun fjölbreyttari og tíminn til að sinna verkefnum er of lítill. Kennarar vinna mun meira en þeir eiga að gera og oft án þess að til komi greiðslur. Ekkert af þessu hefur nokkuð að gera með kjarasamning kennara, eins og klisjufræðingar halda fram. Það vantar fjármagn til skólanna!

Ég tek undir með borgarfulltrúanum þegar hann segir að „landsmenn séu sammála um að greiða eigi vel fyrir þetta mikilvæga starf“. Ég held að þetta sé rétt en reynsla okkar kennara (eins og reyndar fleiri stétta sem sinna grunnþjónustu hérlendis) er því miður sú að þetta er gjarnan sett fram í blaðgreinum og í háttíðaravörpum en ALDREI sjást neinar vísbendingar um framkvæmdir. Þetta er enn ein klisjan sem sett er fram. Hvenær ætla stjórnsmálsmenn að standa við stóru orðin? Hver þorir? Það verður gaman að sjá efndir á stefnuvirlýsingu ríkisstjórnarinnar þar sem m.a. kemur fram að eigi „að ráðast nú þegar í jafnlaunaáttak með aðgerðum sem beinast að því að rétta hlut starfsstétta þar sem konur eru í miklum meirihluta“.

Búnir að fá nóg

Í ljósi niðurstöðu vinnu samningsaðila um að verkefnum kennara hafi fjölgað mikið og skort á tíma

til að sinna þeim lagði Félag grunnskólakennara fram margar hugmyndir til lausnar vandanum. Allt frá því að byggja skólastarfið upp út frá þörf hvers nemanda fyrir kennslu og aðra þjónustu yfir í að laga ýmis atriði samningsins sem gætu haft áhrif á vandanum. Skemmst er frá því að segja að þær hlutu lítinn hljómgrunn hjá viðsemjendum.

Vandamál skólastarfs og grunnskólakennara er ekki kjara-

samningurinn. Auðvitað má bæta hann. Grunnvandamálið er vilja- og/eða áhugaleysi sveitarfélaganna til að reka grunnskólann. Sveitarfélögin hafa ekki forgangsraðað í þágu menntunar. Það kostar að halda úti öflugum skólastarfi. Það er búið að skera niður í skólakerfinu ár eftir ár m.a. með fyrrgreindum afleiðingum. Nú er svo komið að skólastjórnendur eru búnir að fá nóg og nýlega hættu tveir þeirra störfum, þar sem þeir treysta sér ekki til að halda úti lögbundinni kennslu miðað við það fjármagn sem þeir hafa úr að spila. En auð-

vitað er þetta allt kjarasamningum kennara að kenna!

Því miður óttast ég að tækifærið til uppstokkunar sé að glatast. Ekkert af þeim hugmyndum sem fram hafa komið hafa hlotið hljómgrunn og því eru samningsaðilar stopp. Kennarar eru sérfræðingar í öllu því er lýtur að kennslu og hafa sérmenntað sig í því. Þrátt fyrir það eru þeir í stanslausu stappi við sveitarfélögin sem virðast halda að skólinn sé verksmiðja sem er opin frá 8-16. Í þessari verksmiðju vilja þau nota lögmál rekstrar og viðskipta og gera kennara að starfs-

→ Guði sé lof fyrir kennsluskyldu og undirbúningstíma. Það er eina vörn kennara gegn gegndarlausri ásókn sveitarfélaganna um síaukið vinnuframlag kennara.

mönnum við kennslufærifandið. Hvernig stendur á því að flestir sveitarstjórnarmenn virðast hafa miklu meira vit á skólastarfi en kennarar?

Er eitthvað ósýnilegt á þínum vinnustað?

JAFNLAUNAVOTTUN VR

Óútskýrður launamunur kynjanna innan VR er nú 9,4%. Með Jafnlaunavottun VR geta framsækin fyrirtæki látið gera faglega úttekt á því hvort innan veggja þeirra séu greidd mishá laun fyrir jafnverðmæt störf.

Leiðréttum launamun kynjanna.

jafnlaunavottun.vr.is

Ný sókn í menntamálum

Á landsfundi Samfylkingarinnar um liðna helgi var samþykkt framsækin og fjölbreytt menntastefna flokksins. Tekur stefnumótunin til allra sviða menntamála og leggur grunn að nýrri sókn í menntamálum nú þegar rofar til í ríkisfjármálum. Stikla ég hér á eftir á nokkrum af helstu atriðum ályktunarinnar, en hún er ítarleg og efni í nokkrar greinar.

MENNTUN



Björgvin G. Sigurðsson
formaður allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis

en hlutfallslega fáir nemendur leggja stund á slíkt nám. Leggjum við áherslu á að auka þarf vægi verk- og tæknigreina í íslensku skólakerfi og auka kynningu fyrir nemendur og forráðamenn þeirra á rúmlega hundrað námsbrautum sem í boði eru í slíkum greinum. Í ályktuninni segir að til að fjölga nemendum í verk- og tækninám sé nauðsynlegt að efla samstarf milli skóla og

atvinnulífs, fjárfesta í búnaði til verk- og tæknikennslu, stuðla að opnari framhaldsskóla og nýsköpun í kennsluháttum. Sérstaklega þarf að auka verklega kennslu og verkefnabúnaði nám.

Leita þarf samstarfs við aðila vinnuarkadaarins og samtök foreldra um kynningu fyrir nemendur á fjölbreyttum verklegum störfum í íslensku atvinnulífi, innan skóla og á vinnustöðum. Leggja þarf áherslu á styttri námsbrautir sem valkost fyrir nemendur.

Óflugt verk- og tækninám er lykilatriði í því að spyrna gegn brottfalli og ná til nemenda svo þeir ljúki námi á framhaldsskólastigi. Það eykur enn líkurnar á að nemandinn komi aftur inn í skólann síðar til að bæta við sig námi. Nýjar stuttar námsbrautir í verk-námi á borð við þær sem Sjávarútvegsskólinn í Grindavík býður upp á undirstrika árangurinn sem ná má með þessum hætti.

Óflugir háskólar – aukid samstarf

Háskólamentun er að mati okkar jafnaðarmanna afdráttarlaust forsenda atvinnuþróunar, hagsældar og velferðar í samfélaginu. Við

→ Óflugt verk- og tækninám er lykilatriði í því að spyrna gegn brottfalli og ná til nemenda svo þeir ljúki námi á framhaldsskólastigi.

viljum efla háskóla í landinu til að þeir standist áfram samjöfnuð við alþjóðlega háskóla varðandi kennslu og rannsóknir. Mikilvægt er í áföngum að hækka framlög til háskólanna til að jafna stöðu þeirra við háskóla í öðrum norrænum ríkjum. Það er forsenda eflingar skólastigsins á næstu misserum.

Auka þarf samstarf og verkskiptingu háskóla í landinu með það fyrir augum að auka gæði og fjölbreytni náms samhlíða því að tryggja jafnt aðgengi að námi óháð búsetu, efnahag eða félagslegri stöðu. Landsfundur vill að stuðlað verði að formlegu samstarfi allra háskóla í landinu um framtíðarstefnumótun háskólastigsins. Þar verði m.a. hugað að samræmdu rekstrarformi háskólanna, fjármögnun háskólastofnana, kennslu og rannsóknnum, aukinni sérhæfingu eftir fræðasviðum og betri tengslum við atvinnulíf og samfélag.

Hvað varðar mikinn fjölda skóla á háskólastigi í okkar fámenna landi viljum við að stefnt verði að sameiningu opinberu háskólanna í þeim tilvikum þar sem sýnt er að það muni auka gæði námsins og hagkvæmni.

Samfylkingin telur það vera á ábyrgð ríkisins að fjármagna grunnmenntun allra á háskólastigi á viðurkenndum fræðasviðum og telur brýnt að gæta jafnræðis varðandi kostnaðarþátttöku nemenda á mismunandi skólastigum.

Mannasiðir á vinnuarkaði

Í ágúst síðastliðnum hóf VR að nýju að þjónusta atvinnulausa félagsmenn sína. Felst sú þjónusta í vinnumiðlun, náms- og starfsráðgjöf og síðast en ekki síst í handleiðslu atvinnuleitenda í gegnum refilstigu bótakerfisins með fræðslu um réttindi og skyldur þeirra innan þess. Markmið þessarar þjónustu er fyrst og fremst að efla hvern og einn einstakling þannig að hann eigi meiri möguleika til virkrar þátttöku á vinnuarkaði.

Þjónustan hefur mælst vel fyrir en verkefnið er sannarlega mikið að vöxtum. Merkilegt hefur verið fyrir VR að fá meiri innsýn í stöðu þeirra félagsmanna sinna sem orðið hafa fyrir atvinnumissi. Ljóst er að margir hafa átt um sárt að binda í þeim efnun á síðustu árum og ekki ofsögum sagt að reynt hafi mjög á þolrifin hjá mörgum í því tilliti. Ástæða er til að taka ofan fyrir þeim sem ekki missa móðinn þrátt fyrir atvinnumissi og oft og tíðum árangurslausa atvinnuleit um lengri eða skemmri tíma.

Umsóknnum ekki svarað

Síðustu misserin hafa fá störf verið í boði. Mikið atvinnuleysi samfara þeirri staðreynd veldur því að fjöldinn allur af umsóknnum berst um hvert það starf sem auglýst er. Í því ástandi ber alltof mikið á því að umsóknnum sé svarað seint og illa – sé þeim yfir höfuð svarað. Eðlilega geta nokkrar vikur farið í yfirferð og meðhöndlun umsókna

ATVINNA



Stefán Einar Stefánsson
formaður VR

→ Í því ástandi ber alltof mikið á því að umsóknnum sé svarað seint og illa – sé þeim yfir höfuð svarað.

og þá getur lokaferill ráðningar einnig tekið drjúgan tíma. Hins vegar er með öllu óþolandi ef umsækjendur fá ekki svar við umsókn sinni, óháð því hvort svarið hafi jákvæð formerki eða neikvæð.

Svörunarleysið getur valdið atvinnuleitendum miklu hugarangri og við hjá VR tökum heilsuhugar undir það með mörgum okkar félagsmanna að það feli hreinlega í sér lítilsvirðingu gagnvart þeim einstaklingum sem í hlut eiga. Reynsla þeirra sérfræðinga sem starfa hjá VR að mál-efnum atvinnuleitenda bendir til að þessi framkoma sé algengari hér en í nágrannalöndunum og því má jafnvel segja að svörunarleysið sé þjóðlegur ósiður. Þessi plag-siður atvinnurekenda er hins vegar mikill óþarfi og þeir sem eru í leit að nýju starfsfólki þurfa litla sem enga vinnu að leggja á sig til þess að kippa þessum málum í liðinn.

Þessi litla ábending felur ekki í sér gagnrýni á alla atvinnurekendur, því fer fjarri, og margir vinna faglega úr þeim umsóknnum sem þeim berast. Þeir taki þessa ábendingu hins vegar til sín sem ástæðu hafa til. Það kostar ekkert að fylgja sjálfsögðum mannsiðum – ekki einu sinni á vinnuarkaði.

STÓRÚTSALA

ALLT AÐ 70% AFSLÁTTUR

FARTÖLVUR • SPJALDTÖLVUR • TÖLVUSKJÁIR
BORÐTÖLVUR • PRENTARAR • TURNKASSAR • SKJÁKORT
MINNISLYKLAR • HARÐIR DISKAR • FARTÖLVUTÖSKUR • MÓÐURBORÐ

AÐEINS 3 DAGAR EFTIR!

FLAKKARAR • NETBÚNAÐUR • BLEK • PAPPÍR • ÍHLUTIR • HÁTALARAR
SJÓNVARPSFLAKKARAR • TÓNERHYLKI • VIFTUR • VEFMYNDAVÉLAR
GEISLADISKAR • VEFMYNDAVÉLAR • LYKLABORÐ • MINNISKORT

STÝRIPINNAR • HLJÓÐNEMAR • KÆMUR • MÝS • M



REYKJAVÍK - s. 414 1700 AKUREYRI - s. 414 1730 EGILSSTAÐIR - s. 414 1735 KEFLAVÍK - s. 414 1740 SELFOSS - s. 414 1745 HAFNARFJÖRÐUR - s. 414 1750



FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



HANNAR EIGIN TÍSKULÍNU

Undirfatafyrirsætan Alessandra Ambrosio, sem er þekktust fyrir að ganga tískupallinn fyrir Victoria's Secret, hennar nú sína eigin tískulínu. Hún verður kynnt vorið 2014 undir nafninu Alé by Alessandra.

FYRIR STÓRU STELPURNAR



Misty - fyrir allar konur

Fæst í D, DD, E, F, FF, G, GG, H, HH, J, JJ skálum á kr. 10.650,-
buxurnar eru á kr. 4.990,-

Laugavegi 178 - Sími: 551 3366
Þú mætir - við mælum og aðstoðum
www.misty.is
Opíð frá 10-18 virka daga.
Laugardaga frá kl. 10-14
Vertu vinur

TÆKIFÆRISGJAFIR

Margar gerðir iittala Mikið af flottum tilboðum



TÉKK **KRISTALL**

Laugavegi 178 - Sími: 568 9955



VILJANDI VILLUR

ÍSLENSK HÖNNUN Hanna Jónsdóttir vöruhönnuður þrjónar stafsetningarvillur út í ullarhúfur úr íslenskum lopa sem hún kalla Greyj.

Hanna Jónsdóttir vöruhönnuður segist hafa gaman af því að brjóta upp rótgróna íslenska handverkshefð og hinar föstu skorður málfræðinnar með því að bæta inn mannlegum mistökum. Skrifuð skilaboð milli fólks í dag séu enda full af innsláttar- og stafsetningarvillum. Hún þrjónar lopahúfur með orðum á og laumar viljandi inn villum.

„Ég byrjaði á þessu þegar frændi minn bað mig að þrjóna fyrir sig venjulega ullarhúfu. Ég var stödd á Hornafirði en stundaði þá nám í Design Academy Eindhoven og vildi fá að þrjóna eitthvað út í húfuna. Við komum okkur saman um orðið Eystrahorn, nafn bæjarblaðsins á Hornafirði, og einnig heitið á tilkomumesta fjallinu fyrir austan, en þegar ég teiknaði upp munstrið hljóp í mig þúki. Ég þrjónaði Eistrhorn í húfuna og frændi minn átti ekki til orð þegar hann sá það. Ég reyndi að útskýra fyrir honum að ég hefði sett villuna viljandi inn til að vekja spurningar og umtal og að hann gæti líka verið viss um að það ætti enginn annar svona húfu,“ segir Hanna spök.

Upp úr þessu varð til lína af húfum. Dæmi um orð sem Hanna þrjónar út í húfurnar eru; „Heima er pest,“ „Haustilboð“ og „Rithöfundur“. Þá snýr hún líka út úr ensku og þrjónar út frasa eins og „Nice to meet you“ og „Midnight son“. Hún segist ekki vera að gera grín að lesblindu með villunum, þvert á móti komi húfurnar oft umræðu af stað.

„Mörgum léttir. Lesblinda hefur verið óþarflega vandræðalegt mál lengi en við erum alls ekki fullkomin. Það vill líka svo til að með því að sleppa einum og einum staf komast fleiri orð fyrir á hverri húfu,“ segir Hanna en hún þrjónar húfurnar gjarnan eftir sérstökum pöntunum fólks sem vill fá húfur með villu í.

„Ég hef haldið eina húfuafhendingu þar sem tíu húfubærar fengu afhenta húfu sem ég þrjónaði sérstaklega fyrir hvern og einn og það þá að bera höfuðið hátt. Þá sé ég fyrir mér að húfugreyning gætu orðið skemmtileg viðbót við ferðamannaíðnaðinn sem mér finnst frekar einsleitur,“ segir Hanna.

■ heida@365.is

PRJÓNAVITLEYSA

Hanna Jónsdóttir vöruhönnuður setur viljandi inn villur í orð sem hún þrjónar í ullarhúfur.
MYND/ANTON



2 fyrir 1 af öllum útsöluvörum

Þú velur tvær flíkur af útsölnni og greiðir bara fyrir dýrari flíkina

Belladonna á Facebook

belladonna

Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517 6460 • www.belladonna.is



GÓÐUR SVEFN ER HEILSUBÓT

Fermingar tilboð

12 mán. vaxtalaugar greiðslur*

*3.5% lántökugjald



Baldursnesi 6 - Akureyri



Listhúsið - Reykjavík



GERIÐ GÆÐA- OG VERÐSAMANBURÐ

VALHÖLL

Svæðisskipt heilsudýna

5 svæðaskipt pokagormakerfi, gæðabólstrun, góð nýting á svefnflötum. Verð með PU-leðurbotni og fótum. - Til í mörgum stærðum

Stærð 120x200 cm

Tilboðsverð kr. 74.900.-

10 ÞÚS. KRÓNA INNEIGN Á FYLGHLUTUM MED ÖLLUM FERMINGARRÚMUM.



GILDIR EKKI MED ÖÐRUM TILBOÐUM.

Svefn & heilsa

★★★★★

Listhúsinu Laugardal - Sími 581 2233

Baldursnesi 6, Akureyri - Sími 461 1150

Opíð virka daga kl. 10:00 - 18:00

Laugardaga 12:00 - 16:00

www.svefn.is

Umboðsaðilar: Reynisstaður - Vestmannaeyjum | Húsgagnaál - Höfn í Hornafirði | Lúxus húsgögn - Egilsstöðum

DAGUR ÁSTARINNAR

■ GJAFIR

Valentínusardagurinn er í dag. Þessi dagur er helgaður ástinni og á uppruna sinn í Evrópu á 14. öld. Dagurinn er alltaf haldinn 14. febrúar á degi heilags Valentínusar. Í Bandaríkjunum, Bretlandi og Frakklandi hefur það lengi verið til síðs að færa ástinni sinni gjöf á þessum degi. Önnur lönd hafa á undanförunum árum tekið þennan síð upp. Á Íslandi höfum við hins vegar bóndadag og konudag og finnst því mörgum óþarfi að bæta Valentínusardegi við. Það er þó ávallt í lagi að tjá ást sína á einhvern hátt, jafnt þennan dag sem aðra. Falleg rós kætir og það gera sömuleiðis súkkulaðihúðuð jarðarber.



SKIPT Í MIÐJU

KREPPUHÁR Sýningarstúlkur hjá helstu tískuhúsum heimsins voru síðhærðar og með skipt í miðju þegar vortískan 2013 var kynnt. Sítt hár er einkennandi fyrir kreppu, segir Arnar Tómasson hárgreiðslumaður.


Það vakti athygli hversu margar fyrirsætur voru með skipt í miðju þegar vortískan var kynnt. Arnar Tómasson, hársnyrtir hjá Salon Reykjavík, er mikill tískuáhugamaður og segir að skýring sé á þessu. „Jú, það er skýring á þessu. Fyrst vil ég þó nefna að miðjuskípting hentar ekki öllum. Fyrirsætur eru undantekning, enda eru þær valdar sérstaklega í starfið og eru andlitsfríðar. Það eru aðeins þeir sem eru með fallett nef sem þola miðjuskíptingu því hún beinir athyglinni að því. Nefið virðist stærra þegar hárinu er skipt í miðju,“ útskýrir Arnar og bætir við að betra sé að skipta hárinu hálfum sentímetra frá miðjunni. „Það virkar eins og miðjuskípting en athyglinni hefur verið beint frá nefinu.“

Hárið virðist vera sítt og frjálst hjá mörgum fyrirsætanna eða tekið í hnút í hnakkann. „Þetta er vor- og sumartískan. Fléttur hafa verið vinsælar og sömuleiðis snúðar. Það er þó mismunandi hversu laggar konur eru við að setja greiðslur í hárið,“ segir Arnar og heldur áfram. „Hins vegar, þegar maður skoðar Dior-hausttískuna fyrir 2013, eru allar fyrirsætur stutthærðar. Það segir manni að kreppan sé búin og hárið styttist með haustinu.“

Arnar segir ástæðu þessara vinsælda síða hársins þá að konur hafi farið sjaldnar í klippingu á undanförunum kreppuárum. „Stutta hárið þarf miklu meiri umhirðu og nauðsynlegt að snyrta það á fimm vikna fresti. Síða hárið þarf ekki að snyrta nema á þriggja mánaða fresti og kostnaðurinn þar af leiðandi



GIVENCHY



VALENTINO



CHANEL



MYND/AFP

STUTTA HÁRIÐ KEMUR

Arnar Tómasson segir að með haustinu verði stutta hárið komið aftur eftir nokkuð mörg kreppuár þar sem konur hafa safnað hári.

minni. Fólk hefur verið að teygja tímann að koma í klippingu. Sítt hár hefur alltaf verið algengt á þrengingartímum.“ Hann segist horfa bjartsýnn fram á síðsumar og haust. „Ég tel að konur velji aftur stutta hárið og fallega klippingu,“ segir Arnar sem er á leið til Parísar þar sem nýjasta hártískan verður sýnd. „Ég er að fara á sýningu Haute Coiffure Française og mun því vita allt um nýjustu tískuna í næstu viku.“ ■ elin@365.is

SÍÐUSTU DAGAR ÚTSÖLUNNAR

AÐEINS 3 VERÐ Á ÚTSÖLUVÖRUM

1.000 • 3.000 • 5.000

Mind Xtra
Erum við hliðina á Herra Hafnarfirði á 2. hæð.
FJÖRÐUR
www.fjordur.is

Herra hafnarfjörður
S. 572 3400

100% dúnn 100% bómull

10.000 dúnsængur

Við fögnum 10.000 ánægðum viðskiptavinum og bjóðum fleiri í hópinn með risatilboði á öllum dúnsængum.

Stærð 70x100 Verð 10.980 kr Tilboð 7.686 kr	Stærð 100x140 Verð 14.980 kr Tilboð 10.486 kr	Stærð 140x200 Verð 33.490 kr Tilboð 22.490 kr
---	---	---

Létt og hlý dúnsæng sem færir þér einstakan svefn. Eingöngu 100% náttúruleg efni, bómull & dúnn.

Lin DESIGN

Lín Design Laugavegi 176, gamla sjónvarphúsið Sími 533 2220 www.lindesign.is

Settu nafnið þitt í pott í verslun og þú getur unnið sæng fyrir alla fjölskylduna

ÚTSÖLULOK

60-70%

afsláttur
af öllum vörum!

Komdu og gerðu frábær kaup á
gæðafatnaði og skóm.

Opið á sunnudag frá 13-18

hjá Grafnhildi

Opið virka daga frá kl. 10-18

laugardaga frá kl. 10-16



Verðdæmi:

K&S skór verð áður 29.980, verð nú 8.994


Apriori buxur, verð áður 22.980, verð nú 6.894

EHC peysa, verð áður 11.980, verð nú 3.594

Fatnaður stærðir 36-52

Skór stærðir 36-42

- Engjateigur 5
- Sími 581 2141
- www.hjahrafnhildi.is

 Vertu vinur okkar á Facebook

DRANELLA JEANS
FIT FOR EVERYONE...



TUZZI

KRINGLUNNI

SÍMI 5688777



Vertu vinur okkar
á Facebook

STÆKKUNAR-GLERSLAMPAR



Ármúla 18, 108 Reykjavík
Sími 511-3388
Opíð mán-fös 9-18, lau 11-15

NÝR GRÍNÞÁTTUR UM TÍSKUHEIMINN

Leikkonan og framleiðandinn Lena Dunham, sem flestir þekkja úr þáttunum Girls, hefur tekið að sér nýtt og spennandi verkefni eftir því sem fram kemur á vefsíðu Vogue.

Hún mun, ásamt Jenni Konner, öðrum framleiðanda Girls, vera að vinna að nýjum grínþætti um tískuheiminn. Þátturinn mun bera heitið „All dressed up and everywhere to go“ og verður byggður á minningum hinnar 85 ára gömlu Betty Halbreich.

Halbreich þessi er persónulegur aðstoðarmaður kaupenda og er fræg fyrir að hafa árið 1976 stofnað

fyrstu slíku þjónustudeildina í lúxusdeild stórverslunar. Hún hefur klætt stjórnur á borð við Meryl Streep og Söruh Jessicu Parker. Hún aðstoðaði einnig við að hanna heildarmynd sjónvarpsþáttanna Sex and the City.

Hún er þekkt fyrir heiðarleika og myndni svo og gott auga fyrir tísku og stíl.

Sjónvarpsstöðin HBO hefur keypt réttinn að endurminningum Halbreich og tilkynnt um aðkomu Dunham að verkefninu. Ekki hefur þó verið gefið út hvenær von er á þáttunum á skjáinn.



DUNHAM Lena Dunham vinnur að nýjum sjónvarpsþáttum sem byggðir verða á æviminningum Betty Halbreich en sú hefur klætt ófáar stjórnur í gegnum árin.
NORDICPHOTOS/GETTY



KLASSÍSK HLAÐBORD

Sjávarbarinn kynnr

Löng, farsæl reynsla og sanngjarnt verð er lykillinn að vinsældum fermingarhlaðborða veisluþjónustu Magnúsar Inga Magnússonar, veitingamanns á Sjávarbarnum. „Við leggjum áherslu á hefðbundin, klassísk hlaðborð þar sem gæðin eru í fyrirrúmi,“ segir Magnús Ingi. „Ánægðir viðskiptavinir hafa sagt við mig að það væri jafnvel dýrara að sjá sjálfir um veisluna, fyrir utan vinnuna og stressið sem því fylgir.“ Heitt og kalt hlaðborð kostar aðeins 1.990 kr. á mann og kaffihlaðborð 1.690 krónur. „Ég legg áherslu á að veita faglega ráðgjöf og setjast niður með viðskiptavinunum svo að ekkert fari á milli mála hverjar óskir þeirra eru. Hægt er að halda veisluna hjá okkur en við komum líka með veisluföngin í heimahús eða veislusalinn.“ Nánari upplýsingar, meðal annars um alla réttina á hlaðborðunum, er að finna á vef Sjávarbarsins, sjavarbarinn.is.

FAGLEG RÁÐGJÖF

„Við leggjum áherslu á hefðbundin, klassísk hlaðborð þar sem gæðin eru í fyrirrúmi,“ segir Magnús Ingi.

GOTT VERÐ

Hægt er hafa samband beint við Magnús Inga í síma 696-5900 eða með tölvupósti, magnusingi@gmail.com.



KAUPTU SKÓ!

Nýlega sótti Apple-fyrirtækið um einkaleyfi fyrir sérstökum skónema sem lætur notandann vita hvenær tími er kominn til að fá sér nýja skó. Nemanum er komið fyrir í botni, hæl eða sóla skósins. Hann skynjar þegar skórinn er í notkun og leggur saman tímana. Eftir fyrir fram ákveðinn tímafjölda, til dæmis 500 klukkutíma notkun, byrjar neminn að gefa frá sér hljóð- eða ljósmerki og gefur þannig til kynna að tími sé kominn til að fá sér nýja skó. Önnur möguleg virkni gæti verið sú að neminn skynji breytt álag eftir því sem sólinn eyðist og gefi frá sér hljóð- og ljósmerki. Þar sem gert er ráð fyrir hátalara í nemanum væri vel mögulegt að hann léti notandann vita með orðum. Svo hver veit nema í framtíðinni muni skórnir garga á mann þegar maður á sist von á því, KAUPTU SKÓ!

Blaðberinn bíður þín

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 9-17.



Blaðberinn...

...góðar fréttir fyrir umhverfið

FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: 365 miðlar | Ábyrgðarmaður: Jón Laufdal
Sölumenn: Jónína María Hafsteinsdóttir, jmh@365.is, s. 512 5473
Sverrir Birgir Sverrisson, sverrirbs@365.is, s. 512 5432
Elsa Jensdóttir, elsaj@365.is, s. 512-5427 | Hönnun: Silja Ástþórsdóttir

heilsuhotel Íslands

HELGARNÁMSKEIÐ

Valentínusarhelgi, - heilsa, hvíld og gleði

15. – 17. febrúar 4 herb. laus

1. – 3. mars Enn laust – pantið tímanlega

HEILSUNÁMSKEIÐ 2013

8. – 22. mars
Heilsunámskeið 2 vikur, uppselt.


SUMARIÐ

3. – 17. maí
Heilsunámskeið 2 vikur, enn laust


7. – 21. júní
Pantið tímanlega - vinsælasti tíminn

Valentínusarhelgi

Fyrirlesarar og kennarar



Ásdís Ragna Einarsdóttir
grasalækni



Sigga Kling



Ágústa Hildur Gizurardóttir,
yogakennari

Sími 512 8040 | www.heilsuhotel.is | heilsa@heilsuhotel.is

Heilsuhótel Íslands | Lindarbraut 634 | 235 Reykjanæsbær

FIMMTUDAGUR 14. FEBRÚAR 2013

FERMINGARFÖT

&SKÓR

Kynningarblað Litirnir, efnin, sniðin, skórnir
og fylgihlutirnir.





Strákarnir ættu að líta til Bítlanna vilji þeir fylgja tískunni.



Twiggy er komin aftur. Tískan fer ávallt í hringi.



Pastellitir. Ljósugulur litur passar vel í fermingarkjólana í ár.

Ættu að líta til Bítlanna og Twiggy

Anna Clausen stílisti hefur mikla reynslu þegar kemur að tísku og hönnun. Hún hefur starfað hjá stórum erlendum vörumerkjum og heimsfrægum tímaritum. Anna hefur ákveðna hugmynd um hvernig fermingarbörnin ættu að klæðast þetta vorið.

Anna er dönsk en hún lærði stílistafræði og tískuljósmyndun í London College of Fashion. Hún hefur verið gestakennari við fatakennunarbrot Listaháskólans og kennt við tískuskólann Fashion Academy.

Þegar Anna er spurð hvaða klæðnaður henti best fermingarbörnum þessa árs er hún fljót til svars. „Ég myndi segja að stelpurnar ættu að horfa til tísku sjöunda áratugarins, til dæmis fyrirsætunnar Twiggy sem var áberandi á þeim árum. Kjólarnir ættu að vera stuttir með einföldu sniði og í pastellitum, ljósum og björtum,“ segir Anna. „Kjólarnir eiga að vera einlitir, sleppa blómamynstrum eða annars konar mynstrum. Ljósugulur litur er vinsæll, sömuleiðis ljósblár og hvítur. Einlitar sokkabuxur ættu að vera við kjólinn í hvítu eða pastellitum. Ljósugulur litur verða vinsælir í sumar en einnig svartar og hvítar rendur. Það er svipað og var á sjöunda áratugnum.“

Anna segir að hárið á fermingarstúlkunum eigi að vera slegið og náttúrulegt. „Alls ekkert dúllerí eða skraut,“ segir hún og bætir við að það eigi líka við fördunina. „Þær ættu að sleppa varaliti en vera með eyeliner ef þær vilja nota áberandi fördun.“

Bítalegir strákar

Ekki má gleyma fermingarstrákunum en Anna segir að þeir eigi að horfa til upphafstíma Bítlanna og Kinks, hljómsveita frá sjöunda áratugnum. „Bítlaútlit er mjög flott. Þeir mega vera í svörtum gallabuxum og Converse-skóm eða támjóum ökklastígvélum (chelsea-boot). Það er líka flott að vera í dökkbláum, kremlituðum, röndóttum eða svörtum sjóliðapeysum og sleppa jakka.“

Klassískar mömmur

Mömmurnar eiga hins vegar að vera klassískar. „Þær ættu ekki að klæðast mynstruðum kjólum heldur velja einföld og klassísk snið. Fermingarbörnin eiga að hafa athyglina,“ útskýrir Anna og segir að einfaldir skartgripir passi best þennan dag. „Fermingarstúlkurnar ættu að hafa lítinn silfurkross, smáa eyrnalokka og þumalhring en spara aðra skartgripa þennan dag.“

Anna hefur stíliserað nokkrar fermingarstúlkur hér á landi en hún hefur búið hér frá árinu 2004. „Fermingarbörn eru tán-ingar og þau mega vera töff,“ segir Anna sem segir að mikið sé gert með fermingar í heimalandi sínu Danmörku, ekki síður en hér á landi.



Anna Clausen stílisti hefur unnið víða um heim fyrir þekkt vörumerki.

MYND/ANTON

Útgefandi: 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000 Umsjónarmenn auglýsinga: Elsa Jensdóttir, elsaj@365.is, s. 512-5427 Ábyrgðarmaður: Jón Laufdal.

OUTFITTERS NATION

facebook.com/outfittersnationiceiland

Kringlan

Golla kr. 6.990
Skyrta kr. 6.990
Slaufa kr. 2.690
Buxur kr. 7.500

Jakki kr. 17.900
Skyrta kr. 7.500
Buxur kr. 7.500
Slaufa kr. 2.690

Skyrta kr. 5.990
Slaufa kr. 2.690
Buxur kr. 10.900

Skyrta kr. 5.990
Slaufa kr. 2.690
Buxur kr. 10.900

Golla kr. 6.990
Skyrta kr. 7.500
Buxur kr. 10.900
Slaufa kr. 2.690

Jakki kr. 14.900
Vesti kr. 7.990
Buxur kr. 7.990
Skyrta kr. 5.990
Bindi kr. 1.990

Útgeislunin segir allt

Tískuverslunin Curvy.is er himnasending fyrir stelpur og ungar konur sem vilja tolla í tískunni og vera flottar til fara. Þar fæst nú heillandi úrval sumarlegra og fallegra fermingarkjóla fyrir stúlkur sem nota stærðir 42-58 og vilja skarta sínu fegursta á fermingardaginn.

Það er algengur misskilningur að svartur grenni og klæði af aukakíló,“ segir Fríða verslunareigandi Curvy.is. „Þetta snýst allt um að finna snið sem hæfa vaxtarlaginu og klæðast litum eða munstrum sem blekkja augað svo líkaminn virðist grennri en ella.“

Curvy dásamar mjúkar línur og er í daglegum tengslum við nýjustu tískuþrauma fyrir yngri konur.

„Á Íslandi hefur lengi gerst að stelpur með mjúkar línur gleymist þegar kemur að tískufatnaði í stærri stærðum. Því rættist ósk þeirra þegar Curvy fann frábær vörumerki sem framleiða tískufatnað í stærri númerum svo allar konur geti notið þess að klæða sig fallega, óháð aldri,“ segir Fríða sem einnig á glæsilega kjóla á mæður fermingarstúlkna sem hún segir oft vilja líka „skvísa sig upp“ fyrir fermingardaginn.

„Það sem hefur verið áberandi vinsælast fyrir fermingardaginn eru blúndur, bjartir litir, blóm og munstraðir kjólur. Ég hvet stelpurnar til að vera óhræddar við að máta því útkoman kemur oft ánægjulega á óvart. Litir geta til dæmis gjörbreytt útlitinu, frískað upp litaraftíð, gert augun bjartari og um leið fer fólk að taka eftir öðru en holdafarinu,“ segir



Blómamunstur og bjartir litir eru hæstmóðins í vor og sumar.



Stelpur og ungar konur með mjúkar línur hafa úr mörgu og flottu að velja í Curvy.

Fríða. „Okkur finnst ekkert jafn skemmtilegt og að aðstoða stelpurnar við að finna á sig réttu sniðin og fötin sem henta þeim best.“

Fríða segir fermingarkjöllinn ekki eiga að vera málamiðlun og að stelpur eigi ekki að sætta sig við að klæðast því skásta sem þær finna.

„Sjálft átti ég í miklum erfiðleikum með að finna fermingarkjól á sínum tíma því lítið var í boði fyrir stelpur í stærðum 42



Fríða opnaði Curvy.is fyrst sem netverslun árið 2011 en í október 2012 opnaði hún glæsilega tískuverslun í Nóatúni 17. MYNDIR/VILHELM

og yfir. Því var farið búið úr búið en ekkert fannst í hefðbundnum tískuverslunum og það hjálpaði ekki sjálfstraustinu.“

Fríðu finnst miklu skipta að stelpur sem koma í Curvy líði vel í fötum sínum, séu ánægðar með sig og fari sáttar út.

„Það er einstaklega gefandi

að sjá þær ljóma þegar þær loks finna föt á sig og hafa meira að segja úr úrvali fallegra klæða að velja. Jafnvel þótt maður sé með einhver aukakíló þýðir það ekki að maður geti ekki verið fluttur. Ég finn það bara sjálf þegar ég hef tekið mig aðeins til og er komin í föt sem klæða mig vel. Þá líður

manni svo miklu betur með sjálfan sig. Það er öfundsvært að líða vel í eigin skinni, burtséð frá holdafari, og slíkt sjálfstraust er aðlaðandi og skín í gegn.“

Curvy.is er í Nóatúni 17. Kíktu líka á www.curvy.is eða á Facebook-síðuna hjá Curvy www.facebook.com/curvy.chic.

Curvy.is

KJÓLL 12990 KR
STÆRÐIR 42-54

KJÓLL 7990 KR
STÆRÐIR 42-52

KJÓLL 7990 KR
STÆRÐIR 42-52

KJÓLL 11990 KR
STÆRÐIR 42-54

KJÓLL 7990 KR
STÆRÐIR 42-52

KJÓLL 7990 KR
STÆRÐIR 42-52

ERMAR 3990 KR
STÆRÐIR 42-52

SOKKABUXUR 3390 KR
STÆRÐIR 42-50



NETVÆDDIR BINDISHNÚTAR

Nettengdir fermingadrengrir nútímans þurfa ekki lengur að stóla á pabba gamla eða afa til að kenna sér bindishnúta. Nú er hægt að sækja allan nauðsynlegan fróðleik í tölvuna og símann.

Vefurinn www.totieatie.com ber saman kosti og galla algengustu bindishnúttanna auk þess sem gefin eru góð ráð um hvernig bindishnútar henta ólíkum skyrtum. Myndrænar og auðskiljanlegar leiðbeiningar fylgja öllum bindishnútum. Vefurinn www.tie-a-tie.net gerir betur og birtir kennslumyndbönd við algengustu bindishnúttana.

Fjöldi smáforrita (öpp) er líka í boði en margir fermingadrengrir eiga snjallsíma eða spjaldtölvu.

Fyrir iPhone má nálgast „How to Tie a Tie“ ókeypis inni á iTunes. Forritið hefur verið sótt af tíu milljón símanotendum og inniheldur leiðbeiningar um gerð þrjátíu bindishnúta en reyndar þarf að borga fyrir sumar þeirra. Android-símnotendur geta sótt „How to Tie a Tie“ án endurgjalds sem inniheldur leiðbeiningar um gerð tuttugu bindishnúta en greiða þarf fyrir átta þeirra. Forritið sýnir á myndrænan hátt gerð bindishnúta og með aðstoð myndavélarinnar á spjaldtölvunni getur drengurinn horft á sjálfan sig á skjánum og fylgt leiðbeiningum á meðan. Einnig má nefna smáforritin Tie a Tie og Tie a Tie Platinum sem bæði eru ókeypis. Íhaldssamari fermingadrengrir geta síðan alltaf fest kaup á bókinni „The 85 Ways To Tie a Tie. The Science and Aesthetics of Tie Knots“ eftir Thomas Fink og Yong Mao sem fæst í öllum betri netverslunum.

Tók virkan þátt

Guðjón Davíð Karlsson, eða Gói eins og hann er alltaf kallaður, minnst fermingardagsins með hlýju í huga. Hann tók virkan þátt í undirbúningi veislunnar og spilaði á píanó, hélt ræðu, söng og skemmti sér með gestunum sem komu til að samgledjast honum.

Það er mikið að gera hjá Góa þessa dagana í Borgarleikhúsinu þar sem hann syngur og steppar í hlutverki sótarans Berts í Mary Poppins. Hann gefur sér þó tíma til að skjótast í símann og ræða við blaðamann um fermingardaginn. „Já, ég man mjög vel eftir þessum degi 10. apríl 1994, sunnudagur eftir páska. Bjartur og fallegur dagur. Athöfnin var í Hallgrímskirkju og ég var með veislu í safnaðarheimili kirkjunnar. Ég hugsa alltaf með hlýhug til þessa merkisdags.“

Viðburðarík veisla

Gói tók virkan þátt í bæði skipulagningu veislunnar og veislunni sjálfri. „Ég hafði skoðun á því hvað átti að vera á boðstólum, en það var léttur hádegisverður. Svo voru litlar söngbækur á borðunum sem ég valdi lögin í. Ég hélt ræðu, spilaði á píanó og söng lag með Palla vini mínum. Við systir mín spiluðum saman; hún á þverflautu og ég á píanó, og svo spilaði ég undir fjöldasöng gestanna,“ segir Gói og hlær yfir því hve mikið hann var í sviðsljósinu þennan dag og bætir svo við: „Ætli ég sé ekki að gera það sama í leikhúsinu í dag og ég var að gera í fermingarveislunni, að koma fram.“

Góðir foreldrar

Gói var mjög stressaður vegna veislunnar og æfði sig í marga daga. „Ég var alveg sveittur í lóf-unum. Mig langaði bara að standa mig vel og var mjög ánægður og stoltur eftir á, enda var þetta dagurinn minn. Mamma og pabbi voru mjög dugleg við að virkja mig í því að taka þátt í veislunni og hvöttu mig áfram eins og góðir foreldrar gera. Ég kann þeim miklar þakkir fyrir það í dag. Ég ætla klárlega að hvetja mín börn til hins sama þegar þau fermast.“

Lítill eftir aldri

Gói var lítill eftir aldri og seinþroska og fann vel fyrir því á fermingardaginn. „Stelpurnar voru flestar orðnar miklu stærri en ég. Svo voru þær líka á háum hælum þannig að ég náði þeim svona upp á maga. Það er verst að meðfylgjandi mynd skuli ekki vera af mér með fermingarsystkinum mínum. Þá hefði sést vel hve lítill ég var en ég gæti allt eins verið sex ára á þessari mynd.“ Það kom stöku sinnum fyrir að Góa væri strítt vegna stærðarinnar en hann lét það ekki á sig fá. „Nokkrir vinir mínir voru miklu stærri en ég og það komu stundir þar sem ég var viðkvæmur fyrir því. En svona heilt yfir þæði ég lítið í því og var frekar sáttur.“

Trúin og athöfnin

Séra Karl Sigurbjörnsson, fyrrverandi biskup, er pabbi Góa og því hefur trúin og kirkjusókn verið hluti af lífi hans frá unga aldri. „Það var aldrei neinn efi hjá mér varðandi trúna. Mér fannst þetta mjög hátíðleg og stór ákvörðun sem ég tók alvarlega. Athöfnin sjálf var mjög hátíðleg og falleg.



„Fermingarsystur mínar voru flestar miklu stærri en ég og á háum hælum í þokkabót þannig að ég náði þeim svona upp á maga,“ segir Gói og hlær.



Mamma og pabbi Góa voru mjög dugleg við að virkja hann í því að taka þátt í veislunni. „Þau hvöttu mig áfram eins og góðir foreldrar gera og kann ég þeim miklar þakkir fyrir það í dag.“

Pabbi var þarna og orgel- og trompetleikur. Ég fékk alveg fiðring í magann þegar ég gekk inn kirkjugólfið.“

Ráðlegg öllum að taka þátt

„Ég hvet fermingarborn til að taka virkan þátt og vera með í því að skipuleggja veisluna. Það er um að gera að koma fram og bjóða

fólk velkomid. Þeir sem kunna að spila á hljóðfæri ættu endilega að troða upp. Nú, eða að syngja eða halda uppi borðtenniskúlu eða hvað sem hver kann að gera. Það gerir minninguna skemmtilegri. Maður er stressaður á meðan á því stendur en svo verður maður ótrúlega stoltur af sjálfum sér og fyllist sigurtilfinningu.“

Ferming í Flash

Ótrúlegt úrval af fermingarkjólum




Verð
9.990-16.990

FLASH

Laugaveg 54,
sími: 552 5201

Vertu vinur

galleri sautján



Jakkaföt: 22.995,-
Skyrta: 7.995,-
Bindi: 2.995,-
Klútur: 2.990,-
Skór: 13.995,-



Hattur: 8.995,-
Skyrta: 7.995,-
Jakkaföt: 22.995,-
Bindi: 2.995,-
Vesti: 6.995,-
Skór: 13.995,-
Klútur: 990,-



Jakkaföt: 22.995,-
Skyrta: 7.995,-
Slaufa: 2.995,-
Klútur: 990,-
Skór: 13.995,-



Strákarnir fara ánægðir út

Fermingarfötin eru mikilvæg á stóra deginum.
Í ár er fermingarlinan mjög fjölbreytt og hefur aldrei verið stærri.

„Í ár lögðum við okkur fram um að bjóða upp á fjölbreyttan fatnað fyrir fermingarstrákana, bæði hvað varðar gott verð og eins að notagildið væri mikið,“ segir Bjartur Snorrason, verslunarstjóri í Galleri Sautján í Kringlunni, um fermingartískuna hjá strákum þetta árið. „Við bjóðum upp á virkilega falleg ljós og dökkgrá jakkaföt ásamt klassískum navy bláum og svörtum sem eru alltaf jafn vinsæl. Fyrir þá sem vilja fara aðrar leiðir bjóðum við upp á jakkana eða buxurnar stakar og eru þá strákarnir oft að taka gallabuxur við stöku jakkana sem þeir geta svo notað í skólann eftir ferminguna.“

„Úrvalið af skyrtum hefur aldrei verið eins fjölbreytt og núna í ár. Við bjóðum upp á marga liti í skyrtum ásamt því að bjóða upp á fallegar smáköflóttar bláar og svartar skyrtur sem hafa mælst mjög vel fyrir í ár.“

„Vestin njóta líka alltaf mikilla vinsælda og eru þá tekin bæði við gallabuxur, skyrtu og bindi eða við jakkafötin sem þrískipt föt.“

„Stíllinn hjá strákunum er innblásinn af tíðarandanum hverju sinni og vinsælir sjónvarpsþættir einsog Mad Men hafa sett línuna hvað jakkafötin varðar. Aukahlutir eins og fallegar slaufur og bindi ásamt litríkum vasaklútum setja svo punktinn yfir i-ið.“

„Converse skórnir eru svo alveg málið við fermingarfötin og strákarnir eru mjög sáttir við að geta svo notað þá í skólann eftir ferminguna, sé ekki minnst á foreldrana sem vilja vera praktískir við fatakaupin,“ segir svo Bjartur að lokum.



Strákarnir í Galleri Sautján taka vel á móti þér

Fjölbreytt úrval af fatnaði fyrir fermingarstelpurnar hjá Galleri Sautján.

Fallegir litir og stelpuleg snið og gott verð gefur tóninn fyrir fermingarlinuna hjá Galleri 17

„Við lögðum upp með að hafa fermingalínu sem væri bæði á hagstæðu verði og hefði heilmikið notagildi. Kjólana er hægt að nota áfram sem sæta sumarkjóra og jakkana og buxurnar er hægt að nota allan ársins hring. Ungu stelpurnar eru orðnar mjög tíska meðvitaðar og komnar með fastmótaðar skoðanir á því hvað þær vilja. Því fannst okkur mikilvægt að hafa fjölbreytt úrval sem höfðaði til sem flestra,“ segir Sýlvía Clothier, rekstrastjóri yfir dömudeild Galleri 17. Í ár erum við ekki einungis með kjóla, heldur líka buxur, toppa og jakka við. Kjólarnir eru síðari að aftan og teknir saman í mittið eins og hefur verið svo vinsælt, bæði úr blúndu eða siffoni. Einnig erum við með peplum kjóla sem þykja mjög móðins í dag. Fyrir þær sem vilja ekki vera í kjól erum við með peplum toppa eða skyrtur við uppháar glansbuxur eða svokallaðar disco buxur.

Litirnir í ár fyrir utan að sjálfsgöðu hvítt eru coral, mintugrænn, kremblátt, blátt og svart. Fyrir þær sem velja svart þá er smart að vera í sokkabuxum í fallegum lit eða með sætu mynstri við kjólinn. Við erum með frábært úrval af sokkabuxum, beltum og skarti þannig að hver og ein getur fundið eitthvað við sitt hæfi



Kjöll: 9.995,-
Sokkabuxur: 2.995,-
Skór: Focus



Toppur: 5.995,-
Buxur: 9.995,-
Hálsmen: 3.995,-
Skór: Focus



Jakki: 11.995,-
Toppur: 5.995,-
Hálsmen: 3.995,-
Buxur: 9.995,-
Skór: Focus




Stelpurnar í Sautján hjálpa ykkur að finna rétta dressið

Í skóm hafa stelpurnar verið að taka svarta eða hvíta skó, annaðhvort með litlum eða fylltum hæl og ég veit að úrvalið í Focus skóverslunni er eitthvað sem stelpurnar hafa verið mjög hrifnar af.

„Það er alltaf tilhlökkun hjá manni eftir þessum tíma árs, þar sem við vitum hvað þetta er skemmtilegur tími. Við höfum mjög gaman að því að fá að aðstoða þessar ungu stelpur við að velja fötin og það er líka svo gaman að sjá nýjar kynslóðir vaxa úr gras“ segir Sýlvía að lokum.



Níundi áratugurinn er kannski ekki þekktastur fyrir smekkleghheit. Þessi jakkaföt hafa þó vafalaust þótt afar smart árið 1986 og glatt hjarta einhvers fermingardrengsins.



Í fyrstu borgaralegu fermingunni í apríl árið 1989 í Norræna húsinu voru börnin þrúðbúin eins og vera ber.



Þessi drengur sem stendur á Austurvelli í maí 1964 sýnir blaðamanni Vísis fermingarföt fyrir Herradeild P&Ó.

Í sínu fínasta pússi

Fötin eru fermingarbörnunum hugleikin og þannig hefur það verið í gegnum árin. Fermingarbörnin vilja skarta sínu fegursta þegar þau taka á móti gestum sínum í fermingarveislunni. Nokkur höfuðverkur getur þannig orðið að finna rétta dressið og á það jafnt við í dag eins og fyrir tíu, tuttugu og fimmtíu árum. Í safni 365 fundust nokkrar gamlar og góðar myndir af fermingarbörnum og fermingartísku í gegnum tíðina.



Þessi unga stúlka er í fermingargreiðslu á hárgreiðslustofunni Monroe í mars 1999.



Hér sýna unglingar heitustu fermingartískuna árið 1995.



Tamaris
12.995 kr.
– líka í Nude lit



Tamaris
12.995 kr.
– líka í svörtu



Tamaris
19.995 kr.
– líka í svörtu



Tamaris
15.995 kr.



Tamaris
12.995 kr.



SixMix
20.995 kr.

FRÁBÆRT
FYRIR FERMINGUNA



SKÓHÖLLIN
A EUROSKO • Firdi

Úrvalið er í Soho Market

SOHO/MARKET á Grensásvegi 8 býður fermingarfátnað og fylgihluti á góðu verði. Þar geta bæði fermingarstúlkur og mæður þeirra dressað sig upp fyrir stóra daginn.

SOH/MARKET opnar í dag fulla búð af nýjum vörum eftir vel heppnaða útsölu. Í versluninni fæst allt það nýjasta frá Bandaríkjunum eins og kjólar, leggings, buxur, jakkar, toppar, skart, töskur, íþrótt- og jógafatnaður og alls konar aðhaldsfatnaður. Fermingarfötin eru þó í aðalhlutverki þessa dagana og er fjölbreytnin í fyrir-rúmi að sögn Jónu Lár, eiganda SOHO/MARKET.

„Kjólarnir eru látlausir en þó með sínum séreinkennum, með blúndum, pífum og skreyttir steinum,“ lýsir Jóna og bætir við að í SOHO/MARKET fáist einnig fatnaður fyrir konur á öllum aldri og því finni mömmurnar einnig eitthvað við sitt hæfi.

Í SOHO/MARKET geta fermingarstúlkur klætt sig upp frá toppi til tólar. Fyrir utan kjóla má þar fá fjölda fylgihluta á borð við töskur, ermar, klúta og eyrnalokka. „Þá erum við með alls kyns armbönd með

steinum sem hafa slegið í gegn,“ segir Jóna og bendir á að von sé á skóm í verslunina á næstunni. Þá segir hún einnig hægt að kaupa fermingargjafirnar í búðinni. Til dæmis sé þar mikið úrval af fallegum silfur- og stálskartgripum. „Við vorum líka að taka inn rosa-lega flotta blásara og krullujárn.“

Hárskraut af ýmsu tagi er afar vinsælt í SOHO/MARKET og hentar vel í fermingargreiðslurnar. Jóna segir algengt að hárgreiðslufólk komi í verslunina og kaupir bæði skraut og hina góðu túperingarbursta. „Þá

erum við einnig með til sölu hina vinsælu Moroccan-oil hárvöru á afar góðu verði, aðeins 1.490 krónur,“ segir Jóna og lýsir því að nokkrir dropar af olíunni í rakt hárgeri það dúnmjúkt og glansandi.

SOHO/MARKET er þekkt fyrir hagstætt verð. Fermingarkjólarnir eru frá 7.990 krónum upp í 15.990 krón-



Steinum sett armbönd hafa slegið í gegn.



Í SOHO/MARKET fæst allt það nýjasta frá Bandaríkjunum eins og kjólar, leggings, buxur, jakkar, toppar, skart, töskur, íþrótt- og jógafatnaður og alls konar aðhaldsfatnaður. Hér er eigandinn Jóna Lár á bak við afgreiðsluborðið.



Verslunin er stundum kölluð bolabúðin vegna hins mikla úrvals af bolum.

Fermingarkjólar

S - M - L



Sv kjóll með Tiger andliti kr. 9.990.-



Kjóll m. pallietum 2 litir offwhite/svart kr. 8.990.-



Kjóll m. skjudi 2 litir svartur/kóngablár kr. 8.990.-



Blúnduchiffonkjóll 2 litir beige/svart kr. 11.990.-



Kjóll með blúndu kr. 15.990.-



Blúndukjóll 2 litir svartir/offwhite kr. 10.990.-



Blúndukjóll 3 litir grænn/offwhite/peach kr. 9.990.-



Blúndukjóll m. beltí kr. 8.990.-
Boleropeysa 4 litir kr. 3.990.-



Teygiukjóll 5 litir kr. 3.990.-
Blúndutunic 3 litir kr. 4.990.-



Toppur 2 litir hvítur/svartur kr. 6.990.-
buxur kr. 7.990.-

SOHO MARKET

Grensásvegur 8, sími 553 7300
Opið mán-fim 12-18, fös 12-19 og laugd 12-17

 SOHO/MARKET
Á FACEBOOK



BARNSSKÓNUM SLITIÐ

Segja má að börn séu tekin í fullorðinna manna tölu við fermingu. Því gæti verið skemmtilegt að nota gamla barnaskó til að skreyta fermingarborðið þar sem fermingarbarnið hefur nú slitið barnsskónum. Sem mótvægi við smábarnaskóna væri svo hægt að stilla upp skóm sem fermingarbarnið notar í dag og eru jafnvel einkennandi fyrir það sem það er að fást við, til dæmis ballettskó eða fótboltaskó.



SATÍN EÐA BLÚNDA

Fermingarhanskar, sem margar stúlkur bera á fermingardaginn, virðast fylgja tískustraumum eins og annað. Þeir eru oft úr satíni eða blúndu; sumir heilir en aðrir meira í ætt við grifflur. Fyrir mörgum eru fermingarhanskar jafnsjálfsagðir og fermingarkyrtillinn og oft ganga þeir í ættir.

Hvaðan hefðin er komin er þó nokkuð óljóst. Sumir líta svo á að þeir undirstriki sakleysi og hreinleika fermingarbarnsins en aðrir segja um hreinræktað tiskufyrirbæri að ræða. Líklega eru þeir upprunalega



tilkomnir vegna þess að stúlkur vildu vera finar og snyrtilegar á fermingardaginn.

Óvenjufalleg fermingartíska í ár

Blúndukjólar eru áberandi í Cosmo í ár. Litirnir sem ráða ríkjum eru kremhvítur og ferskjulitaður. Eigandinn Lilja Hrönn Hauksdóttir, sem hefur selt fermingarfátnað í á þriðja áratug, segir tiskuna sjaldan hafa verið fallelgrí.

Verzlunin Cosmo hefur staðið framarlega í sölu á fermingarfátnaði síðustu ár og áratugi en þar er að finna falleg föt á fermingarstúlkur, mæður þeirra og ömmur. „Ég hef selt fermingarfátnað í 26 ár og nú eru þær sem ég afgreiddi fyrst um sinn farnar að koma með sínar dætur. Eftir nokkur ár fer ég líklega að taka á móti þriðju kynslóð,“ segir Lilja Hrönn Hauksdóttir, eigandi Cosmo.

Hún segir tiskuna sjaldan hafa verið jafn skemmtilega og í ár. Það er mikið um blúndukjóra. Flestir eru stuttir og ermausir en margar taka ermar við. Undanfarin ár hafa flestar fermingarstúlkur verið í leggings við kjólana sína en nú eru það húðlituðu sokkabuxurnar sem ráða ríkjum. Útkoman er virkilega dömuleg og smart,“ segir Lilja. Hún segir tiskuna afar látlausa og sýnist henni það sama eiga við um hárið. „Það hefur átt það til að vera mjög krullað og svoltið yfirdrifið en nú heyrir mér það eiga að vera slétt og einfalt.“ Lilja hefur stundum hannað eigin



„Undanfarin ár hafa flestar fermingarstúlkur verið í leggings við kjólana sína en nú eru það húðlituðu sokkabuxurnar sem ráða ríkjum. Útkoman er virkilega dömuleg og smart,“ segir Lilja. Hún bendir á að í versluninni fást fermingarskartgripir í úrvali.

MYND/BRAGI ÞÓR JÓSEFSSON

fermingarlínur og eins keypt hugmyndir annarra en í ár er úrvalið innflutt. Fátnaðurinn er frá Bretlandi, Frakklandi og Ítalíu. Hún

segir kremhvíta litinn ráðandi í bland við ferskju- og appelsínulit og hvetur allar fermingarstúlkur til að koma og líta á úrvalið.

ALLIR JAFNIR Í HVÍTUM KYRTLI

Hugmyndin að hvíta fermingarkyrtlinum er ekki mjög gömul. Þann 9. maí árið 1954 sá séra Jón M. Guðjónsson, prófastur á Akranesi, þá hugmynd sína verða að veruleika að fermingarbörn hans í Akraneskirkju klæddust hvítum kyrtli við fermingarathöfnina. Síðan varð úr að öll fermingarbörn á Íslandi klæddust kyrtlum á fermingardaginn. Þetta var einkum gert til þess að enginn munur sæist á efnahag fjölskyldna, en sum börnin voru ríkmannlega klædd, meðan önnur voru tötralega til fara. Hefðin að klæðast hvítum kyrtli er rík en þrátt fyrir það er ekki skylda að klæðast honum þó fæstir sleppi því.

Sumar stúlkur klæðast íslenska þjóðbúningnum á fermingardaginn. Algengur misskilningur er að ekki megi hylja þjóðbúninginn með hvíta kyrtlinum en það er ekki svo. Kyrtillinn er enn í dag boðberi þess að allir eru jafnir fyrir guði.



Ferming 2013

Frábært úrval




12.990 kr.



12.990 kr.



12.990 kr.



12.990 kr.

smáauglýsingar

FRÉTTABLAÐIÐ

smaar@frettabladid.is / visir.is

512 5000

Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opin alla virka daga frá 8-17

Allar smáauglýsingar vikunnar á visir.is

BÍLAR & FARARTÆKI

BÍLAHÖLLIN

S: 567-4949



Lexus RX 400 Hybrid Luxury árg.2008 ek.34þús. Sjálfskiptur. Leður. Xenon aðalljós. Topplúga. Aksturstólva. Rafdrifin sæti. DVD spilar. Gullfallægur bíll. Ókutæki er í sal. Asett verð 6.450.000.- Rnr.291780



Honda CR-V Panorama 11/2007 ek.79þús. Sjálfskiptur. Xenon aðalljós. Glerþak. Smurbók. Mjög snyrtilegur bíll. Ókutæki er á staðnum. Asett verð 3.290.000.- Rnr.103927



Skoda Octavia 5/2003 ek.85þús. Sjálfskiptur. Nýjar bremsur. Nýjir afturdempingar. Dráttarbeiðsi. Ókutæki er á staðnum. Asett verð 990.000.- Rnr.310263

Bílahöllin
Bíldshöfða 5, 112 Rvk
Sími: 567 4949
www.bilahollin.is



Toyota Hilux double cab dísel árg. 2007 ekinn 49.000.- Sjálfskiptur Sjá myndir www.bilasalaislands.is raðn, 202983.

Bílasala Íslands
Skógarhlíð 10, 110 Rvk.
Sími: 510 4900
896 1337 / 896 9693
www.bilasalaislands.is

STÓRA BÍLASALAN



Range Rover Supercharged Árg.2006, ekinn 89þ.km. Einn með öllum! Er á staðnum! Frábært tilboðsverð aðeins 4.190.000kr! Raðnúmer 152444. Sjá nánar á www.stora.is

Stóra bílasalan
Kletthálsi 2, 110 Reykjavík
Sími: 5861414
Myndeftirlit á plani
http://www.stora.is

ASKJA NOTAÐIR BÍLAR



TOYOTA Auris sol. Árg.2008, ekinn 87 P.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 2.390.000. Rnr.140188.



MMC Pajero. Árg.2008, ekinn 134 P.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 4.500.000. Rnr.990297.



MERCEDES BENZ C 240. Árg.2005, ekinn 108 P.KM, bensín, 5 girar. Verð 1.990.000. Rnr.100190. VERÐ NÚ kr: 1.490.000.-

ASKJA notaðir bílar
Kletthálsi 2, 110 Reykjavík
Sími: 590 2160
www.notadir.is



HÖFÐABÍLAR
... þar sem bílar seljast



M.BENZ E320 Avantgarde Árg.2007, ekinn 182 P.KM, bensín, sjálfskiptur. Litur vel út!! Verð 1.200þ Rnr.124438.

Höfðabílar
Fossháls 27, 110 Reykjavík
Sími: 577 4747

Óskum eftir bílum á söluskrá og á staðnum
www.hofdabilar.is



VOLVO C30. Árg.2007, ekinn 41 P.KM, bensín, 5 girar. Verð 2.150.000. tilboð 1900 þús stgr. bein sala Rnr.148115.

Litla bílasalan
Eirhöfða 11, 110 Rvk.
Sími: 587 7777
www.litla.is



VAKA



Vinnuvéla- Lyftara- og Bifreiðaflutningar á verði fyrir þig.

Vaka
Skútvogi 8, 104 Reykjavík
Sími: 567 6700
24 tíma þjónusta
http://www.vakahf.is



VILTU KAUPA EÐA SELJA!! Komdu til okkar, sendu okkur mail á 100bilar@100bilar.is eða hringdu í síma 5179999, Skráðu bílinn frítt hjá okkur. Kíktu á www.100bilar.is



CHEVROLET Tahoe Z71 4x4 Off Road, Árg 1/2012, ek 18 P.KM, Bensín/Metan, 7 manna, Leður, Lúga, Bakmyndavél, Rafm. hleri, DVD, Asett verð 11.890.000. Rnr.117696. Er í salnum,



TOYOTA AVENSIS SOL. Árg 5/2006, ek aðeins 45 P.KM, bensín, sjálfskiptur, Topp eintak, einn eigandi, 100% þjónustubók, góð vetrardekk, Verð 1.990.000. Rnr.118115. Er á staðnum,

100 bílar ehf
Pverholt 6, 270 Mosfellsbær
Sími: 517 9999
Opíð virka daga 10-18.00 og laugardögum 11-15.
www.100bilar.is

Bílar til sölu



Til sölu Renault Master sendibíll stuttur árg. '05 ek. 160 þ. mikið endurnýjaður, ný tímareim. Verð 1.100 þ. Uppl. í s. 659 4403.



Toyota Rav4 árg.01. e. 146.þ km. SSK. 4X4. Nýleg dekk. Vel með farinn. V. 800P. Uppl. í s. 861 9064.



Skoda Fabia ,07. Ek: 95 þús. Smurbók. Negld vetrardekk/sumardekk. Verð: 1,0 m. Engin sk. Uppl: Tómas 895 9974.



RANGE ROVER Td6. árg. 2006, ek. 125P.KM. Sparneytin 6 strokka turbo dísel vél Litur: svartur - dókk grátt leður á sætum. Verð. 5.600.000 Uppl. í s. 892 0018.



CHEVROLET SUBURBAN 1500 LT. Árg. 2/2008, ek. 73P.KM, bensín/METAN, sjö manna 4 stólar, dókk grátt leðuráklæði. DVD o.fl. Verð 6.990.000.- Uppl. í s. 892 0018.



Gríptu tækifærið Niðurgreiddir Nissan Leaf & Ford Focus Tveir öflugustu rafbílarinn í heiminum! Þú getur fengið þetta á USA www.islandus.is - Sími 552 2000

Gríptu tækifærið núna! Nissan Leaf, Ford Focus rafbílar fá frábæra dóma. Útvegum bíla með niðurgreiddum frá USA. 90% lægri reksturkosnaður. Rafbílar, Metanbílar, Metanbreytingar, Bensín, Díselbílar. Betra verð á nýjum og notuðum bílum frá öllum helstu framleiðendum. www.islandus.is S. 5522000

250-499 þús.



EKINN AÐEINS 118ÞÚS !! Opel Vectra árg. '01, ek. aðeins 118þ, ný sko ,14, ný yfirfarinn á verkstæði, ný tímareim, góð dekk, vel með farinn bíll í góðu ástandi, Tilboðsverð aðeins 390 þús, möguleiki á 100% visafeuro láni. S:659-9696.



SJÁLFSKIPTUR SMÁBÍLL 290 ÞÚS!

DAIHATSU SIRION CX 1.0 12V ek.130 þús, sjálfskiptur, 5 dyra, góð vetrardekk, skoðaður, vel viðhaldinn og góður bíll sem eyðir sáralitlu verð 290 þús. s.841 8955.

Bílar óskast

!!! 0-250ÞÚS STAÐGREITT !!! Óska eftir að kaupa bíl fyrir allt að 250þús., bíllinn má þarfnast lagf. eða skoðunar, helst ekki eldri enn ,98, skoða allt. Hringdu í síma 659 9696.

Sendibílar



Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

Fjór hjól



Yamaha Grizzly 700 ,08. Ek: 11 þús. 27" Big Horne. Vökvastýri. Kassi með aukasæti. Einn eigandi og góð þjónusta. Aukastuðarar. Verð: 990 þús. Engin skipti. Uppl: Tómas 895 9974.

Bátar



Smíðum álhurðir í báta stóra sem smáa. Skoðaðu heimasíðuna okkar algluggar.is Hafðu samband og fáðu tilboð. S. 557 5757.

Bílaþjónusta

NÚ ÞÚ SJÁLFSÞJÓNUSTA

Hvaleyrarbraut 2 hfj. Gerðu við bílinn sjálfur lyftur, verkfæri og nóg pláss á staðnum.

Opíð alla daga S. 663 2042

Varahlutir



Sendu eina fyrirspurn á 39 PARTASaLa og þeir svara þér ef hluturinn er til. www.partasalar.is

SMÁPARTAR.IS

Eigum mikið úrval af varahlutum í Subaru árg. ,97 til ,02, Skoda Octavia árg. ,00 til ,07, Honda CR-V árg. ,05.W Polo ,07 Passat ,01, Suzuki Baleno árg. ,00. Smápartar.is Sími 5675040-7785040.

VW - SKODA - VARAHLUTIR

Eigum varahluti í VW, Skoda og Audi og Pajero frá ,02 Kaupum bíla til niðurrifs og uppgerðar. Bílabúð, Kaplahrauni 11 220 hfj. S. 534 1045.

JAPANSKAR VÉLAR BÍLAPARTASALA

Eigum úrval varahluta í Japanska og Kóranska bíla og fleiri teg. Kaupum bíla. Opíð 8-18 virka daga. S. 565 3400 & 893 2284. www.japanskarvelar.is / www.carparts.is japvel@carparts.is

Varahlutir í VW Golf, Polo, Yaris, Skoda Octavia árg. ,03, Ford fiesta ,98, Honda Civic og Kangoo. Viðgerðir. Gírkassar. Bremsuviðgerðir, renni diskar og skálar. Kaupi bíla. Uppl. í s. 892 7852.

ÞJÓNUSTA

Pípulagnir

FLAGLÆRÐIR PÍPARAR

Tökum að okkur viðhald og nýlagnir, vönduð vinnubrögð mikil reynsla. Pípulagnarþjónusta Reykjavíkur S: 770 4499.

HELGI PÍPARI

Hitamál, viðgerðir, endurlagnir, nýlagnir og allar pípulagnir. S. 820-8604.

Hreingerningar

Flutningsþrif, Gólfbónun, Teppahreinsun og Gluggaþvottur. Gerum verðtilboð. www.hreingerningar.is S. 772 1450

Garðyrkja



TRJÁA OG RUNNAKLIPPINGAR

Fáðu fagmenn í garðinn þinn. Klippum og snyrtum limgerði, tré og runna. Ágústa skrudgarðyrkjumeistari 867-0443

Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

Öll bókhaldsþjónusta, VSK, uppgjör, framtöl, launavinnsla, ráðgjöf, eignauskýsla og stofnun fyrirtækja. Ábyrg þjónusta - Vönduð vinnubrögð Korrekt viðskiptaþjónusta Borgartúni 24, sími 445 5500

Málarar

MÁLARAMEISTARI

Tek að mér alla almenna málningarvinnu f. húsfélög, einstaklinga og fyrirtækja. Fagmennska og sanngjarnt verð. Egill s. 868 5171.

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafli., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningagj. Mikla. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Húsviðhald



HÚSASMÍÐAMEISTARI

Tek að mér alla almenna smíðavinnu jafnt nýsmíði sem viðhald. Öll réttindi. S: 848 4031

JARÐVINNA

Tökum að okkur alla almenna jarðvinnu, endurnýjun dren og klóaklagirnir. Vélaleiga, Efnissala. Uppl. s. 869 1700/868 4043. Jarðlausnir ehf.

K.R.S. ELDON MÚRVERKTAKAR. Múrviðgerðir og fílsalagnir. Vönduð vinna Tilb./tímav. S. 899-4254.

Tölvur

APLÚS TÖLVUÞJÓNUSTA

Sanngjarnt verð. Sæki og sendi heim. S. 822 7668 www.aplus.is


Spádómar

661 3839 - SÍMASPÁ

Tímamantarnir frá kl. 17.00.

SPÁSÍMI 908 7000

Spámiðun, tarot, fyrirbærir, algjör trúnaður. Opíð frá 13-23. S. 863 1987 visa/euro.



Rafvirkjun

Raflagnir Dyrasímar

Set upp ný dyrasímakerfi og geri við eldri. Endurnýja raflagnir í eldra húsnæði ásamt viðgerðum og nylögnum.

Fljót og góð þjónusta
Sími 893 1733

Jón Jónsson
Löggiltur rafverktaki

www.raflagnir.is

RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025

Tilboð dyrasímakerfi, töfluskipti. Löggildur rafverktaki. Rafneisti@gmail.com

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.

Þjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

Önnur þjónusta

Blekhyliki.is

Ódýr blekhyliki í flesta prentara, ný verslun í Hagkaup Smáralind, einnig á Fjarðargötu 11 Hf og í síma 517-0150

Barnaheill
Save the Children & Island

Vissir þu að...
ofbeldi brýtur börn niður.



VALDÍS ÁRNADÓTTIR DÁLEIÐSLUTÆKNIR (CLINICAL HYPNOTHERAPIST) VEITIR DÁLEIÐSLUMEDFERÐ.

Viltu léttast, takast á við kvíða, streyту, sjálfstraust, hætta að reykja o.fl. Dáleiðsla er gott verkfæri til betri heilsu.

Tímá pantanir í síma 864-1273

KEYPT & SELT

Til sölu

PIZZAOFN TIL SÖLU-PIZZAOFN ÓSKAST !

Viljum selja stóran færirbandaofn fyrir 16" sem tekur 4 stk í einu, gjarnan í skiptum fyrir minni ofn.

Upplýsingar í síma: 892-0807



Frábæru Lay-Z-Spa heitu pottarnir fást nú í takmörkuðu magni á 99,000,- kr. Tilvalið í sumarbústaðinn eða í garðinn heima. Potturinn kemur með loki og öllu sem til þarf. VDO Borgartún 36 S: 588 9747 www.vdo.is

ELDVARNARHURÐIR

Til sölu hvítmálaðar eldvarnarhurðir sem nýjar með öllu þar með talið sjálflokandi lömmum. Verð aðeins kr.65.000,- án/vsk.

Upplýsingar í síma 822-7303 / eirikur@stracta.is

RÚMBOFN FYRIR QUINSIZE DÝNU Á TRÉFÓTUM

Til sölu 6 ára gamall rúmbotn fyrir quinsize stærð (153 x 200) keyptur í Svefn og heilsu. Verð 15 þús.

Uppl. í s. 699 2778 ef. hádegi.

RAFMAGNRÚM 90X200

Til sölu vel með farið 3ja ára rafmagnsrúm 90x200, frá Svefn og Heilsu, nafn á dýnu IQ care.

Kostar nýtt 195 þús, selst á 95 þús.

Upplýsingar í síma 663 4552

ÓDÝR HEIMILSTÆKI

Pvottavélar, þurrkarar, ísskápar og fl. Ábyrgð fylgir. S. 845 5976.

Óskast keypt

KAUPI GULL !

Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaup gull, gull peninga og gull skartgrip. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð.

Uppl. á demantar.is í s. 699 8000 eða í Pósthússtræti 13 (við Austurvöll), Verið velkomin

KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR

Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.

Jón og Óskar - jonogoskar.is s. 552-4910.

Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/örýrkja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

Verslun

Kynlíf er GOTT!

PENOMET.IS

ELSKENDUR.IS

FLESHLIGHT.IS

BATHMATE.IS

849-0698

ALLA DAGA 10-22

HEILSA

Heilsuvörur



GREEN PEOPLE
Organic Lifestyle

20%

KYNNINGARAFSLÁTTUR

af lífrænu húð-, há - og snyrtivörum frá Green People. Fyrir alla fjölskylduna: Dömu-, herra-, unglínga- og barnalína. 100% náttúrulegt. Ditto, Smíðjuvegi 4 (græn gata), 200 Kópavogi. Opíð mán-fös: kl 12-18, lau: kl 12-15. Sími 517-8060. www.ditto.is

Árangur næst með Herbalife. Frítt lífstílsmat. Hringdu núna S. 896 4662 Edda Borg

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

TAKTU ÁKVÖRDUN NÚNA.

Betri árangur með Herbalife Kaupauki. Rannveig s.8625920,rkb.heilsuskysla.is

Nudd

TANTRA NUDD

Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. 112 Reykjav. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

NUDD OG HEILSA

DETOX - ÚTHREINSUN á öllum líkamanum. NUDD upp f. hné á eftir. Opíð frá 12-18 alla virka daga nema sun. S. 823 8280. www.nuddogheilsa.is

Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

HEIMILIÐ

Barnavörur



BARNAVAGN TIL SÖLU

SIMO kerruvagn (norskur) keyptur ,98 í Fífu, notaður undir 2 börn. Kerrupoki, skiptitaska, sem ekki sér á og lók í burðarúmið fylgir með. Lítur allt saman mjög vel út. Selst á 35 þús. Uppl. í s. 840 4061

Dýrahald

Chihuahua hvolfur (12m) vantar heimili, fæst fyrir lítið. Uppl. s. 696 9412.

Hulda Bjarna

býður þér góða helgi!

Laugardaga kl. 12.20 – 16



BYLGJAN
989

Sára Siberian husky rakka vantar framtdar fósturheimili. Hann er rólegur, yfirvegaður & barngóður. Hulda 8970250

HÚSNÆÐI

Húsnæði í boði

GISTIHEIMILI - GUESTHOUSE WWW.LEIGUHERBERGI.IS

1-2 manna herb. á Funahöfða 17a og 19 og Dalshraun 13 Hfj. Rooms for 1-2 persons in Funahöfða 17a -19 Rvk and Dalshraun 13 Hfj.

Uppl/Info í S. 824 4535. frá kl. 10-20. www.leiguherbergi.is

Til helgar og skammtímaleigu er íbúð í miðbæ Vestmannaeyja frá 15.maí. Íbúð með rúmum fyrir 4 og öllum húsbúnaði. Uppl í síma 895 8582

LEIGJENDUR, TAKIÐ EFTIR!

Pið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kiktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

UM 100 FM LÍKAMSREKTARSALUR

Fullbúinn með hjóðkerfi, og mögulegan aðgang að dýnum, ketilbjöllum, lóðum, stöngum o.f.l. Aðgangur er að fullbúnum búningaklefum með sturtu og saunu. Salurinn er virkilega hentugur fyrir stærri og smærri hóptíma. Salurinn rúmar allt að 30 manns.

Salurinn leigist á kr. 3500 fyrir klst.

Frekari uppl. í s. 848-8766 eða 771-9489

VELLIR HFJ

2. herb. 130 þús., 3. herb. 150 þús., 4. herb. með innistæði 176 þús. Allt langtímaleiga S : 615 6523.

Húsnæði óskast

Hjón sem búsett eru á Florida óska eftir að taka íbúð á leigu á stór Reykjavíkursvæðinu m/húsgögnum Frá 1 júlí 2013 til 1 september 2013 Uppl. í síma 772 6658 eftir kl 17:00

Atvinnuhúsnæði

2 mjög góð 210 og 130fm iðnaðarhúsnæði til leigu, gott aðgangi og frábær staðsetning í Hafnarfirði. Uppl. í s. 893-9678.

51,6 M2 IÐNAÐARBIL

Tvö bil af þessari eftirsóttu stærð til sölu eða leigu. 10 m2 milliloft að auki. Lofthæð: 3,9 m. Hurð 3,6 m. Góðir gluggar. Sýningarbil á staðnum. Facebook/Steinhella 14. S: 660-1060 og 661-6800.

Gisting



ENDURNÆRING Í STYKKISHÓLMI

Helgargisting með heitum pottum. Sund, gönguferðir og siglingar. Veitingastaðir á heimsmeikvarða. Upplýsingar í síma 861 3123 eða á www.orlofsbudir.is

Geymsluhúsnæði

WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS
Búslóðageymsla Olivers 150 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 25 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

GEYMSLUR.COM

Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskilóð í Reykjavík. S. 555 3464

WWW.GEYMSLAEITT.IS

Sér geymslur frá 3.900. 1-17m2. Aðgangur kl. 8-22 alla daga. Ný sérhönnuð geymsluhús, upphitað og vaktað. S: 564-6500.

GEYMSLULAUSNIR.IS

Búslóðageymsla og flutningar. Gott verð, sækjum og sendum. S. 615-5005.

ATVINNA

Atvinna í boði

VÉLAVÖRÐUR

Vélavörð vantar til afleysinga fram á vor 2013 á vs. Núp BA 69. Uppl. gefur Sigurður Viggósson í s. 892-3968 og á skrifstofu félagsins 450-2100 Oddi hf. Patreksfirði

Heildsala óskar eftir starfskrafti 3 daga í viku. Umsóknir sendist til thjonusta@365.is merkt „heildsala“

Atvinna óskast

VANTAR PIG SMÍÐI, MÚRARA EÐA JÁRNABINDINGAMENN?

Höfum á skrá menn sem óska eftir mikilli vinnu. Geta hafð störf nú þegar. Starfsmannþjónustan S. 661 7000.

Barnaheill
Save the Children in Iceland

Vissir þú að...
holl og góð fæða stuðla að líklegu heilbrigði sem börn eiga rétt á.

Boltinn á Xinu 977

- alla virka daga kl. 11 - 12



Þjónustuauglýsingar

Sími 512 5407

FIAT VARAHLUTIR
S. 5 400 800

CHRYSLER Jeep RAM

EYJALIND
Varahlutir í vinnulyftur

S: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is

Vélfraeðingar - hugvitsmenn - hönnuðir.

Helac-vökváldurinn gefur ykkur ótal möguleika til að opna eða velta til þungum búnaði. Hafid Helac í huga. Helac leysir vandann.

ÁSAFL EHF

Hjallahraun 2 - 220 Hafnarfj. s. 562 3833 - 863 55 12 www.asafl.is - asafl@asafl.is

Helac í hlíð hjá Norðurdíl.

STERK LOK á alla heita potta.

Eitt verð á öllum stærðum Framleiðum lokin eftir málum. Sterkasta áklæðið á markaðnum sem þolir vel raka- klór og veðráttu.

(Myndir á facebook) **Tjalda og Seglaþjónustan**
Kristinn 899-7663 - 461-5077 Tjalda@simnet.is

Síðustu dagar útsölunar

3 verð
1.000 - 2.000 - 3.000

Ynja
UNDRIFATAVERSLUN

HAMRABORG 20A • KÓPAVOGI 544-4088 • YNJA.IS

ER BÍLSÆTID RIFID ?

Viðgerðir á öllum gerðum af bíla-, mótörhjóra og snjósléðasætum. Húsbílaklæðningar og öll almenn bólstrun. Við erum þekktir fyrir fljóta og góða þjónustu.

Formbólstrun
Hamraborg 5 kóp, Hamrabrekkumegin S. 544 5750 www.hsbolstrun.is

• Steypusögun
• Kjarnaborun
• Múrbrot
• Hellulagnir
• Jarðvegsvinna
• Öll almenn-vertakavinna

BROTAFL
STEINSÖGUN • BORUN • BROT

Brotafli ehf
Símar 894 8040
894 8044
Fax 565 0050
Netfang: brotafli@simnet.is

GENERAL HJÓLBARDAR

• Hjólbarðaviðgerðir
• Smurþjónusta
• Bremsur
• Demparar
• Rafgeymar
• o.fl.

Gylfafiöt 3 Grafarvogi Sími 567 4468 dekk@gummisteypa.is

Rafstilling ehf

startarar - alternatarar - perur
viðgerðir - sala
hröð og góð þjónusta
Dugguvogi 23 - s: 5814991
rafstilling@rafstilling.is

Allt á einum stað

BREMSUVIÐGERÐIR
BREMSUKLOSSAR
SPINDILKÚLUR
ALLAR PERUR

HJÓLBARÐAÞJÓNUSTA
RAFGEYMAÞJÓNUSTA
OLÍS SMURSTÖÐ
BÓN OG ÞVOTTUR

SMUR- BÓN OG DEKKJAÞJÓNUSTA
SÆTÚNI 4 • SÍMI 562 6066

BÍLASPRAUTUN OG RÉTTINGAR AÐDUNS

Nýbýlavegi 10 - Kóp. - S. 554 2510

TOYOTA-þjónusta www.bilasprautun.is

BÍLAÞJÓNUSTA BJARKA ehf
alhliða bílaviðgerðir

Tímamantanir s: 445 4540/697 4540

viðarhöfði 2 - 110 reykjavík - sími 445 4540 / 697 4540
bilathjonustabjarka@gmail.com
<http://www.facebook.com/bilathjonustabjarka>

ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR
ÞAREFT PÚ AÐ KOMA FYRIR TÆKINU ÞÍNU Á FRAMFÆRI?

HAFÐU SAMBAND OG VIÐ GERUM ÞÉR TILBOÐ

FRÉTTABLAÐIÐ
Sími 512 5407 | thjonusta@365.is

www.facebook.com/gottbón

GOTT BÓN
ÓDÝRT EN GOTT

Sækjum • Bónum Skilum

Sími 776 6662
Höfði • 110 Reykjavík

Parketslípun

sólpallaslípun | parketlagnir
551 1309 / 690 5115
golflist@golflist.is | www.golflist.is

99% RYKFRITT

Alla fimmtudaga og laugardaga

steinunnsg@365.is arnarut@365.is sigrunh@365.is

fasteignir



Iðnaðarhús við Njarðarbraut í Reykjanesbæ, til leigu eða sölu.

Frábær staðsetning við Reykjanesbrautina.

Stærð bila: frá 150 m² upp í 450 m²

Hægt er að afhenda húsið á ýmsum byggingastigum, eftir óskum. Mjög hagstætt verð.

Upplýsingar í síma 421 4037



STÓRBORG fasteignasala

Stefán Hrafn Stefánsson hdl. löggiltur fasteignasali

Fyrirtæki, fjárfestar og athafnamenn athugið. Til sölu og leigu.

Borgartún 6 - Fjárfesting

Til sölu eru nokkrir eignarhlutar í þessu virðulega og vel staðsetta atvinnuhúsnæði við Borgartún í Reykjavík. Um ræðir um 2.100 fm samtals sem skiptist í 433 fm skrifstofu, þjónustuhæð á jarðhæð, 385



og 375 fm skrifstofuhúsnæði á 1. hæð og glæsilega 4. hæð hússins, skráð 531 fm og 385 fm þar sem eru fullinnréttaðir samkomusalir með eldhúsi, skrifstofu og allri aðstöðu. Hluti húsnæðisins er í leigu. Hagstætt verð í boði.

Kirkjustétt 2-6, fjárfesting-útleiga




Til sölu allur eignarhluti seljanda í þessu reisulega og nýlega atvinnuhúsnæði. Um er að ræða samtals um 1.351 fm á götuhæð og efri hæð

í framhúsi og að hluta til á götuhæð í bakhúsi. Húsnæðið er að stórum hluta í útleigu en mögulegt er að fá leigð pláss á 2. hæð og í bakhúsi, undir ýmskonar atvinnurekstur og þjónustu. Mjög hagstætt sölu- og leiguverð í boði.

Smiðjuvegur 44, sala og leiga.

Til sölu og leigu þetta vandaða atvinnuhúsnæði á götuhæð. Húsnæðið er um 561 fm og skiptist m.a. í tvö aðskilin iðnaðarbil með góðri lofthæð og tvennum innkeyrsludrym. Einnig er afstúkað vandað skrifstofupláss í húsnæðinu. Mjög vel staðsett hús á horni með stórra malbikaðri lóð og góðu auglýsingargildi þar sem húsið blasit við frá Breiðholti. Getur hentað undir ýmskonar atvinnustarfsemi svo sem verkstæði, iðnað, heildverlsun og fl. Hagstætt verð í boði.



Allar nánari upplýsingar um þessar eignir gefa undirritaðir: Ólafur Páll s: 6601794, olipall@bseignir.is, stefan@storborg.is



Kirkjustétt 4 • 113 Reykjavík • Sími 534 8300 • stefan@storborg.is

ASBYRGI ehf Sími 568 2444

ÁBYRG FASTEIGNASALA – www.asbyrgi.is
Suðurlandsbraut 54 - við Faxafen - 108 Reykjavík

FÍFUVELLIR 12 - HAFNARFIRÐI

OPIÐ HÚS Í DAG Á MILLI 17.30 OG 19

OPIÐ HÚS



Glæsilegt fullbúið einbýlishús 163,8 fm. á einni hæð ásamt 40,9 fm. innbyggðum bílskúr alls því 207,4 fm. Vandaðar innréttingar. Rúmgóð herbergi. Arinn. Húsið er klætt að utan með steinflisum. Stór sólpallur. Bílaplan og stétt með mynstursteypu og hitalögn. Lóð tilbúin frá náttúrunnar hendi. Verð 59.0 millj



Stakfell

:: 535_1000

Grétar Haraldsson
Hrl. Lögg.fast.fyrirt.og skipasali
Aðalheiður Karlsdóttir
Lögg.fast.fyrirt.og skipasali

OPIÐ HÚS



Öldugata 4 - 101 Rvk GLÆSIEIGN TIL SÖLU

Opið hús föstud. 15. feb. kl. 17.00-18.00.

Mikið endurnýjuð og falleg neðri sérhæð ásamt sér íbúð í kjallara, samtals 244,2 fm. í einstaklega reisulegu og virðulegu húsi við rólega götu í hjarta borgarinnar. Mikið endurnýjuð eign í klassískum stíl, vandaðar og fallegar innréttingar og gólfefni, upprunalegar rósettur og loftlistar. Nýir gluggar, sem smíaðir voru eftir upprunalegum teikningum. Lóðin er endurnýjuð og hellulögð með hitalögn. Þetta er án efa ein fallegasta eign borgarinnar. Vinsæll staður í örstuttu göngufæri frá miðbæjarsjarmanum. Hentar vel sendiráði eða þeim sem vilja eiga glæsilegt heimili. Verð 99,5M.

LAUS VIÐ KAUPSAMNING.

Allar nánari upplýsingar veittar á skrifstofu Stakfells eða í síma 535-1000.


STÆRSTI HÚSNÆÐISVEFUR LANDSINS

vísir

FÉLAG FASTEIGNASALA



Ótrúlegt úrval íbúða til sölu eða leigu!



HÚSEIGN

Fasteignamiðlun



OPIÐ HÚS AÐ UGLUHÓLUM 8, Rvk.

HÚSEIGN KYNNIR,

OPIÐ HÚS AÐ UGLUHÓLUM 8, Reykjavík, kl. 17.30-18.00 Fimmtudaginn 14. feb..



Velkominn á sölusýningu að Ugluhólum 8, 3ju hæð, falleg 4ra herbergja íbúð í þessu barnvæna hverfi í Reykjavík. Bílskúr er rúmgóður með góðri lofthæð, heitt og kalt vatn og rafmagn. Allar nánari upplýsingar veitir Baldvin Ómar í síma 898-1177 eða á skrifstofu Húseignar í síma 585-0100

Suðurlandsbraut 48 • 108 Reykjavík • Sími: 585 0100 • Fax: 585 0109
huseign@huseign.is • www.huseign.is • Opið mán.-fim. 10-18 • fös. 10-17
Baldvin Ómar Magnússon - Löggiltur fasteignasali

Sigurjón M. Egilsson Sprengrisandur

Kraftmikill þjóðmálaþáttur
Sunnudagsmorgna kl. 10 – 12



BYLGJAN 989




Barnaheill
Save the Children á Íslandi

Vissir þú að...

Öll börn eiga rétt á samvistum við báða foreldra sína.

BONUS BONUS BONUS BONUS



APPELSÍNUR
195 KR.KG

NÝTT KORTATÍMABIL Í BÓNUS

BONUS EKKERT BRUÐL Hér færðu veit tengda VILDARPUNKTA VISA Vildarklöbbur



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

JÓHANNA MAGNÚSDÓTTIR
Klappastíg 5a,

sem andaðist á Landakotsspítala 7. febrúar sl. verður jarðsöngin frá Grafarvogskirkju föstudaginn 15. febrúar kl. 13.00.



Þórunn Ingólfssdóttir

Georg Heide Gunnarsson

Hinrik Gunnarsson

barnabörn og barnabarnabörn.

Hilda G. Birgisdóttir

Guðrún Sigurðardóttir



KRISTBJÖRG GUÐMUNDSDÓTTIR
(BAGGA)

verður jarðsöngin frá Fríkirkjunni í Hafnarfirði föstudaginn 15. febrúar kl. 15.00.



Hreiðar Sigurjónsson
Sigurður Sigurjónsson
og fjölskyldur.

Fríða Ragnarsdóttir
Lísa C. Harðardóttir



Elskuleg sambýliskona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

KAREN RAGNARSÓTTIR
frá Ísafirði,

verður jarðsöngin frá Ísafjarðarkirkju laugardaginn 16. febrúar kl. 14.00. Þeim sem vildu minnst hennar er bent á Krabbameinsfélagið Sigurvon á Ísafirði.



Páll Sigurðsson

Ragnar Ágúst Kristinsson

Helga Kristinsdóttir

Haraldur Kristinsson

barnabörn og barnabarnabörn.

Sigríður Þóra Hallsdóttir

Sigvaldi K. Jónsson

Sveinfríður Unnur Halldórsdóttir



Þökkum fyrir auðsýnda samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar ástkærs eiginmanns míns, föður, tengdaföður og afa,

RÓBERTS SIGURMUNDSSONAR
húasmiðameistara,
Vestmannaeyjum.

Guð blessi ykkur öll.



Svanhildur Gísladóttir

Íris Róbertsdóttir

Hrönn Róbertsdóttir

Telma Róbertsdóttir

Ívar Róbertsson

Víðir Róbertsson
og barnabörn.

Eysteinn Gunnarsson

Sævar Pétursson

Sigurður Jólsson

Agnes Kristjánsdóttir

Hekla Hannesdóttir



Efst í huga okkar er djúpstætt þakklæti til allra sem sýndu okkur samúð, hlýhug og vináttu við andlát og útför elskaðs eiginmanns, föður, tengdaföður, afa og langafa,

JÓNASAR JÓHANSSONAR
fyrrv. flugumsjónarmanns.

Sérstakar þakkir fær starfsfólk Heimahlýningar LSH fyrir þeirra einstöku aðstoð og hlýju.



Guðmunda M. Þorleifsdóttir

Þorleifur Jónasson

Matthías Einar Jónasson

Júlíus Jónasson

Heimir Jónasson
barnabörn og barnabarnabörn.

Ásta H. Bragadóttir

Jóhanna Eyrún Sverrisdóttir

Helga Helgadóttir

Berglind Magnúsdóttir



Innilegar þakkir fyrir hlýhug og samúð við andlát og útför okkar ástkæru móður, ömmu, langömmu og langalangömmu,

PETREU GUÐNÝJAR PÁLSDÓTTUR
Grundargötu 16, Grundarfirði.

Sérstakar þakkir færur við starfsfólki lyfjadeildar, Heilbrigðisstofnun Vesturlands Akranesi og starfsfólki Dvalarheimilisins Fellaskjól, Grundarfirði fyrir góða umönnun og hlýju.



Steinbjörg Elíasdóttir

Guðný Elíasdóttir

Margrét Elíasdóttir

Elín Katla Elíasdóttir

Finnbogi Elíasson

Kjartan Elíasson
barnabörn, langömmubörn og langalangömmubörn.

Árni Eiríksson

Ólafur Ægir Jónsson

Porkell Pétur Ólafsson

Steinar Helgason

Sigurlaug Björnsdóttir

Svanhvít Guðmundsdóttir



STEINÞÓR OG ANNA ÞÓRA Þrátt fyrir að vera orðinn áttæður hefur Steinþór nóg fyrir stafni og þurfti Anna Þóra nokkrum sinnum að leggja land undir fót til að fylgja föður sínum eftir með myndavélina. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Mynd um manninn á bak við leiktjöldin

Steinþór Sigurðsson leikmyndahönnuður er 80 ára í dag. Anna Þóra, dóttir hans, hefur gert heimildarmynd um hann sem verður frumsýnd í Bíói Paradís í næsta mánuði.

Steinþór Sigurðsson fagnar 80 ára afmæli í dag. Steinþór er einn af merkustu leikmyndateiknum þjóðarinnar og starfaði hjá Leikfélagi Reykjavíkur í fjörutíu ár. Hann hlaut í fyrra heiðursverðlaun Leiklistarsambands Íslands á Grímuverðlauninum. Anna Þóra, dóttir Steinþórs, hefur undanfarið þrjú ár unnið að heimildarmynd um karl föður sinn og verður myndin frumsýnd í Bíói Paradís í næsta mánuði.

„Það blandast þarna saman fortíð og nútíð,“ segir Anna Þóra um myndina sem nefnist St.Sig. – Strigi og flauel. „Ég víðaði að mér fullt af efni úr hans fortíð sem ég hef verið að móða úr, auk þess sem ég hef fylgst með honum undanfarið þrjú ár og því sem hann hefur verið að sýsla. Þrátt fyrir að hann sé nú orðinn áttæður hefur hann alltaf haft nóg fyrir stafni. Hann hefur mikið unnið á söfnum, til dæmis á Selasetr-

inu á Hvammstanga. Svo setti hann upp ásamt Leikminjasafninu yfirlits-sýningu í Iðnó fyrir tveimur árum, þar sem hann sýndi meðal annars skissur og teikningar úr leikhúsinu. Og svo hlaut hann Grímuverðlaunin í fyrra og ég fylgdi honum eftir þangað.“

Þrátt fyrir langan feril og mikil afköst segir Anna Þóra sárafáar leikmyndir eftir Steinþór hafa varðveist í heilu lagi. „Hann hefur haldið sjálfur utan um vinnuskissur, sem margar hverjar eru mjög fallegar. En í myndinni fer ég meðal annars á háloftið í Borgarleikhúsinu og þar liggur eitthvað í bútum og kössum. Það voru ein eða tvær leikmyndir settar upp í heilu lagi fyrir yfirlits-sýninguna en mest er þetta glatað.“

Anna Þóra er vanur klippari, hefur klippt heimildarmyndir og sjónvarps-

efni í fimmtán ár og framleitt tvær barnamyndir. Hún segir að það hafi hins vegar verið nýtt fyrir henni að vinna með viðfangsefni sem var henni svo náð.

„Það var vissulega mjög gaman en gat líka verið dálítið snúið. En ef eitthvað var færði þetta okkur enn nær saman; ég fór í alls konar ferðalög með honum, elti hann á Hvammstanga og til Stokkhólms og þetta hefur verið einstaklega skemmtilegt ferli í alla staði.“

En ætla Steinþór að halda veglega upp á afmælið?

„Það verður boð fyrir fjölskylduna í dag,“ segir Anna Þóra. „En ætli við verðum ekki með aðeins meira tilstand þegar myndin verður frumsýnd í Bíói Paradís í byrjum mars. Þá bjóðum við væntanlega fleirum og höldum upp á þetta með pomp og prakt.“

bergsteinn@frettabladid.is



Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð, hlýhug og vinsemd við andlát og útför föður okkar, tengdaföður og afa,

MAGNÚSAR WELDING
JÓNSSONAR.

Guðrún Magnúsdóttir
Elín Magnúsdóttir
Eyrún Magnúsdóttir
og barnabörn.



William H. Clark
Hilmar Hólmgeirsson
Ólafur Már Brynjarsson



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir og afi,
KJARTAN INGIMARSSON
bifreiðastjóri,
til heimilis að Kirkjuteig 9,
Reykjavík,

lést á Hrafnistu þriðjudaginn 12.02.13.

Þóra Kjartansdóttir
Ingimar Kjartansson
Björg Vigfúsína Kjartansdóttir (Lilla)
tengdabörn og barnabörn.



Okkar ástkæri,
ÓTTAR EINARSSON
kennari,
Klausturhvammi 13,
Hafnarfirði,

sem lést fimmtudaginn 7. febrúar verður jarðsöngin frá Hafnarfjarðarkirkju mánudaginn 18. febrúar kl. 11.

Steinunn Inga Óttarsdóttir
Guðrún Arnbjörg Óttarsdóttir
Puríður Óttarsdóttir
og barnabörn
Guðrún Kristjánsdóttir
Jóhanna Puríður Þorsteinsdóttir



Brynjar Ágústsson
Haraldur Eiríksson
Hannes Steinar Guðmundsson



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,
MARÍA GUÐRÚN STEINGRÍMSDÓTTIR
ljósmóðir,
Hraunbraut 31, Kópavogi,

lést mánudaginn 4. febrúar á Landspítalanum í Fossvogi. Útförin fer fram frá Kópavogskirkju föstudaginn 15. febrúar kl. 15.00.

Ólafur Stefán Sigurðsson
Sveinn Sævar Helgason
Sigurður Ólafsson
Vilborg Ólafsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.



Guðrún Sveinsdóttir
Guðrún Ingólfssdóttir
Einar Þór Jónsson

15
TÚLIPANAR
1.499 kr.

FISKFÉLAGIÐ
Fiskfélagið býður **20% afslátt** af matseðli og vínseðli til fimmtudaga til sunnudaga (vínseðli til sunnudaga).

SCANDINAVIAN
Scandinavian býður **25% afslátt** af matseðli og vínseðli alla daga vikunnar.

VEGAMÓT
Vegamót bjóða **20% afslátt** af matseðli og vínseðli.

blómaval
AFSLÁTTARKORT
BLÓMAVALS

KAUP-AUKI!

AFSLÁTTAR-KORT Á PRJÁ VEITINGASTADI FYLGIR!

KAUP-AUKI!

ILMVATNS-PRUFA FYLGIR! GUCCI DOLCE & GABBANA



Ath. afsláttarkort fylgir eingöngu í Skútuvoði, Grafarholti og Hafnarfirði meðan birgðir endast!

Dagur elskenda
Valentínusardagurinn
byrjar í Blómavali!



Rósir og súkkulaðikaka!

10
rósir og frönsk súkkulaðikaka!
Takmarkað magn!
Aðeins
2.990 kr.



Ath. súkkulaðikaka eingöngu fáanleg í Skútuvoði, Grafarholti og Hafnarfirði meðan birgðir endast!

Pottaplöntu-UTSOLU LYKUR

Allar pottaplöntur: 50% afsláttur
fimmtudag til sunnudags

FERSKUR FÖSTUDAGUR

10 stk. túlpanar 999 kr.

Rósabúnt 999 kr.

Afskorin blóm á lægra verði alla föstudaga



KROSSGÁTA

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

LÁRÉTT

2. hreinsiefni, 6. í röð, 8. gras, 9. fugl, 11. í röð, 12. miklu, 14. þrætur, 16. tímaeining, 17. af, 18. fugl, 20. pfn., 21. loga.

LÓÐRÉTT

1. samtals, 3. spil, 4. ávaxtatré, 5. þakbrún, 7. andstaða, 10. svörður, 13. rangl, 15. rötartauga, 16. fiskur, 19. frá.

LAUSN

LÁRÉTT: 2. sápu, 6. lm, 8. sef, 9. lóm, 11. rs, 12. stóru, 14. þræt, 16. ár, 17. frá, 18. lóa, 20. ég, 21. lífa.
LÓÐRÉTT: 1. alls, 3. ás, 4. perutré, 5. urfs, 7. móþrói, 10. mór, 13. ráf, 15. tæga, 16. all, 19. af.

Siggi Hlö
Veistu hver ég var?
Heitasta partíðið í bænum!
Laugardaga kl. 16 – 18.30

BYLGJAN 989

Hvað er í matinn?

BAKPANKAR Björns Þórs Sigbjörnssonar

Hestur er alinn á Krít. Hann fer í sláturhús í Rúmeníu, kjötið er selt til kjötvinnslu í Frakklandi og þaðan í skyndiréttaverksmiðju í sama landi þar sem því er blandað saman við tómatsósu, rotvarnarefni og pastaplötur. Úr verður lasanja. Ferðalagið heldur áfram; í sænskar umbúðir, í, segjum, frystinn í Bónus og loks á disk hjá fólki í, segjum, Reykjavík. Þetta er langur vegur; um sjö þúsund kílómetrar; næstum sex hringir í kringum Ísland.



EINHVERS staður á leiðinni varð hesturinn (sem reyndar eru grunsemdir um að hafi aldrei verið hestur heldur asni) að nauti. Upp komast svik um síðir en hvað ætli margir hestar (eða asnar) hafi orðið að nauti áður en hið sanna kom í ljós?

NÚ er í sjálfu sér ekkert að því að borða hest (og líklega ekki asna heldur) en það má náttúrulega ekki selja hann sem naut. Hest á að selja sem hest og naut sem naut. Hestar eru hins vegar ódýrari á fóðrum og þar sem hægt er að græða er reynt að græða. Og tækifærin til að svindla eru mýmörg þegar vara fer um langan veg, viðkomustaðirnir eru margir og margir fara um hana höndum.

EN burtséð frá þessu: Hvernig má það vera að fólk vilji borða mat sem er þannig útbúinn að ekki er hægt að segja til um hverrar tegundar hann er? Að það finnist hvorki á bragði, áferð né öðru hvort dýrið sem orðið er að mat hneggjaði, baulaði eða eitthvað annað?

OG lítil aukaspurning: Hvernig má það vera að fólk sé selt lasanja frá Svíþjóð þegar hráefnið var alið á Krít, slátrað í Rúmeníu og unnið og hrært saman í Frakklandi? Gildir þá einu hvort um er að ræða hest, asna eða naut.

ÉG ætla að gera nokkur orð bandaríska blaðamannsins og mataráhugamannsins Michaels Pollan að mínum.

EKKI borða matarlíki, veldu alvöru mat og forðastu verksmiðjuframleidd matvæli.

EKKI borða neitt sem amma þín hefði ekki kannast við sem mat.

FORÐASTU mat sem auglýstur er í sjónvarpi.

BORÐAÐU aðeins mat sem rotnar.

SÉ þessu fylgt eru minni líkur á að hægt sé að svindla á þér og það sem meira er; maturinn er miklu betri og hollari.

MYNDASÖGUR

PONDUS



GELGJAN



HANDAN VIÐ HORNIÐ



BARNALÁN



NYR 4BLS BAEKLINGUR

STUTFULLUR AF NYJUM SJODHEITUM TILBOÐUM

**SMELLTU
Á KÖRFUNA**
NETBAEKLINGUR Á
WWW.TOLVUTEK.IS
MEÐ GAGNVIRKUM
KÖRFUHNAPP

**ENN
BETRA
VERÐ**

4GB MINNISLYKILL
Örsmár og glæsilegur Silicon Power Touch T01 minnislykill úr höggvörðu stáli

990
8GB 1.490 • 16GB 2.990 • 32GB 4.990

1TB FLAKKARI
Fisléttur, örsmár og hraðvirkur Diamond USB3.0 ferðaflakkar á ótrúlegu tilboðsverði!

16.900
500GB AÐEINS 11.900

**NYTT
VAR AÐ
LENDI**

OFFICE 2013
Ný og enn öflugri útgáfa Microsoft Office nú með tengingu við tölvusky og stuðningi við snertiskjái

22.900
FYRIR HEIMILI OG NEMENDUR

**FEBRÚAR
TILBOÐ**
STUTFULLAR VÆRSLANIR AF NYJUM TILBOÐUM

0% VEXTIR
ALLAR VÖRUR
VISTAÐAUST
12 MÁNUR!

**NY KYNSLÖD
Protab**

**SMELLTU
Á KÖRFUNA**

TÖLVUTEK

Reykjavík • Borgartúni 31 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900

OPNUNARTÍMAR

Virka daga
10:00 - 18:30

Laugardaga
11:00 - 16:00

TÖLVUTEK

Reykjavík • Borgartúni 31 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900



Birt með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndabreytingar.

Rafvæðingin stærsta viðfangsefnið

Egill Örn Jóhannsson tók á dögnum við embætti formanns Félags bókaútgefenda af Kristjáni B. Jónassyni. Þeir segja að undanfarin ár hafi verið umbrotatímar í útgáfugeiranum og að stafræna byltingin sé langstærsta verkefnið fram undan.



ÚTGEFENDUR Kristján B. Jónasson og Egill Örn Jóhannsson segja fáa gera sér grein fyrir hlutverki bókaútgefenda.

FRÉTTABLAÐID/GVA

Egill Örn Jóhannsson var kjörinn formaður Félags bókaútgefenda fyrir helgi en forveri hans, Kristján B. Jónasson, lét af formennsku eftir sjö ára starf. Spurður hvað standi upp úr á formannstíð sinni segir Kristján að undanfarin ár hafi verið umbrotatímar fyrir útgáfubransann. Fyrst má auðvitað nefna hrúnið, sem olli bóka-geiranum búsigjum eins og öðrum, en Kristján segir greinina engu að síður hafa staðist þá ágjöf vel.

„Við náðum að bjarga fjármunum okkar áður en til hrunsins kom og settum í gang kynningarstrategíu sem miðaði að því að fólk hætti ekki að kaupa bækur. Við sjáum nú að bókin, að minnsta kosti í samanburði við ýmsar aðrar neysluvörur, hélt dampi.“

Rafvæðingin

Önnur breyting sem varð, og í sjálfu sér stærri, var stafræna byltingin.

„Innkoma rafrænna bóka á markaðinn hefur breytt landslaginu. Það er algjörlega alþjóðleg þróun og Ísland er hluti af því púslu. Undanfarin ár hafa reynst mikilvæg til að móta margt í þessu umhverfi en enn eru ýmis álitamál óleyst, til dæmis réttur bókasafna til að skanna bækur, hvernig eigi að standa að því og endurgerð bókmenntaarfsins á stafrænt form, sem er feiknastórt úrlausnarefni og verður ekki leyst af einkafyrirtækjum. Þetta eru meðal þeirra verkefna sem bíða nýs formanns.“

„Rafvæðingin er mesta bylting í bókaútgáfu síðan prentvélin var fundin upp,“ bætir Egill við. „Það gerir sér í raun og veru enginn grein fyrir því hvernig þessi bransi mun standa eftir aðeins örfá ár, það verða til ný viðskiptamódel, nýir dreifingarmöguleikar og svo framvegis. Ofarlega í forgangs röðinni er að semja við bókasöfn og menntastofnanir um hvernig sé best að standa að dreifingu rafrænna bóka. Þar erum við afar skammt á veg komin en erum þó með hugmyndir um mál sem við teljum að hægt sé að leysa, til dæmis varðandi rafrænt kennslu-efni í framhaldsskólum landsins. Það eru að okkar mati mjög rötækar hugmyndir og áhugaverðar hugmyndir og hafa fengið jákvæðar undirtektir hjá þeim þingmönnum sem við höfum kynnt þær fyrir.“

Parf lítið að gerast til að allt fari á hliðina

Þótt möguleikar stafrænu byltingarinnar séu miklir segjast þeir Egill og Kristján verða varir við óraunhæfar væntingar til hennar. „Það er í sjálfu sér ekki skrítíð,“ segir Kristján, „því umræðan stjórnast af upplýsingum sem við fáum gegnum fréttaveitur af gangi mála á langstærsta rafbókamarkaði í heimi, Bandaríkjunum. Ísland er með minnsta bóka- markaði í heimi og það að halda að við getum tekið þessi stóru módel,

„Það gerir sér í raun og veru enginn grein fyrir því hvernig þessi bransi mun standa eftir aðeins örfá ár.“

Egill Örn Jóhannsson

sem til dæmis Amazon og iTunes fara eftir, og heimfært þær á Ísland eru bara draumórar.“

Egill bætir við að fyrir jafn lítinn markað og á Íslandi þurfi mun minna að bera út af til að setja strik í reikninginn.

„Það þarf í rauninni afskaplega lítið að gerast til að setja okkur á hliðina. Við erum miklu viðkvæmari fyrir áhrifum en markaðir sem telja tugi ef ekki hundruð milljóna, eins og í Bandaríkjunum, þar sem rafvæðingin er lengst á veg komin. Sjóræningjastarfsemi og ólöglegt niðurhal getur haft veruleg áhrif á útgæfendur og á því verðum við að finna lausn.“

Hlutverk útgefenda

Egill og Kristján verða varir við hugmyndir í umræðunni um rafbókavæðinguna um að smám saman séu bókaútgæfendur að verða óþarfir, þar sem höfundar geti nú dreift bókum sínum sjálfir. Þeir segja slík viðhorf byggð á misskilningi á hlutverki forleggjara, sem útgæfendur geti að vissu leyti sjálfum sér um kennt.

„Við þekkjum sjálfsgáfuna vel. Hún hefur alltaf verið við lýði hér á landi,“ segir Kristján. „Á jafn litlum markaði og á Íslandi er tæknilega ekkert því til fyrirstöðu að sá sem skrifar bók sendi tvö þúsund manns tölvupóst með viðhengi. Þá er hann búinn að dreifa bókinni og klára málið. Gallinn er sá að það tekur enginn endilega mark á því. Þegar fólk vitnar til dæma þar sem slíkt hefur lukkast er yfirleitt um stóra höfunda að ræða sem eru með agenta á sínum snærum sem bæði sjá um að ritstýra og markaðssetja bókina – sem er alla jafna á könnu forlagsins.“

Þetta er ekki bara vandamál sem við glífum við, maður heyrir þetta líka í Evrópu. Vandinn er kannski sá að við sem störfum við útgáfu lítum á þetta sem svo sjálf-sagt um að gleymdum að segja öðrum það. Þar af leiðandi fáum við þessa umræðu í hausinn núna.“

Undir þetta tekur Egill. „Ég held að meirihluti almennings geri sér ekki almennilega grein fyrir því hvert hlutverk bókaútgefenda sé. Fyrir vikið beinist mikil og að mörgu leyti ósanngjörn gagnrýni að okkur. Við höfum ekki staðið okkur nógu vel í að kynna hvað það er sem við í raun og veru gerum. Bókaútgefandi er ekki prentmiðlari. Hann er miklu meira og það felst miklu meira í því að setja saman, gefa út og selja bók. Þetta er eitt af því sem við þurfum að koma betur á framfæri.“

bergsteinn@frettabladid.is



NAOMI WATTS
TILNEFND TIL GOLDEN GLOBE VERÐLAUNA
BESTA LEIKKONA Í AÐALHLUTVERKI

100/100

„Fer beint í efsta sæti yfir þær myndir sem fólk verður að sjá á árinu.“

NEW YORK OBSERVER

100/100

„Ógnvænlega vel gerð.“

VARIETY

★★★★

„Ein af betri myndum ársins 2012.“

Mbl.

100/100

„Einstaklega raunveruleg stórslysmynd, sem lætur engan ósnortinn“

HOLLYWOOD REPORTER

SAMBÍÓIN
EGILSHÖLL

Komin í bíó

SAMBÍÓIN

Síðasta helgi Teikninga

Sýningu Ingólfs Arnarssonar lýkur um helgina.

Sýningu Ingólfs Arnarssonar, Teikningar, sem stendur yfir í Sværrissal Hafnarborgar lýkur sunnudaginn næstkomandi.

Teikning hefur ætíð skipað veigamikinn sess í listköpun Ingólfs, en teikningar hans einkennast af fíngerðum línunum, nákvæmni og tíma. Á sýningunni í Sværrissal eru teikningar frá síðustu tveimur árum og röð fjörutvö teikninga frá árinu 2007 sem mynda eina grátóna heild og fást við blæbrigði eins litar.



INGÓLFUR ARNARSSON
Listamaðurinn í Hafnarborg við uppsetningu sýningarinnar.

DEBENHAMS

Dior KYNNING

14.-21. febrúar.

Nýji maskarinn sem störnurnar nota
ásamt nýjum vorlitum, og nýju
Diorskin Nude BB kremi sem
fullkomnar húðina á undraverðan hátt.

Dior

DIORSHOW
ICONIC OVERCURL

GLÆSILEG GJÖF FYLGIR ÞEGAR
KEYPTAR ERU TVÆR VÖRUR Í DIOR.
MEÐAN BIRGÐIR ENDAST



 Finndu okkur á facebook

Gerðu
lífð
skemmtilegra

DEBENHAMS - Lífstílsbúð í SMÁRALIND
KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR



Í HLÍÐARFJALLI
Vetrarhátíðin Eljagangur
verður sett á Akureyri í dag.

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

FIMMTUDAGUR 14. FEBRÚAR 2013

Félagsvist

20.00 Félagsvist Rangæinga og Skaftfellinga verður í Skaftfellingabúð, Laugavegi 178. Allir velkomnir og gott með kaffinu.

Sýningar

17.00 Opnuð verður sýning á verkum Ninnýar (Jónínu Magnúsdóttur myndlistarmanns) í Artókei. Sýningin er á Reykjavíkurtorgi á 1. hæð Borgar-bókasafns Reykjavíkur, Grófarhúsi, Tryggvagötu 15.

Hátíðir

09.00 Vetrar- og útivistarhátíðin Eljagangur fer fram á Akureyri yfir helgina. Nánari dagskrá má finna á heimasíðunni www.eljagangur.is.

Upplæstur

18.00 Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir les annan Passíusálminn í Grafarvogskirkju í tilefni föstunnar.

Umræður

17.00 Draumeý Aradóttir kennari,

skáld og þýðandi bókarinnar Að velja gleði talar í útgáfuhófi bókarinnar í Eymundsson Austurstræti. Boðið verður upp á tónlistatriði og veitingar.

Tónlist

21.00 Boðið verður upp á alvöru Svartmálm á Bar 11 þegar hljómsveitirnar Abacination og Dynfari mæta á svæðið. Aðgangur er ókeypis.

21.00 Fuglabúr FTT og Rásar 2 fer fram á Café Rosenberg. Það eru Jónas Sigurðsson, Ómar Guðjónsson og Kristjana Stefánsdóttir sem stíga á svið að þessu sinni. Aðgangseyrir er kr. 2.000.

22.00 Magnús Einarsson, Eðvarð Lárusson, Karl Pétur Smith og Tómas Tómasson flytja tónlist eftir The Rolling Stones á Ob-La-Dí-Ob-La-Da, Frakkastíg 8. Aðgangseyrir er kr. 1.000.

22.00 Hljómsveitin We Made God spilar nýtt efni í bland við gamalt á Dillon Bar. Hljómsveitin Texas Muffin hitar upp og aðgangur er ókeypis.

22.00 Hljómsveitin Dikta heldur tónleika á efri hæð Faktorý.

Fyrirlestrar

17.15 Katrín Jakobsdóttir mennta- og menningarmálaráðherra talar á erindaröð í Bókasafni Kópavogs um tímarn. Aðgangur er ókeypis.

Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is

Náttúruleaus málverk

MYNDLIST ★★★★★

Lög unga fólksins

Davíð Örn Halldórsson, Guðmundur Thoroddsen, Ingunn Fjóla Ingþórsdóttir, Jóhanna Kristbjörg Sigurðardóttir, Marta María Jónsdóttir og Ragnar Jónasson. Sýningarstjórar Aðalsteinn Ingólfsson og Sigrún Sandra Ólafsdóttir.

LISTASAFN REYKJANESBÆJAR

Eins og fram kemur í sýningarskrá er hugmyndin á bak við sýninguna sú að tefla saman ungu fólki á sviðuðum aldri sem allt hefur fengist við málverkið, togað það aðeins og teygt. Sýningin er litrík og má segja að það sé eitt af því sem einmennir listamennina sem hóp. Það sem skilur þennan hóp frá öðrum „málarakynslóðum“ er að áhrif úr náttúrunni eru víðs fjarri en áhrif úr dægurmenningunni, af tölvu- og sjónvarpsskjáum, úr teiknimyndum, tónlist og úr bíómyndum, komin í þeirra stað.

Í verkum Davíðs Arnar Halldórssonar má sjá greinileg áhrif úr veggjakrotlist og mynstur og litir minna á sjöunda áratug síðustu aldar, hippamenninguna eins og hún kemur til dæmis fram í Austin Powers kvikmyndunum. Manni koma til hugar ýmis plötuumslög og gömul tónlistarmyndbönd, en einnig er talsverður leikur og tilvísanir í teiknimyndaheim til staðar í verkunum meðal annars. Einnig er stundum stutt í áhrif eða tilvísanir, beinar eða óbeinar, í skreytilist frumstæðra ættbálka.

Jóhanna Kristbjörg Sigurðardóttir er með áhugaverðar vísanir í arkitektúr og borgarlandslag. Það er eitthvað við verkið Hluti af Kingdom Blue sem vísar til tímabils iðnvæðingar fyrir um einni öld, en í öðrum verkum er hún komin inn fyrir veggi heimilisins. Allt þetta er sett fram að hluta abstrakt og að



hluta hlutbundið, og litavalið minnir á fyrri tíma, á áttunda áratug síðustu aldar.

Verk Mörtu Maríu minna um margt á vefnað, eða skjáhvílu í tölvu, þar sem form, litir og línur svífa um. Þetta er órólegur abstrakt heimur.

Guðmundur Thoroddsen er bæði með höggmyndir og málverk á sýningunni. Það er eitthvað við hómorinn í verkum hans sem minnir á myndverk Hallgríms Helgasonar, eins og til dæmis rjómakökumyndin af fjallinu svífandi. Sterkasta verkið hans er samt hausinn útskorni, Ímyndaðir forfeður VI (Rockabilly útgáfan).

Ragnar hefur greinilega gaman af því að vera myndlistarmaður og leikur sér með listasöguna á sama tíma og hann vísar í samtímann í

nokkrum ólíkum verkum. Negatron og positron eru eins og mjög pixlaðar ljósmyndir og geta virkað eins og skynvilla. Í málverkinu þar sem hann sker út form og lætur strigann lafa út má segja að hann sé að vísa í listasöguna. Má þar nefna fræg verk Lucio Fontana, en einnig um leið er sterk tilvísun í fönður og leiki barna.

Ingunn Fjóla, er líklega með ágengasta „málverkið“ á sýningunni. Hún þenur miðilinn út í rýmið með böndum, á áhugaverðan hátt. Verkið gengur vel upp byggingarlega séð og er heillandi þrívíddarvæðing málverksins.

Póroddur Bjarnason

NIÐURSTAÐA: Létt og skemmtileg en fremur átakalaus sýning á verkum ungra samtímamála.



SPORT

GUNNAR NELSON laugardag kl. 20.00

BARDAGI ÁRSINS!

Taugarnar verða þandar á Wembley Arena 16. febrúar þegar Gunnar Nelson mætir hinum þrautreynda bardagamanni Jorge Santiago í UFC. Missstu ekki af bardaga ársins á Stöð 2 Sport.

2 HD

FÁÐU MEIRA ÚT ÚR SJÓNVARPINU

Ert þú með HD sjónvarp? Tryggðu þér aðgang að frábærri dagskrá í bestu mögulegu myndgæðum.

GULL
LÉTTÖL

LYSI

GIÓ
RESTAURANT

PROFIT

Fáðu þér áskrift | 512 5100 | stod2.is | Verslanir Vodafone | Verslanir og þjónustuver Símans 800 7000

2 SPORT HD

HIN EINA SANNA

SKÓSPRENGJA

SÍÐUSTU DAGAR

AÐEINS FJÓRIR DAGAR EFTIR

50% -

ásamt öðrum
tilboðum

90%

AFSLÁTTUR

Opnunartími Grafarholti

Virka daga milli kl. 11 og 18

Laugardaga milli kl. 12 og 16

Sunnudaga milli kl. 13 og 17

Opnunartími Smáratorgi

Virka daga milli kl. 11 og 18

Laugardaga milli kl. 11 og 18

Sunnudaga milli kl. 12 og 18

VÖRUR FRÁ:

STEINAR WAAGE
SKÓVERSLUN
KRINGLAN - SMÁRALIND

eCCO®
Kringlan - Smáralind

Kaupfélagið
Kringlunni - Smáralind

skór.is
KRINGLAN • SMÁRALIND

.....Toppskórinn.....
VÍNLANDSLEIÐ 6 - S: 533 3109 **Outlet**

.....Toppskórinn.....
Markaður

Smáratorgi, Kópavogi • Á milli The Pier og Toys'R'us

www.skor.is



TÓNINN GEFINN

Trausti Júlíusson

Einn af meisturunum

Það er margt gott á Sónar-hátíðinni sem hefst í Hörpu á morgun. Á meðal stærstu nafnanna eru Berlínarseitinn Modeselektor, Lundúnabúinn James Blake, hinn danski Trentemøller, Japaninn Ryuichi Sakamoto, þýsk-mexíkóska dúóíð Pechanga Boys og Íslendingarnir Mugison, Retro Stefson, Sóley og Valgeir Sigurðsson – og við erum rétt að byrja. Sá listamaður sem ég er samt spennastur fyrir á Sónar er Squarepusher.

Squarepusher heitir réttu nafni Tom Jenkinson og er fæddur í Essex í Englandi árið 1975.

Hann er einn af meisturum bresku raftónlistarsprengjunnar á tífunda áratugnum. Fyrsta platan hans, Feed Me Weir Things, kom út

hjá plötuframtaki Aphex Twin, Rephlex Records, árið 1996 en ári seinna kom Hard Normal Daddy út á vegum Warp-útgáfunnar í Sheffield.

Squarepusher hefur verið á mála hjá Warp alla tíð síðan, þó að hann hafi laumað út efni undir öðrum nöfnum hjá Rephlex og fleiri fyrirtækjum.

Tónlist Squarepushers er hluti af trommu & bassatónlistinni en samt fer hann alveg sínar eigin leiðir. Hann spilar m.a. á rafbassa og fer mikinn á hann í sumum laganna. Djassáhrif eru stundum áberandi og einhvern tímann, þegar hann var hvað harðastur, var tónlist hans kölluð „drill & bass“, eða bor & bassi.

Squarepusher var stjarna seint á tífunda áratugnum og í upphafi nýrrar aldar. Það hefur farið minna fyrir honum undanfarið, en samt hefur hann haldið áfram að gefa út gæðaefti. Nýjasta platan hans Ufabulum, sem kom út í fyrra, er t.d. stórgóð. Squarepusher er líka búinn að þróa mjög flotta tónleikasýningu sem byggir á síbreytilegum ljósámunstrum og gefur tónleikum með honum mikið myndrænt gildi.



Á TÓNLEIKUM Thom Yorke á tónleikum Atoms For Peace á Coachella-hátíðinni fyrir þremur árum.

NORDICPHOTOS/GETTY

Þriggja daga djamm

Fyrsta plata Thoms Yorke og félaga í Atoms For Peace kemur út 25. febrúar.

Thom Yorke úr Radiohead og félagar í Atoms For Peace senda frá sér sína fyrstu plötu, Amok, 25. febrúar á vegum breska útgáfufyrirtækisins XL Recordings.

Hljómsveitin er einnig skipuð Flea, bassaleikara Red Hot Chili Peppers, Nigel Godrich, upptökustjóra Radiohead, Joey Waronker, sem hefur trommað með Beck og R.E.M., og Mauro Refosco, sem hefur spilað með Red Hot Chili Peppers á tónleikaferðum.

Fyrstu tónleikar þeirra voru í Los Angeles árið 2009 þegar þeir spiluðu undir hjá Yorke sem var að fylgja eftir sinni fyrstu sólóplötu, The Eraser, sem hafði komið út þremur árum áður. Tónleikarnir fengu góð viðbrögð áhorfenda og sjálfir höfðu þeir gaman að því að færa elektróníska tónlistina upp á svið. Þeir sammældust um að halda samstarfinu áfram meðfram öðrum stærri verkefnum og ákváðu að fara í hljóðver. Þar eyddu þeir þremur dögum við stífa spilamennsku, þar sem lagt var upp með frjálst flæði, nokkurs konar

Níu lög eru á plötu Atoms For Peace

Before Your Very Eyes
Default
Ingenu
Dropped
Unless
Stuck Together Pieces
Judge Jury And Executioner
Reverse Running
Amok



djamm, í anda Miles Davis. Oftast hafði Yorke búið til takta í tölvunni sinni og tóku hinir liðsmennirnir við keflinu þaðan og spiluðu ofan í þá eða í kringum þá.

Eftir upptökurnar var ljóst að þeir höfðu úr miklu efni að móða og fór því töluverður tími í að vinna úr því. Níu lög eru á plötunni, þar á meðal titillagið Amok og smáskífulögin Judge Jury And Executioner og Default.

Hvað nafnið Atoms For Peace

varðar notaði Yorke það fyrst í samnefndu lagi á The Eraser. Nafnið er tekið úr fimmtíu ára gamalli ræðu Dwight D. Eisenhower, forseta Bandaríkjanna, um kjarnorkuvána sem vofði yfir.

Sveitin hefur skipulagt þrenna tónleika á næstunni til að fylgja Amok eftir. Þeir fyrstu verða í London 22. febrúar. Næst spilar sveitin í Berlín 8. mars og loka-tónleikarnir verða í New York 14. mars.

freyr@frettabladid.is

Í spilaranum



Bloodgroup - Tracing Echoes

Matmos - The Marriage of True Minds

Nick Cave & The Bad Seeds - Push The Sky Away

MIKIÐ ÚRVAL

... af notuðum fötum ...



Fatabúð Hjálpræðishersins
Garðastræti 6, Reykjavík.

Nytjamarkaður
á Eyjarlóð 7 út á Granda.

Opið alla virka daga
kl. 13.00 – 18.00.

Trefjaríkt

Inniheldur náttúruleg trefjaefni sem viðhalda heilbrigðri meltingu.

10 g trefjar í 100 g

ORKA SEM ENDIST

Weetabix er frábær leið til að byrja daginn. Veldu næringaríkan morgunverð sem heldur þér gangandi fram að hádegi.



7.2.2013 → 13.2.2013



LAGALISTINN

Sæti	Flytjandi	Lag
▶ 1	Ásgeir Trausti	Nýfallið regn
▶ 2	Valdimar	Yfir borgina
▲ 3	Jónas Sigurðsson	Fortíðarþrá
▶ 4	Retro Stefson	Julia
▲ 5	The Lumineers	Ho Hay
▲ 6	Rihanna / Mikky Ekko	Stay
▼ 7	Frank Ocean	Lost
▲ 8	Maroon 5	Daylight
▲ 9	Eyþór Ingi	Ég á líf
▲ 10	Ragnar Bjarnason / Lay Low	Pannig týnist tíminn



TÓNLISTINN

Sæti	Flytjandi	Plata
▶ 1	Ýmsir	Söngvakeppnin 2013
▶ 2	Ásgeir Trausti	Dýrð í dauðapögn
▲ 3	Skálmöld	Börn Loka
▼ 4	Retro Stefson	Retro Stefson
▶ 5	Valdimar	Um stund
★ 6	Sin Fang	Flowers
▲ 7	Raggi Bjarna	Dúettar
▶ 8	Of Monsters And Men	My Head Is An Animal
▼ 9	Moses Hightower	Önnur Mósebók
▲ 10	Ýmsir	Pottþétt 58

Skýringar ▶ Stendur í stað síðan í síðustu viku ▼ Fellur um sæti síðan í síðustu viku ▲ Hækkar á lista síðan í síðustu viku ★ Nýtt á lista Listarnir eru teknir saman fyrir Félag hljómplötuframléiðenda. Listarnir eru birtir í heild sinni á Vísir.is

Þátttakendur í Lagalistanum Bylgjan, FM957, Xið 977, Rás 2, K100,5, tonlist.is. Verslanir í Tónlistanum Skífan, Hagkaup, Penninn/Eymundsson, 12 tónar, Harpa, Smekkleysa plötubúð, Elko, tonlist.is.



Vnr. 15400044
ARMATURA Ekokran
eldhústæki.

2.995 kr.

ArmaturA



málning GLJÁSTIG 10
4 LÍTRAR

VERÐVERND BYKO
LÆGRA VERÐ
Vnr. 86620040/3737
INNIMÁLNING
5.990 kr.



15 L TANKUR

Einhell
VERÐVERND BYKO
LÆGRA VERÐ
Vnr. 74807510
RYKSUGA
6.990 kr.



Lbx 54 STK.

VERÐVERND BYKO
LÆGRA VERÐ
Vnr. 68546550
VERKFERASETT
9.990 kr.



Lbx

VERÐVERND BYKO
LÆGRA VERÐ
Vnr. 68116116
VINNUBORD
3.595 kr.

VERÐVERND BYKO
LÆGRA VERÐ

LÁGT VERÐ

– ALLA DAGA

BYKO
BÚDU BETUR. BORGADU MINNA.



Vnr. 52220102/5
Lofthjós, kúpull,
26 cm eða 31 cm,
40W, E27, brass.
Verð frá:
1.990 kr.



Vnr. 52244201
Lofthjós, kúpull,
30 cm, E27, 40W.
1.490 kr.



KLÚBB verð
3.590 kr.
Vnr. 59700922
Heimilistrappa með
tveimur tröppum.
5.990 kr.



KLÚBB verð
1.590 kr.
Vnr. 87950108
Hitabrúsi 1 l, stál.
2.990 kr.



Vnr. 42373261
EFFEKT uppkveikju-
kubbar, 100 stk.
990 kr.
Vnr. 42308344
EFFEKT
brennikubbur.
590 kr.



FÆST ADEINS Í BYKO BREIDD
GARNIÐ FRÁ EUROPRIS ER KOMIÐ Í BYKO



Vnr. 13001753
HUIDA gólfplisar, 30x30 cm,
hvítar og beige.
2.390 kr./m²

TAKMARKAÐ MAGN

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/ eða myndabrogni. Allar vörur fást í BYKO Breidd en minna framboð getur verið í öðrum verslunum.

Verðvernd BYKO tryggir þér lægra verð. Sjá nánari upplýsingar og skilmála á www.byko.is.

www.byko.is / EXPO auglýsingastofa

Simon & Garfunkel hættu vegna Catch 22

Art Garfunkel kennir leikstjóra um samstarfsslitin.

Kvikmyndin Catch 22, eða réttara sagt leikstjórinn Mike Nichols, lék stórt hlutverk í því að tónlistarmennirnir vinsælu Paul Simon og Art Garfunkel slitu samstarfi sínu árið 1970. Þessu greindi Garfunkel frá í vikunni.

Leikstjórinn Nichols hafði valið báða tónlistarmennina í hlutverk í myndinni, sem hann gerði eftir skáldsögu Josephs Heller. Hlutirnir æxluðust þó þannig að hlutverk Garfunkels varð stærra en í fyrstu var ætlað en Simon var klipptur alveg út úr myndinni. Þetta skapaði spennu sem að lokum reið samstarfinu að fullu, að sögn Garfunkels. Simon samdi eitt vinsælasta



SIMON & GARFUNKEL Slitu samstarfi árið 1970.

lag dúettsins, The Only Living Boy in New York, meðan hann beið eftir því að Garfunkel skilaði sér aftur til heimaborgar félaganna að loknum tókum á Catch 22.



CANNIBAL HOLOCAUST Verður sýnd í Bíói Paradís á sunnudagskvöld.

Alræmd ítölsk mynd á sunnudagskvöld

Cannibal Holocaust verður sýnd í Bíói Paradís.

Hin alræmda ítalska hryllingsmynd Cannibal Holocaust er næsta mynd sem verður tekin til sýningar á vegum framtaksins Svartra sunudaga í Bíói Paradís.

Myndin, sem leikstýrt er af Ruggero Deodato, er frá árinu 1980. Hún var gerð upptæk af myndbandaleigum hérlendis eftir að sá kvittur komst á kreik að kona hefði í raun og veru verið myrt fyrir framan kvikmyndavélarnar. Það reyndist þó uppspuni.

Önnur hryllingsmynd, hin bandaríska The Blair Witch Project, er undir miklum áhrifum frá Cannibal Holocaust, meðal annars þeirri tækni að hafa tökuvélina á sífelldri hreyfingu.

Eins og áður sagði verður Cannibal Holocaust sýnd í Bíói Paradís sunnudagskvöldið 17. febrúar.



HAFÐU FJÖLPÓSTINN ÞINN Í FRÉTTABLAÐINU

Það er hvergi betri staður fyrir fjölpóst en inni í Fréttablaðinu. 60% landsmanna skoða fjölpóst. Aðgæta þú! Lendir á eldhúsbordinu þegar blaðið er opnað!

75% íbúa höfuðborgarsvæðisins lesa Fréttablaðið daglega.

Kannaðu dreifileiðir og verð í síma 512 5448 eða í tölvupóstfangi orn@365.is

Útvegum einnig hagstæð verð í prentun.

FRÉTTABLAÐIÐ

Innskot í Fréttablaðið skilar árangri!

*Samkvæmt prentmálakönnun Capacent Gallup nóv.-sept. 2012



THEIR HARDIR Bruce Willis og Jai Courtney í hlutverkum sínum sem McClane-feðgarnir í A Good Day to Die Hard.

McClane-feðgar á ystu nöf í Rússlandi

Bruce Willis kemur í bíó í fimmta sinn í kvöld sem harðhausalögreglumadurinn John McClane í fimmtu Die Hard-myndinni, A Good Day to Die Hard.

Fimmta myndin í hinum vinsæla Die Hard-flokki er frumsýnd í kvöld, heilum aldarfjórðungi eftir að harðhausinn John McClane rak nefið inn í bíóhúsin í fyrsta sinn. Árið 1988 var gert mikið úr þeirri staðreynd að hin upprunalega Die Hard var meðal fyrstu myndanna sem frumsýndar voru í íslensku bíói sem bjó yfir THX-hljóðkerfinu, sem þá þótti með þeim fullkomnari í heiminum, en síðan hefur mikið vatn runnið til sjávar. Ekki síst hjá John McClane sjálfum.

Sem fyrr er það Bruce Willis sem fer með hlutverk fyrrverandi löggunnar og spæjarans McClane. Í þetta sinn ferðast hann til Moskvu til að aðstoða son sinn Jack, leikinn af Ástralánnum Jai Courtney, sem hefur verið handtekinn í borginni. McClane eldri bregður heldur betur í brún þegar hann kemst að því að Jack er í raun útsendari CIA og hefur verið sendur til Moskvu til að koma í veg fyrir stórhættulegt ráðabrukk sem varðar viðskipti með kjarnorkuvopn. John dregst á bólakaf inn í atburðarásina, sem einkennist venju samkvæmt af hasar, spennu og kúlnaðri.

Risavaxinn Willis

Í tilefni frumsýningar A Good Day to Die Hard í Los Angeles var afhjúpuð risavaxin veggmynd af Bruce Willis í hlutverki Johns McClane á lóð Faxkvikmyndavarsins. Við afhjúpunina sagði Willis að það hefði verið stórskemmtilegt ævintýri að leika John McClane síðustu 25 árin.



Upphaflega átti myndin að heita Die Hard 24/7 og voru uppi getgátur um að von væri á einhvers konar samruna Die Hard-seríunnar og 24-þáttanna, þar sem Kiefer Sutherland myndi leika karakterinn Jack Bauer. Þetta var þó aldrei staðfest af framleiðendum myndarinnar og titlinum var breytt í A Good Day to Die Hard snemma í framleiðsluferlinu.

Bruce Willis hefur þegar lýst yfir áhuga sínum á að leika John McClane einu sinni enn áður en persónan sest í helgan stein. Jai Courtney, sem leikur son McClanes, vakti fyrst verulega athygli sem Varro í Spartacus-þáttunum og lék í síðast í Tom Cruise-mynd-

inni Jack Reacher. Það er svo Þjóðverjinn Sebastian Koch, sem fer með hlutverk aðalhlumennsins, hins rússneska Yuri Komorov, og reynist McClane-feðgunum óþægur ljár í þúfu. Koch er virtur leikari í heimalandi sínu og hefur þar unnið til fjölmargra verðlauna.

Leikstjórinn John Moore er Íri, fæddur árið 1970, og sló fyrst í gegn með stríðsmyndinni Behind Enemy Lines með Owen Wilson og Gene Hackman árið 2001. A Good Day to Die Hard er hans fimmta mynd í fullri lengd.

Myndin fær ágætis dóma víðast hvar og sem dæmi hlýtur hún 7,2 í einkunn á vefsíðunni IMDb.com.

Fjölbreyttar myndir helgarinnar

Uppvakningar verða ástfangnir, Öskubuska verður hetja villta vestursins og rúmenskar uppeldissystur lenda í dramatískum ævintýrum í bíói um helgina.

Kvikmyndin Warm Bodies býður upp á góða blöndu af hasar, gríni og rómantik og verður hún frumsýnd í dag, á Valentínusardag. Dagsetningin er víðeigandi þar sem myndin fjallar um óvenjulegan uppvakning sem verður ástfanginn og öðlast við það hjartsláttinn á ný. Nicholas Hoult leikur uppvakninginn, sem gengur undir heitinu R þar sem nafn hans í lifanda lífi byrjaði á þeim staf. R man lítið eftir lífi sínu sem manneskja og hefur ekki hugmynd um hvernig hann endaði sem uppvakningur. Einn daginn þegar R er í fæðuleit með öðrum uppvakningum hittir hann Julie og í stað þess að tæta hana í sig eins og uppvakningar gera finnur hann þörf fyrir að vernda hana fyrir hinum uppvakningunum sem og öðrum hættum. Á sama tíma breytist hann stöðugt meir og verður mannlegri.

Teiknimyndin um Öskubusku í villta vestrinu verður svo frumsýnd á morgun. Ævintýrið fræga er hér fært yfir í villta vestrið þar sem Öskubusku er skellt í kúreka-gallann, en hún vinnur sem áður fyrir vonda stjúpmodur sína og



ÁSTFANGIN Óvenjulegi uppvakningurinn R verður ástfanginn af Julie og reynir sitt besta til að vernda hana.

stjúpsysturnar tvær. Hún bregður sér þó í nýtt hlutverk þegar herzogaynjunni er rænt og hún fer af stað í ævintýralegan leiðangur til að bjarga henni. Álfrún Helga Örnólfsdóttir og Sigurður Sigurjónsson eru meðal þeirra sem ljá persónum rödd sína.

Beyond the Hills er svo ný mynd eftir rúmenska leikstjóran

Cristian Mungio og verður hún frumsýnd í Bíói Paradís á morgun. Hún fjallar um tvær konur sem ólust upp saman á munadarleysingjahæli í Rúmeníu. Leiðir þeirra skiljast þegar þær verða átján ára en þegar þær hittast á ný hefst atburðarás sem er í senn átakanleg og dularfull.

netto
Kræsingar & kostakjör

NÝTT
KORTATÍMABIL

LANGSKORINN LAMBAHRYGGUR

Tilboðin gilda **14. - 17. FEBRÚAR**

VERÐBOMBA!



LAMBAHRYGGUR LANGSKORINN M/MJÖÐM

1.398

KR/KG

FRYSTIVARA



www.netto.is | Mjódd · Salavegur · Hverafold · Akureyri · Höfn · Grindavík · Reykjanesbær · Borgarnes · Egilsstaðir · Selfoss |

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

Pakksaddur á fyrsta stefnumótinu

Í tilefni dagsins fór Fréttablaðið á stúfana og spurði þör meðal annars hvernig fyrsta árið í sambúð og fyrsta stefnumótið hefði gengið.

Anna Gunnisdís Guðmundsdóttir leikkona og Einar Aðalsteinsson leikari

Ár saman: Eitt og hálf ár.

Hvar hittust þið fyrst?

Einar: Við hittumst fyrst á hádegisfundi heima hjá Maríu Sigurðardóttur, þáverandi leikhússtjóra Leikfélags Akureyrar. Það var verið að velja í hlutverk fyrir Svörtu kómedíuna. Svo lékum við saman í þeirri sýningu og eftir hana fórum við fyrst í sleik. Þetta var ósköp venjulegur hádegishittingur en mig minnr að Önnu hafi svo vantað start á bílinn sinn eftir hann og þetta hefði geta orðið alveg ógeðslega rómantískt en ég er svo mikill viðvaningur að ég vissi ekki einu sinni hvar rafgeymirinn var og klúðraði þessu algjörlega.

Anna Gunnisdís: Við hittumst fyrst á fundi með Maríu Sigurðardóttur. Ég man að ég hugsaði: Hmmm, lítur hann svona út. Af hverju er hann í þessari peysu? Mér fannst peysan eitthvað skrítn, ég held að hann sé reyndar búinn að henda henni núna. Fundurinn var um verkið sem var verið að ráða í og við vorum ekki alveg sammála um hvaða hlutverk ég ætti að leika, mér fannst að ég ætti að leika eitt hlutverk og honum fannst annað, en ég fékk mínu framgengt. Við vorum yngstu leikararnir í verkinu og urðum rosalega góðir vinir strax og fórum mikið á kaffihús, en þá var þetta allt bara á vinnubasis.



Hrefna Rósa Jóhannsdóttir Sætran kokkur og Björn Árnason ljósmyndari

Ár saman: Fjögur ár.

Hvernig var fyrsta stefnumótið?

Hrefna: Ég bauð Bjössa á deit og hann sagði fyrst já, en dró það svo til baka. Við enduðum samt á því að fara út að borða á Orange sem var og hét. Ég hafði talað við kokkana þar um að gera vel við okkur og frændi Bjössa, sem er líka kokkur, var að vinna í eldhúsinu það kvöld. Við fengum alveg ótrúlega mikinn mat og Bjössi hafði aldrei upplifað svona lagað áður. Það er dálítið fyndið að vera kokkur og fara út að borða, allir vilja gera svo vel við mann. Við fengum nautakjöt í aðalrétt og Bjössi þurfti tuttuugu mínútur undir fersku lofti eftir réttinn.

Björn: Við Hrefna höfðum kannast hvort við annað í mörg ár áður en við byrjuðum að hittast. Hún bauð mér oft út að borða fyrsta mánuðinn okkar saman. Um tveimur vikum eftir að við byrjuðum að hittast fórum við út að borða á Orange þar sem frændi minn vann sem kokkur. Oftast þegar við fórum út að borða hérna heima veljum við matinn ekki sjálf, heldur velja kokkarnir ofan í okkur. Þetta kvöld kom hver rétturinn á fætur öðrum og Hrefna hafði stimplað það inn í hausinn á mér að það væri dónalegt að klára ekki réttina og ég tók því mjög alvarlega. Réttirnir urðu fleiri og fleiri og þegar þetta var loks búðið var ég svo saddur að ég hélt í alvörunni að ég mundi deyja. En smá ferskt loft og nokkrir drykkir björguðu lífi mínu og allt fór vel.



Baldur Þórhallsson stjórnmálafræðingur og Felix Bergsson leikari

Ár saman: Fagna sautján árum saman á morgun.

Hvernig gekk fyrsta árið ykkar í sambúð?

Felix: Fyrsta árið í sambúð gekk gríðarlega vel. Það gekk í raun svo vel að ég var alveg sannfærður um að þarna væri minn lífsförunautur kominn. Það voru auðvitað einhverjir hnókrar eins og í öllum samböndum, hvort sem það eru ástarsambönd eða ekki. Fólk þarf fyrst hvort að kynnast sérkennilegheitum annars og sætta sig við þau. Það fyrsta sem maður lærir í sambúð er að maður breytir ekki fólki. En þessi sautján ár hafa gengið afskaplega vel og verið laus við dramatík.

Baldur: Ég man ekki hvor okkar stakk upp á því að flytja inn saman, það er svo langt síðan. En ég flutti inn til Felix í lok mars, rúmum mánuði eftir að við byrjuðum saman. Þetta gerðist allt mjög fljótt en sambúðin gekk strax einstaklega vel. Við vorum alveg lausir við að þurfa að koma á einhverri reglu um hver gerði hvað á heimilinu, við gerðum bara það sem þurfti að gera og þannig er það enn. Þegar það er meira að gera hjá mér sér Felix frekar um heimilishaldið og öflugt. Þetta er líklega eins og í öllum samböndum, menn þurfa að mynda einhvern takt í því að fara saman í gegnum lífið.

Íslenskir piltar eiga met í áhorfi á klámi

KYNLÍF TAKTU ÞÁTTI!

Sendu Sigu Dögg póst og segðu henni frá vandamáli úr bólinu. Lausnin gæti birst í Fréttablaðinu. kynlif@frettabladid.is



? Ég vildi athuga hvort þú kannast við síðuna „Your brain on porn“ og hvort þú hefur kynnt þér hvort að eitthvað vit væri í henni? Ég er klámfíkill og þegar ég áttaði mig á því og fór að leita mér stuðnings rakst ég á þessa síðu og hún var frábær til að skilja hvernig fíknin virkar og hvaða áhrif internet-klám hefur á mig. Þarna er gengið út frá því að maðurinn sé í raun bara dýr, sem við erum, og að klám í dag sé allt annað en það var áður, að sá fjöldi „hugsanlegra maka“ sem við finnum á netinu hafi áhrif á það hvernig við vinnum úr taugaboðefnum og búi til fíkn.

Þú hefur töluvert vægi og nærð til fjölda fólks með pistlunum þínum. Mér þætti vænt um að þú gætir fjallað um þetta efni, það er áhrif internet-kláms á heilann og hugsunarferli.

SVAR Ég vil byrja á því að taka það skýrt fram að ég er ekki sérfróð um fíkn, en sem best ég fæ lesið um klámfíkn (og kynlífsfíkn) eiga þær margt skylt við aðrar tegundir fíknna. Þetta er tiltölulega „ný“ fíkn og því lítið vitað um hana. Sérfræðingar eru ekki á einu máli um að þetta teljist til fíknar, en við vitum að heilinn bregst við þegar horft er á kynferðislegt efni. Hvað ræður því hver verður fíkill og hver ekki er svo flóknari og stærri umræða sem ég býð taugasálfræðingum að fjalla nánar um. Vefsíðan sem þú vísar í hefur margt til síns máls en lestu hana með gagnrýnum augum því þar má einnig finna ýmsar rangfærslur.

Íslenskir piltar byrja að horfa á klám um ellefu ára aldurinn, horfa oft á klám en stelpur og

eiga Norðurlandamet í klámáhorfi. Þegar ég fjalla um þetta í kynfræðslu fyrir grunnskólanema segi ég krökkunum að klám sé orðið að vandamáli ef þau geta ekki hugsað um eitthvað kynsandi og orðið æst. Ef þau þurfa að hafa tölvuna í gangi þá geti það verið vísur að vandamáli og þá sé vissara að leggja tölvuna til hliðar í bili, allavega í þessum tilgangi. Þetta er svo orðið enn stærra vandamál ef viðkomandi getur ekki stundað kynlíf með annarri manneskju, eða kys að gera það ekki, og tölvan verður eini „bólfélaginn“. Það er hins vegar ekki alveg svo klippt og skorið að um fíkn sé að ræða því hér geta margvíslegir þættir haft áhrif, til dæmis samskipti, aðstæður og sjálfstraust. Auðvelt aðgengi að klámi og skortur á kynfræðslu er enn ein birtingarmynd mikilvægis þess að hafa virka kynfræðslu, bæði heima fyrir og í skólanum. Við eigum að geta þjálfað og frætt einstaklinga í að velja af skynsemi og temja sér hóf í hvers konar neyslu. Afhjúpum klám, sýnum hvað það er og kennum um leið hvað kynlíf er. Við höfum farið þá leið í forvörnum gegn öðrum fíknnum og tekist ágætlega. Enn og aftur er fræðsla og gagnrýnin hugsun okkar besta svar.

ÚTSALAN Í FULLUM GANGI

GERÐU FRÁBÆR KAUP Á VANDAÐRI MERKJAVÖRU

60%
afsláttur
af öllum útsöluvörum

Opið til kl. 18 í dag,
fös: 11-18:30, lau: 11-18

Nýtt
kortatímabil

eva

Laugavegi 26 | s.512 1715
www.nfc.is | erum á Facebook

DKNY | BY MALENE BIRGER | GERARD DAREL | BRUUNS BAZAAR | UGG | BILLI BI | KRISTENSEN DU NORD
FRENCH CONNECTION | VENT COUVERT | STRATEGIA | FREE LANCE | PLEASE
SAMSOE SAMSOE | COMME DES GARÇONS

Pénar rúm 300 þúsund á viku

Hin fjögurra ára gamla Vivienne Marcheline Jolie-Pitt er mætt á hvíta tjaldið.

Yngsta barn stjörnuþarsins Angelinu Jolie og Brad Pitt, hin fjögurra ára gamla Vivienne Marcheline, hefur landað sínu fyrsta hlutverki í bíómynd. Vivienne er ásamt tvíburabroður sínum, Knox León, yngst í sex barna systkinahópi. Hún leikur persónu leikkonunnar Elle Fanning í myndinni Maleficent á yngri árum. Jolie leikur eitt aðalhlutverkanna í myndinni og er fjölskyldan af þeim sökum búsett í London þessa dagana þar sem tókur fara fram.

Þrátt fyrir ungan aldur er Vivienne ekki með neinn slorsamning en hún fær rúmar 300 þúsund krónur fyrir vikuna auk þess að vera með dagpeninga upp á átta þúsund íslenskar krónur. Sú stutta ku una sér vel á tókustað en hún á eflaust eftir að vekja athygli er myndin verður frumsýnd á næsta ári. Þess má geta að önnur ung leikkona var fengin til að leika Jolie unga að aldri en þær mæðgur þykja ekki mjög líkar.



AFKVEMID Á HVÍTA TJALDIÐ Yngsta dóttir Angelinu Jolie og Brads Pitt hefur landað sínu fyrsta kvikmyndahlutverki.

NORDICPHOTOS/GETTY

Orðinn pabbi

Gamanleikarinn Steve Martin og eiginkona hans, Anne Stringfield, eignuðust sitt fyrsta barn á dögum. Párið hafði haldið fréttunum frá fjölmiðlum þar til nú.

Martin og Stringfield eru talin hafa eignast barn í desember en höfðu haldið fréttinni leyndri fyrir fjölmiðlum. Párið sást með barnið nærri heimili þeirra í Los Angeles fyrir stuttu og þá fóru sögusagnir á kreik. „Þau eiga barn. Hvernig þau fóru að því að leyna því, það veit enginn. Steve er mjög umhugað um einkalíf sitt,“ hafði New York Post eftir heimildarmanni. Martin er 67 ára gamall og Stringfield er 41 árs.



ORÐINN PABBI Steve Martin er talinn hafa eignast sitt fyrsta barn í desember.



ENGIN HÁTÍÐAHÖLD Jennifer Aniston verður 44 ára á mánudaginn en hún ætlar ekki að gera mikið úr afmælisdeginum.

NORDICPHOTOS/GETTY

Vinnur á afmælinu

Leikkonan Jennifer Aniston ætlar ekki að gera mikið úr afmælinu sínu á mánudaginn en þá verður hún 44 ára. Hún verður í tókum á afmælisdaginn í Connecticut en hún fer með hlutverk í myndinni Untitled Elmore Leonard Project. „Ég verð sótt klukkan 5.30 um morguninn á afmælisdaginn en það er ekkert svo slæmt. Ég er heppin að vera að vinna,“ segir Aniston og kveðst ekki vilja gera of mikið úr afmælinu í viðtali við tímaritið People. „Ég mundi gjarna vilja röla um í bænum og fá mér gott að borða í tilefni dagsins.“ Ekki fylgir sögunni hvort unnusti leikkonunnar, Justin Theroux, verði á tókustað með Aniston á afmælisdaginn.



VILDI FANTINE Scarlett Johansson sóttist eftir hlutverki í Les Miserables.

NORDICPHOTOS/GETTY

Vildi hlutverk í Les Miserables

Scarlett Johansson sóttist eftir hlutverki Fantine í söngvamyndinni Les Miserables á sínum tíma. Leikkonan Anne Hathaway hlaut þó hlutverkið að lokum.

„Ég hugsa að það hafi ekki verið nokkur leið fyrir mig að gera betur en Anne. Leikur hennar var fullkominn og forlögin ætluðu henni hlutverkið,“ sagði Johansson sem þjádíst af barkabólgu daginn sem prufurnar fóru fram.

Aðrar leikkonur sem sóttu prufur fyrir hlutverkið voru Jessica Biel, Amy Adams, Marion Cotillard, Kate Winslet og Rebecca Hall.

Breyttu línunum og tónaðu líkamann í sitt fegursta form

Við höfum sett saman nýtt æfingakerfi byggt á kerfi sem hefur slegið rækilega í gegn í New York. Það sameinar margar ólíkar styrktaræfingar sem móta og tóna vöðva líkamans á áhrifaríkan hátt.

Æfingarnar eru rólegar, krefjandi og gerðar til að breyta línunum líkamans á kerfisbundinn hátt. Áhersla er lögð á þægilega tónlist.

5 stjörnu FIT

Innifalið:

- Lokaðir tímar 3x í viku
- Leiðbeiningar um mataræði sem er sérstaklega samsett til að tryggja þátttakendum 5 stjörnu árangur
- Hvatning, fróðleikur og hollar og góðar uppskriftir frá Ágústu Johnson
- Mælingar og vigtun fyrir og eftir fyrir þær sem vilja
- Dekurkvöld í Blue Lagoon spa
- Ótakmarkaður aðgangur að tækjasal og opnum tímum
- Aðgangur að glæsilegri útiaðstöðu - jarðsjávarpotti og gufuböðum
- 10% afsláttur af öllum meðferðum í Blue Lagoon spa

Nýttu þér reynslu okkar og þekkingu til að ná 5 stjörnu formi. Hentar jafnt byrjendum sem vönum.

Allar nánari upplýsingar um námskeiðin, tímasetningu og skráningu finnur þú á www.hreyfing.is

Náðu 5
stjörnu formi

Kraumur með styrk til Sónar

Tónlistarsjóðurinn Kraumur hefur ákveðið að styrkja tónlistarhátíðina Sónar í Reykjavík um eina milljón. Upphæðin gildir fyrir árin 2013 til 2014 og verður síðari helmingurinn greiddur þegar undirbúningur fyrir Sónar 2014 hefst.

„Svona verkefni þurfa stuðning til að ganga úr barndómi. Við höfum alltaf litið á Sónar Reykjavík sem sjálfbæra hátíð eftir svona tvö til þrjú ár en okkur hefur svólitið vantað stuðninginn núna. Það er frábært að Kraumur skuli sjá sér fært að styrkja okkur,“ segir skipuleggjandinn Björn Steinbekk.



ANÆGDUR Skipuleggjandinn Björn Steinbekk er ánægður með styrkinn.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Myndir birtar af Katrínu í bikiní

Breska konungshöllin fordæmir myndbirtingu ítalska tímaritsins Chi.

Ítalska dagblaðið Chi birti í gær bikinímyndir af Katrínu, herzogaynju af Cambridge, á forsíðunni. Myndirnar eru teknar í nýafstöðnu fríu Katrínar og eiginmanns hennar, Vilhjálms Bretaprins, á eyjunni Mustique í Grenadines-eyjaklasanum og eru birtar undir fyrirsögninni „Maginn stækkar“. Breska konungshöllin fordæmir myndbirtinguna en Katrín á von á fyrsta barni þeirra hjóna. „Við erum mjög vonsvikin yfir að myndir af parinu hafi verið birtar enda

á það líka rétt á sínu einkalífi,“ segir talsmaður hallarinnar sem hefur beðið fjölmiðla um að gefa Katrínu aukið rými á meðan á meðgöngunni stendur.

Aðeins er hálf ár síðan franska blaðið Closer birti myndir af Katrínu berbrjósta á sumarleyfisstað parsins en sú myndbirting var einnig fordæmd og að lokum bönnuð.

Þá var blaðið Chi einnig í hópi þeirra fáu fjölmiðla sem birtu myndirnar. Nýju myndirnar virðast þó ekki vera af sama toga.



BIKINÍMYNDIR Myndir af Katrínu herzogaynju á baðfötunum prýða forsíðu ítalska blaðsins Chi. NORDICPHOTOS/GETTY

SKÓDAGAR Í OUTLET 10



Fylltir strigaskór: 4.995.-



Hælaskór: 6.995.-



Rúskinn kuldaskór: 3.995.-



Herra stígvél: 5.995.-



Herra strigaskór: 4.995.-



Ökkaskór: 3.995.-



Hælaskór: 2.995.-



Barna stígvél: 1.995.-



Paul Smith herraskór: 6.995.-



Bobbie Burns herraskór: 3.995.-



Ökkaskór: 2.995.-



Platform hælur: 2.995.-



Kuldaskór: 2.995.-



Ballerínur: 995.-



Rúskinn herraskór: 4.995

LAGERHREINSUN...



OPIÐ: MÁN - FÖS 11 - 18, LAUGARDAG 11 - 18

SUNNUDAG 12 - 17 erum á [facebook](#)

OUTLET 10

+++ merki fyrir minna +++

FAXAFENI 10 - s. 578 7977

Taka þátt í grínsýningu

Kaffibrúsakarlarinn, sem snúa aftur með sýningu í Austurbæ á næstunni, hafa fengið til liðs við sig tvo þekktu skemmtikrafta, þau Helgu Brögu Jónsdóttur og Lalla töframann.

Helga Braga kemur fram með gamanmál, dans og söng og mun hún vafalítið passa við Kaffibrúsakarlana eins og flís við rass. Lalli töframaður hefur verið brautryðjandi í seinni bylgju töframanna á Íslandi. Hann hefur gefið út þrjú mynddiska með töfrabrogðum og hefur verið duglegur við að tófra úti um allt land.

Tvö þúsund miðar seldir

Tónleikar Matthíasar Matthíasar og félagar í Dúndurfréttum í til efni 40 ára afmælis plötunnar Dark Side of the Moon með Pink Floyd hafa fallið í kramið hjá íslenskum tónlistarunnendum.

Miðar á tónleika sveitarinnar í Eldborgarsal Hörpu 20. apríl seldust upp á aðeins tveimur klukkustundum og því hefur verið ákveðið að halda aukatónleika síðar um kvöldið. Einir tónleikar í Hofi eru einnig fyrirhugaðir 24. apríl. Samanlagt hafa Dúndurfréttir selt yfir tvö þúsund miða á þessa þrenna Pink Floyd-tónleika, sem hlýtur að teljast góður árangur. - fb



MATTI MATT Er í Dúndurfréttum.

Milljarður dansar gegn kynbundnu ofbeldi

UN Women á Íslandi tekur þátt í alheimsbyltingu í dag til að vekja athygli á ofbeldi gegn konum.

„Stefnan er að fá einn milljarð manna um allan heim til að standa upp frá því sem hann er að gera og sýna í verki að við viljum ekki búa í heimi þar sem þriðja hver kona verður fyrir kynbundnu ofbeldi á lífsleiðinni,“ segir Inga Dóra Pétursdóttir, framkvæmdastýra UN Women á Íslandi.

UN Women tekur í dag þátt í alheimsbyltingu undir heitinu Milljarður rís upp en byltingunni er ætlað að vekja athygli á og mótmæla kynbundnu ofbeldi á sama tíma og hún á að sýna fórnarlömbum þess stuðning. „Það eru sex milljarðar manna í heiminum og helmingurinn af þeim konur

svo ef þriðjungur þeirra verður fyrir ofbeldi sökum kyns síns þá er það um einn milljarður. Þess vegna er það talan sem við horfum á,“ segir Inga Dóra.

Yfir 5.000 viðburðir eru skipulagðir um allan heim í dag, 14. febrúar, og hérlendis verður slegið upp dansgleði í Hörpu. Þar verður sýnt myndband tileinkað deginum og allir hvattir til að stíga dansspor undir tónlist DJ Margeirs. „Við viljum sjá konur, karla og börn koma og sýna málefnið stuðning. Við Íslendingar erum kannski ekki stór hluti af heilum milljarði en við gerum ráð fyrir um 1.000 manns í Hörpuna og margt smátt gerir

eitt stórt,“ bætir Inga Dóra við. Lunch Beat tekur líka þátt í deginum og segir Inga Dóra að samtökin UN Women hefðu seint þorað að gera þetta ef ekki væri fyrir þá hreyfingu. „Þau hafa sýnt það og sannað að það er í alvörinni mögulegt að fá Íslendinga til að dansa edru í hádeginu. Ég hefði aldrei veðjað á það,“ segir hún og hlær.

Viðburðurinn hefst klukkan 12.15 og stendur í um hálf tíma en ókeypis er inn í boði Sónar-hátíðarinnar sem hefst á föstudaginn og frítt verður að leggja í bílastæði Hörpu á meðan gleðin stendur yfir.



GERIR RÁÐ FYRIR FJÖLMENNI Inga Dóra hjá UN Women reiknar með um 1.000 manns í Hörpuna í dag til að mótmæla kynbundnu ofbeldi. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



OYAMA Hljómsveitin gaf nýlega út EP-plötuna I Wanna.

Leggja land undir fót

Hljómsveitin Oyama, sem gaf nýlega út EP-plötuna I Wanna, leggur nú land undir fót í fyrsta sinn. Tilefnið er bransahátíðin by:larm í Ósló sem og nokkrir tónleikar í London, þar á meðal á svokölluðu Club NME-kvöldi á hinum virta tónleikastað Koko. Fyrri tónleikarnir í Ósló voru í gær en þeir síðari verða í dag.

Platan I Wanna hefur fengið góðar viðtökur, meðal annars á síðunni Gogoyoko. Hljómsveitin fylgdi útgáfunni eftir með tónleikum fyrir troðfullum sal á Faktory ásamt Tilbury og Samaris.



SAMARIS Áslaug Rún Magnúsdóttir, Jófríður Ákadóttir og Þórður Kári Steinþórsson spila á Sónar í Barselóna.

Þrír fara til Barselóna

Þrír íslenskir flytjendur hafa verið staðfestir á Sónar-hátíðina í Barselóna sem verður haldin í tuttugasta sinn um miðjan júní. Þeir eru Ólafur Arnalds, Samaris og Gluteus Maximus. Forsvarsmenn Sónar ætluðu að setja það í forgang að hafa íslenska tónlistarmenn á hátíðinni og hafa staðið við það loforð.

Á meðal annarra sem þeir höfðu áhuga á að bjóða á Sónar voru Valgeir Sigurðsson og Mugison og eiga þeir því hugsanlega eftir að bætast í hópinn. Þekktustu hlóm-sveitirnar sem spila nú verða Kraftwerk og Pet Shop Boys en um áttatíu þúsund manns sækja hátíðina heim á hverju ári. -fb



SILKIMJÚKT HÁR ER FJÖLSKYLDUMÁL

SALLY BROOKS, ALPJÓÐLEGUR HÁRSNYRTIR NIVEA

„Raki í hári er ómissandi fyrir börn og fullorðna. Það sem á við um líkamann frá toppi til táar á einnig við um hárið frá rót til hárenda. Snerting hársins verður silkimjúk og óviðjafnanleg þegar jafnvægi er á raka þess. NIVEA hleypir nú af stokkunum **NIVEA Hydro Care** en með því fær hár þitt og þinna nánustu allan þann raka sem nauðsynlegur er á hverjum degi. Hámarks raki fyrir hárið þitt og nógu milt fyrir börnin þín. Hvílikur hentugleiki!“



Eftir hárvott kemur síðasta stig rakaumönnunar með **NIVEA Hydro Care hárnæringunni**. Hún annast hár þitt með aloe vera, fljótandi keratíni og vatnaliljusafa. Hárið verður vel rakafyllt – án þess þó að þyngja það. Þú upplifir fallett, silkimjúkt hárið og nýtur ferska ilmsins.



Silkimjúkt hár fyrir alla! Í **NIVEA Hydro Care sjampóinu** er einstök blanda af aloe vera, fljótandi keratíni og vatnaliljusafa. Aloe vera er auðugt af náttúrulegum bindiefnum með háu vatnsinnihaldi. Hér færðu óviðjafnanlega og öfluga rakaukningu!



MILD OG VÖNDUD RAKAUMÖNNUN FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA

Færustu húðlæknar höfðu umsjón með þróun NIVEA Hydro Care. Það er svo milt að þú getur óhikað deilt því með börnunum þínum. Þessi einstaka gæðablanda úr aloe vera, fljótandi keratíni og vatnaliljusafa nærir og viðheldur raka í þurru og þyrstu hári. Með nýju Hydro Care hárnæringunni er sérstaklega auðvelt að ná fram silkiáferð hársins og það er auðveldara að greiða það. Hárið verður svo mjúkt og slétt að greiðan mun aldrei aftur framkalla tár. Nú af hverjum tíu konum sem voru spurðar, sögðust óhikað mæla með vörunni við vini sína.*

SKEMMTILEG HÁRGREIÐSLA FYRIR KÁTA KRAKKA

Úfnir apakettir eða litlar prinsessur - litlar stelpur elska að leika sér með hárið og breyta um greiðslur. Sally Brooks er með góðar hugmyndir fyrir þig þegar kemur að skemmtilegum greiðslum fyrir krakka. Fáðu nýjar hugmyndir að hárgreiðslum fyrir apaketti og litlar prinsessur með því að skanna QR-kóðann.



HÖRFU Á MYNDBANDIÐ



*Prófum á hárnæringu 12-2011 (Þýskaland), n=127 konur, staðfestingarhlutfall. Nú af hverjum tíu.

mid.is Miðasala og nánari upplýsingar

LAUGARÁSBIÓ www.laugarasbio.is -bara lúxus sími 553 2075

16 **BRUCE WILLIS A GOOD DAY TO DIE HARD** LIKE FATHER, LIKE SON, LIKE HELL

16 **ZERO DARK THIRTY** 5 ÓSKARSTILNEFNINGAR!

12 **Vesalingarnir**

LAUGARÁSBIÓ	Sýningartímar
A GOOD DAY TO DIE HARD	6, 8, 10, 10
ZERO DARK THIRTY	9
VESALINGARNIR	6, 9

SAMBÍÓIN SAMbio.is

HE'S STILL DEAD BUT HE'S GETTING WARMER WARM BODIES

ÖSKUBUSKA Í VILLTA VESTRINU

WRECK-IT RALPH

PARKER

GANGSTER SQUAD

THE IMPOSSIBLE

SMÁRABÍÓ	GLERAUGU SELÐ SÉR	HÁSKÓLABÍÓ	NÁNAR Á MIÐLIS
WARM BODIES KL. 5:50 - 8 - 10:20	16	A GOOD DAY TO DIE HARD KL. 5:50 - 8 - 10:10	16
WARM BODIES VIP KL. 5:50 - 8 - 10:20	16	WARM BODIES KL. 5:50 - 8 - 10:20	16
ÖSKUBUSKA Í VILLTA VESTRINU KL. 6	6	BULLET TO THE HEAD KL. 5:50	16
HANSEL AND GRETEL KL. 6 - 8 (10:10 3D) (DREIÐ)	16	PARKER KL. 10:10	16
BULLET TO THE HEAD KL. 8 - 10:20	16	GANGSTER SQUAD KL. 8	16
PARKER KL. 8 - 10:30	16	MONSTERS INC KL. 5:50	16
GANGSTER SQUAD KL. 10:20	16	WARM BODIES KL. 5:50 - 8 - 10:20	16
THE IMPOSSIBLE KL. 5:40 - 8	12	ÖSKUBUSKA Í VILLTA VESTRINU KL. 6	6
WRECK-IT RALPH KL. 5:50	16	HANSEL AND GRETEL KL. 8 - 10:10	16
WARM BODIES KL. 8	16	BULLET TO THE HEAD KL. 10:30	16
A GOOD DAY TO DIE HARD KL. 10:10	16	GANGSTER SQUAD KL. 8	16
BULLET TO THE HEAD KL. 10:20	16	MONSTERS INC KL. 5:50	16
THE IMPOSSIBLE KL. 8	12	ÖSKUBUSKA Í VILLTA VESTRINU KL. 6 - 8	6
		ÖSKUBUSKA Í VILLTA VESTRINU KL. 6	6
		HANSEL AND GRETEL KL. 10:10	16
		BULLET TO THE HEAD KL. 8 - 10	16



SIGURVEGARAR Kælan mikla bar sigur úr þytum í Ljóðaslammí Borgarbókasafnsins.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Kælan mikla vann sjötta Ljóðaslammíð

Sigurhljómssveit Ljóðaslammisins í ár var stofnuð skömmu fyrir þátttökuna.

Hljómssveitin Kælan mikla vann keppnina Ljóðaslamm Borgarbókasafnsins sem var haldin í sjötta sinn á Safnanótt síðastliðinn föstudag.

Hljómssveitina skipa Sólveig Matthildur Kristjánsdóttir, Laufey Soffía Þórsdóttir og Margrét Rósa Þóru- Harrysdóttir. Þær eru átján og nítján ára og stunda nám við Fjölbrotaskólann í Breiðholti og Menntaskólann í Hamrahlíð.

Áð sögn söngvarans Laufeyjar Soffíu var Kælan mikla stofnuð í kringum keppnina. „Sólveig er mjög mikið í því að semja. Við

vorum að leika okkur að spila saman og hún var búin að skrá sig í keppnina en vissi ekki hvað hún ætlaði að gera. Okkur fannst það koma vel út að flytja ljóðin hennar saman,“ segir hún. „Það getur vel verið að við höldum áfram að semja við ljóðin hennar eftir þetta.“ Aðspurð segir Laufey Soffía sigurinn hafa komið þeim á óvart. „Já, þetta var rosalega skemmtilegt.“

Ljóðaslammíð hefur verið fastur liður í dagskrá Vetrarháttar frá árinu 2008. Þar keppir ungt fólk á aldrinum 15-25 ára í orðlist með frjálsri aðferð, þar

sem áhersla er ekki síður lögð á flutninginn en orðið sjálft. Þemað í ár var bilun og alls voru atriðin sjö sem tóku þátt.

Siguratriði Laufeyjar, Sólveigar og Margrétar var ljóða-bræðingurinn Ætli það sé óhollt að láta sig dreyma? Þar söng Laufey texta Sólveigar um svarta svani, líkanna þrúgun og drottningardraumóra við trommu- og bassaundirleik stalla sinna.

Í sigurlaun fengu þær miðbæjarkort sem gildir sem inn eign í verslunum í miðbænum.

frey@frettabladid.is

Lítil en ákveðin skref í rétta átt

TÓNLIST ★★★★★

Ólöf Arnalds

Sudden Elevation

ONE LITTLE INDIAN – SMEKKLEYSA

Sudden Elevation er þriðja plata Ólafar Arnalds í fullri lengd og sú fyrsta sem er alfaríð sungin á ensku. Hún hefur að geyma tólf ný lög eftir Ólöfu og var tekin upp undir stjórn Skúla Sverrissonar sem einnig leikur á bassa og fleiri hljóðfæri. Auk Ólafar og Skúla koma nokkrir aðrir hljóðfæraleikarar við sögu, m.a. Magnús Trygvason Eliassen sem sér um bróðurpartinn af slagverkinu. Platan var fjármögnuð að stórum hluta með frjálsum framlögum og fyrirfráttunum á Pledge Music, en það er áhuga-verð leið sem netið hefur opnað tónlistarmönnum.

Ólöf hefur tvo stóra kosti sem tónlistarmaður: Í fyrsta lagi hefur hún einstaka rödd og söngstíl og í öðru lagi er hún góður höfundur bæði laga og texta. Ég hafði smá áhyggjur af því að ensku textarnir yrðu ekki jafn áhrifamiklir og þeir íslensku og að vissu leyti er það þannig, en munurinn er ekki mikill. Textarnir eru sem fyrr



SUDDEN ELEVATION „Það er frekar mjúk og hlýleg stemning yfir Sudden Elevation og eitthvað áreynsluleysi sem styrkir útkomuna.“

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

bæði innihaldsríkir og persónulegir.

Sudden Elevation er fín plata. Hún er á svipudum slóðum og fyrri plötur Ólafar, en samt

kveður líka við nýjan tón. Ólöf notar t.d. bakraddir skemmtilega í lögum eins og A Little Grim, Perfect og hinu frábæra Numbers and Names. Það er frekar mjúk og hlýleg stemning yfir Sudden Elevation og eitthvað áreynsluleysi sem styrkir útkomuna. Kassagítarinn er leiðandi í flestum laganna og undir hljómar kassabassaleikur Skúla. Annars staðar fara útsetningarnar í adeins aðra átt, t.d. í Return Again þar sem píanóið er áberandi. Lagasmíðarnar hennar Ólafar eru flestar

fínar og flutningurinn er fyrsta flokks, ekki síst söngurinn. Það má alveg segja að söngur Ólafar lyfti tónlistinni á hærra plan.

Umslagið er fallett og hæfir tónlistinni, en sá galli er samt á því að texti í plötubæklingi er prentaður í hvítu á mjög ljósan bakgrunn, sem gerir það á köflum algerlega ómögulegt að greina hann. Það er klaufalegt af jafn reyndum útgefenda og One Little Indian.

Á heildina litið er Sudden Elevation mjög flott plata. Ólöf tekur ekki stór skref í tónlistarþróuninni, en gæði tónlistarinnar eru augljós.

Trausti Júlíusson

NIÐURSTAÐA: Flott lög og textar og þessi óviðjafnanlega söngródd.

MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVÍKMYNDAMÍÐSTÖÐVAR ÍSLANDS ■ Miðasala: 412 7711 ■ Hverfisgata 54 Rvík ■ www.bioparadis.is ■ Hluti af Europa Cinemas

BIÓ PARADÍS

KON-TIKI (12) 17:45, 20:00, 22:15

HOLY MOTORS (16) 22:00

HVELLUR (L) 18:00, 20:00

XL (16) 18:00, 22:10

BREAKING THE TABOO (L) 20:00 (FRÍTT INN-PIRATAR)

BIÓ PARADÍS KLÚBBURINN: bioparadis.is/klubburinn

SKÓLANEMAR: 25% AFSLÁTTUR GEGN FRAMVISUN SKIRTEINIS! SAMI AFSLÁTTUR FYRIR ÖRYRKA OG ELÐRI BORGARA.

SMÁRABÍÓ GLERAUGU SELÐ SÉR **LAUGARÁSBIÓ** NÁNAR Á MIÐLIS

BRUCE WILLIS A GOOD DAY TO DIE HARD Yippie-Ki-Yay!

ZERO DARK THIRTY 12 TILNEFNINGAR TIL ÓSKARVERÐLAUNA

KON-TIKI BYGGÐ Á SÖNNUM ATBURÐUM

ANDREA BOCELLI love-partolino

DANIEL DAY-LEWIS

SMÁRABÍÓ	GLERAUGU SELÐ SÉR	HÁSKÓLABÍÓ	NÁNAR Á MIÐLIS
DIE HARD 5 KL. 5.40 - 8 - 10.20	16	ANDREA BOCELLI KL. 8	L
DIE HARD 5 LÚXUS KL. 5.40 - 8 - 10.20	16	DIE HARD 5 KL. 5.40 - 8 - 10	16
ZERO DARK THIRTY KL. 8	16	KON-TIKI KL. 5.30 - 10.20	12
DJANGO KL. 8	16	LINCOLN KL. 5.50 - 9	14
LINCOLN KL. 5	14	VESALINGARNIR KL. 5.50 - 9	12
LAST STAND KL. 8 - 10.20	16	LIFE OF PI 3D KL. 5.20	10
HAKARLABEITA 2 KL. 3.40	L		
THE HOBBIT 3D KL. 4.30	12	BORGARBIÓ	NÁNAR Á MIÐLIS
LIFE OF PI 3D KL. 8	10	ANDREA BOCELLI KL. 8	L
HVÍTI KOALBJÖRNINN KL. 3.30	L	ZERO DARK THIRTY KL. 9	16
		LINCOLN KL. 5.20	14
		DJANGO KL. 6	16
		THE LAST STAND KL. 10	16

A promotional poster for the movie 'Die Hard: Good Day to Die Hard'. It features Bruce Willis and Keanu Reeves in action, both holding assault rifles. Bruce Willis is in the foreground, wearing a black leather jacket, looking off to the side with a serious expression. Keanu Reeves is behind him, also holding a rifle and looking in the same direction. The background shows a building with onion-shaped domes, suggesting a Russian or Eastern European setting. The lighting is dramatic, with a warm, orange glow from the left.

Yippie-Ki-Yay!

BRUCE WILLIS
A GOOD DAY TO
DIE HARD

LIKE FATHER. LIKE SON. LIKE HELL.

FRUMSÝND Í DAG

16

SMÁRA BÍÓ

HÁSKÓLA BÍÓ

BORGAR BÍÓ

LAUGARAS BÍÓ

SAMRÁÐIN EGILSHÖLL

sena

Hafnarfjarðarliðin úr leik

HANDBOLTI Fjórðungsúrslit Símbíkarkeppni karla lauk í gærkvöldi með þremur leikjum. Tvö efstu lið N1-deildar karla, Hafnarfjarðarliðin Haukar og FH, féllu bæði úr leik. Haukar töpuðu fyrir ÍR í Breiðholtinu og FH laut í lægra haldi fyrir Akureyri norðan heiða.

Þetta var annað tap Hauka í röð en liðið hafði ekki tapað leik í N1-deildinni þar til liðið tapaði fyrir FH í toppslag deildarinnar um helgina. „Við þurfum að skoða sóknarleik okkar frá grunni. Þetta var virkilega dapurt í kvöld,“ sagði Aron Kristjánsson, þjálfari Hauka.

Selfoss komst einnig áfram í undanúrslitin eftir sigur á ÍBV á heimavelli. ÍBV er á toppi 1. deildar karla en Selfoss í fjórða sæti. Stjarnan, annað 1. deildarlið, tryggði sér sæti í undanúrslitum með sigri á Prótti á mánudagskvöldið.

Undanúrslita- og úrslitaleikurinn fara fram í Laugardalshöllinni helgina 8.-10. mars næstkomandi.



Stórmeistarajafntefli hjá Real Madrid og Manchester United

FÓTBOLTI Man. Utd og Dortmund eru í finni stöðu eftir leiki gærkvöldsins í Meistaradeildinni. Bæði lið gerðu jafntefli á útivelli.

United hélt jöfnu, 1-1, gegn spræku liði Real Madrid sem gekk afar illa að nýta færin sín. Welbeck og Ronaldo skoruðu báðir með skalla. Heimamenn klárlega svekktir og þeir þurfa að skora á Old Trafford til þess að eiga möguleika á því að komast áfram í næstu umferð.

Dortmund fór til Úkraínu og kom tvisvar til baka gegn Shakhtar. Tvö útvallarmörk þar og Dortmund í sterkri stöðu.



BARÁTTA Ronaldo og Rooney berjast í gær.

NORDICPHOTOS/GETTY

ÚRSLIT

SÍMABIKAR KARLA

8-LIÐA ÚRSLIT

ÍR - HAUKAR 24-20 (14-7)

Mörk ÍR (skot): Sturla Ásgeirsson 7/2 (9/2), Björgvin Hólmgeirsson 5 (9), Ingimundur Ingimundarson 4 (4), Guðni Már Kristjánsson 4 (8), Davíð Georgsson 2 (4), Jón Heiðar Gunnarsson 1 (1), Sigurjón Friðbjörn Björnsson 1 (2).

Varin skot: Kristófer Fannar Guðmundsson 18 (38/2, 47%).

Hraðaupphlaup: 3 (Sturla 2, Guðni Már 1)

Fiskuð víti: 1 (Jón Heiðar 1)

Utan vallar: 6 mínútur.

Mörk Hauka (skot): Árni Steinn Steinþórsson 3 (4), Freyr Brynjásson 3 (8), Sigurbergur Sveinsson 3/2 (11/3), Gísli Kristjánsson 2 (2), Brynjólfur Snær Brynjólfsson 2 (3), Gísli Jón Þórisson 2 (4), Adam Haukur Baumruk 2 (4), Sveinn Þorgeirsson 2 (4), Elías Már Halldórsson 1 (2), Tjörvi Þorgeirsson (2).

Varin skot: Aron Rafn Eðvarðsson 10 (31/2, 32%), Giedrius Morkunas (3, 0%).

Hraðaupphlaup: 7 (Freyr 3, Gísli 2, Brynjólfur Snær 1, Sveinn 1)

Fiskuð víti: 4 (Sigurbergur 1, Gísli 1, Adam Haukur 1, Elías Már 1)

Utan vallar: 2 mínútur.

Dómarar: Arnar Sigurjónsson og Svavar Ólafur Pétursson.

AKUREYRI - FH 30-26 (13-14)

Mörk Akureyrar (skot): Geir Guðmundsson 9 (15), Guðmundur H. Helgason 7 (12), Heimir Örn Árnason 5/1 (6/1), Bergvin Þór Gíslason 5 (12), Hreinn Þór Hauksson 2 (2), Andri Snær Stefánsson 2 (6), Garðar Már Jónsson (1), Valþór Guðrúnarsson (1).

Varin skot: Jovan Kukobat 20 (45/3, 44%), Stefán Guðnason 2/1 (3/2, 67%).

Hraðaupphlaup: 1 (Guðmundur H. 1)

Fiskuð víti: 1 (Andri Snær 1)

Utan vallar: 6 mínútur.

Mörk FH (skot): Ásbjörn Friðriksson 8/3 (22/4), Einar Rafn Eðsson 6/1 (7/1), Ragnar Jóhannsson 6 (11), Þorkell Magnússon 2 (3), Magnús Óli Magnússon 2 (5), Andri Berg Haraldsson 1 (2), Logi Geirsson 1 (6), Sigurður Ágústsson (1).

Varin skot: Daníel Freyr Andrésson 11 (31, 35%), Sigurður Örn Arnarson 5 (15/1, 33%).

Hraðaupphlaup: 3 (Einar Rafn 2, Ragnar 1)

Fiskuð víti: 5 (Atli Rúnar 2, Einar Rafn 1, Ragnar 1, Magnús Óli 1)

Utan vallar: 6 mínútur.

SELFLOSS - ÍBV 27-23 (12-11)

Selfoss: Hörður Mássón 7, Hörður G. Bjarnason 6, Einar Sverrisson 5, Matthías Halldórsson 3, Einar Pétursson 3, Ómar Helgason 2, Gunnar Ingi Jónsson 1.

ÍBV: Nemanja Malovic 8, Andri Heimir Friðriksson 7, Theodór Sigurbjörnsson 5, Magnús Stefánsson 2, Grétar Eypórsson 1.

MEISTARADEILD EVRÓPU

16-LIÐA ÚRSLIT, FYRRI LEIKIR

SHAKHTAR - DORTMUND 2-2

1-0 Darijo Srna (31.), 1-1 Robert Lewandowski (41.), 2-1 Douglas Costa (68.), 2-2 Mats Hummels (87.).

REAL MADRID - MAN. UNITED 1-1

0-1 Danny Welbeck (20.), 1-1 Cristiano Ronaldo (30.).

PÝSKA ÚRVALSDEILDIN

KIEL - HANNOVER/BURGDORF 39-29

Guðjón Valur Sigurðsson skoraði tvö mörk fyrir Kiel og Aron Pálmarsson eitt.

LÜBBECKE - RN LÖWEN 24-24

Alexander Petersson var markahæstur í liði Löwen með sjö mörk.

STAÐA EFSTU LIÐA

RN Löwen	20	17	2	1	563-496	36
Kiel	20	17	1	2	663-511	35
Flensburg	20	15	2	3	625-516	32
Füchse Berl.	20	14	2	4	571-517	30
Hamburg	20	13	2	5	606-557	28
Hann/Burgd.	20	13	1	6	607-593	27
Melsungen	20	10	3	7	569-559	23
Magdeburg	20	11	0	9	590-554	22
Wetzlar	20	10	2	8	583-571	22
Lemgo	20	9	0	11	551-563	18
Göppingen	20	7	2	11	554-556	16

Lennon í launadeilu við Framara

Steven Lennon, framherji Fram, segir að það sé ekki útséð með að hann spili í búningi félagsins næsta sumar. Hann deilir nú við félagið vegna loforða frá fyrri stjórn knattspyrnudeildar. Hann segir ekki koma til greina að lækka launin sín.

FÓTBOLTI „Ég á ekkert í neinum illdeilum við stjórn Fram en ég þarf að vita að félagið vilji standa sig vel og verði með gott lið. Þetta er stórt ár fyrir mig, ég þarf að standa mig vel og þá verð ég að vera á rétta staðnum. Stefnan hjá mér er að spila vel í sumar og komast að erlendis eftir tímabilið. Þá þarf ég að vera á réttum stað, sama hvort það er Fram eða annað lið á Íslandi. Ég vil bara hugsa um fótbolta í ár og sleppa öllu rifrildi og leiðindum,“ segir Steven Lennon, framherji Fram, en það er ekki alveg útséð með að hann verði áfram í Safamýrinni. Þar hafa verið vandamál upp á síðkastið.

„Nýja stjórnin vildi semja við mig upp á nýtt því ég er dýr leikmaður. Þeir þurfa líka að greiða fyrir bíl og íbúð fyrir mig. Gamla stjórnin var búin að lofa mér bíl en nýja stjórnin segir að það sé ekki í samningnum. Þess vegna geti ég ekki fengið bíl. Ég tjáði þeim að mér væri alveg sama um það enda hefði mér verið lofað því að fá bíl,“ sagði Lennon en hann er búinn að fá bíl en félagið vill að hann greiði fyrir bílinn sjálfur. „Ég held að þetta sé að bjargast og að þeir muni borga fyrir þetta svo ég spili glaður með Fram.“

Málið er í höndum Framara

Það vakti mikla athygli síðasta sumar er Lennon lýsti því yfir að hann vildi komast til KR. Af því varð ekki og hann fótbrotnaði skömmu síðar.

„Það er enn áhugi á mér frá öðrum félögum. Ég var næstum því farinn til KR en félagið vildi halda mér til þess að geta fengið aðra leikmenn til félagsins. Vonandi gengur það eftir. Ég þarf á því að halda að standa mig vel, sama hvort það er með Fram, FH eða KR. Ef Fram hefur ekki efni á því að halda mér þá fer ég líklega. Þetta mál er í höndum Framara,“ segir Lennon en hann segist vita að það hafi komið tilboð frá öðrum félögum í sig en Fram vilji ekki selja.

„Ef Fram heldur áfram að standa við sitt þá hef ég ekki yfir neinu að kvarta. Ef ég hætti að fá greitt þá verð ég svekktur eins og allir aðrir launþegar. Þeir vita að ég er atvinnumaður sem leggur sig alltaf allan fram. Ég þarf að nýta hvert tækifæri til þess að sýna mig og sanna fyrir öðrum liðum.“

Verða að standa við sín loforð

Lennon segir að það séu enn viðræður á milli sín og félagsins um framhaldið.

„Stjórnin hefur sýnt áhuga á að halda mér og hún veit hvað þarf til þess. Þeir verða að standa við sín loforð. Við erum að vinna í að breyta samningnum mínum og það verður að koma í ljós hvað verður. Ég vil ekki vera með neinar yfirlýsingar. Vonandi fáum við botn



MIKILVÆGT ÁR Lennon er samningslaus í lok sumar og þarf á því að halda að spila vel í sumar.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

„Peir eru að reyna að láta mig borga fyrir hluti sem ég er ekki sáttur við. Ef þeir standa við sitt er ég til í að vera áfram.“

Steven Lennon, leikmaður Fram

Lennon hefur lítið spilað með Fram á undirbúningstímabilinu en það hefur ekkert með peninga að gera.

„Ég hef verið í miklum vandræðum með öklann á mér upp á síðkastið en ég held það sé út af undirlaginu. Gervigrasið fer ekki vel í mig. Ökklinn er viðkvæmur eftir brotið síðasta sumar þannig að ég fer mér hægt. Það liggur ekkert á enda langt í sumarið,“ segir Lennon.

henry@frettabladid.is



EGGERT OG TEVEZ West Ham var í eigu Íslendinga þegar Carlos Tevez var fenginn til liðsins. Hér er Eggert Magnússon með honum.

NORDICPHOTOS/GETTY

Tevez-málinu loks að ljúka

FÓTBOLTI West Ham mun í sumar klára síðustu greiðslurnar vegna Tevez-málsins svokallaða sem skók félagið árið 2007. Félagið var þá sektað fyrir að hafa samið við leikmann sem var í eigu þriðja aðila en slíkt er ólöglegt á Englandi.

Engu að síður fékk Tevez að klára tímabilið með West Ham sem bjargaði sér frá falli með sigri í síðustu umferðinni. Tevez skoraði sigurmarkið í þeim leik.

Sheffield United féll þess í stað og við það sætti liðið sig ekki. Þeir sóttu málið stíft og því lauk með því að West Ham samþykkti að greiða félaginu 18,1 milljón punda, um 3,6 milljarða króna.

Enskir fjölmiðlar greindu frá því í vikunni að West Ham myndi í sumar inna af hendi síðasta hluta greiðslunnar, um sex milljónir punda. Greiðslan kemur United vel en félagið, sem leikur nú í ensku C-deildinni, hefur átt í miklum fjárhagsvandræðum. - esá



FAGNAÐ Hlynur Atli í leik með Fram í Pepsi-deildinni.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Fram og Hlynur Atli ná sáttum

FÓTBOLTI Fram greindi frá því í gær að félagið hefði náð fullum sáttum við Hlyn Atla Magnússon, fyrrverandi leikmann Fram. Hlynur Atli fékk sig lausan frá Fram eftir að Samninga- og félagaskiptanefnd KSÍ úrskurðaði í deilu hans við félagið nú fyrr í vetur.

Í haust auglýsti Fram Hlyn Atla til sölu og þá sendi Hlynur Atli frá sér yfirlýsingu þess efnis að hann ætti ekki samleið með þjálfaranum Þorvaldi Örlygssyni.

En í sameiginlegri yfirlýsingu sem stjórn knattspyrnudeildar Fram og Hlynur Atli senda frá sér í dag kemur fram að aðilar séu sáttir við þessi málalok og skilji sáttir. Hlynur Atli mun spila með Þór í Pepsi-deildinni næsta sumar.

- esá

JÁKVÆÐUR KRAFTUR C4 = :-)



CRÉATIVE TECHNOLOGIE

NÝR CITROËN C4 DÍSIL FRÁ 3.390.000 KR.

Njóttu lífsins á bíl sem er sparneytinn, lipur, hljóðlátur og frægur fyrir frumlega og nútímalega nálgun. Citroën C4 býr yfir nýstárlegri tækni sem dregur úr loftmengun og eldsneytisnotkun. Sérstaða Citroën C4 felst einnig í fjölmörgum smáatriðum sem hámarka þægindi ökumanns og farþega. Hagkvæmni, still, þægindi, fágun og þjónusta eru orðin sem marka jákvætt afl hins nýja Citroën C4. Raðaðu saman þessum kostum og niðurstaðan er Citroën C4.



Öruggur staður til að vera á

Nýir og notaðir bílar: Sölueld er opin alla virka daga frá kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16
Brimborg Reykjavík: Bildshöfða 8, sími 515 7040 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050





GUNNAR NELSON Berst í Wembley Arena á laugardag.

NORDICPHOTOS/GETTY

Santiago er þungur

MMA Jorge „The Sandman“ Santiago mætir Íslendingnum Gunnari Nelson í veltivigt í Wembley Arena á laugardaginn. Heimildir vefsins Bardaga-fregnir.is herma að Jorge Santiago sé alltof þungur miðað við að hann sé að fara keppa í flokki Gunnars.

„Sjónarvottar sáu Jorge „The Sandman“ Santiago í London í dag og hann var víst rosalega stór eða „huge“ eins og sjónarvottar orðuðu það! En Jorge er að færa sig niður í þyngd fyrir bardaga þeirra Gunnars Nelson.

Hann kemur úr millivigtinni, sem er 84 kg, og í veltivigtina, sem er 77 kg. Jorge var talinn mjög stór almennt í millivigt svo hann þarf að skera sig mikið niður til þess að ná vigt á föstugaginn kemur,“ segir í fréttinni á Bardagafregnir.is.

Þetta yrði þá ekki í fyrsta skiptið sem Gunnar Nelson mætir „of þungum“ manni í hringnum því það gerðist einnig í síðasta UFC-bardaga Gunnars á móti DaMarques Johnson. Gunnar fékk þá að velja hvort hann vildi berjast eða ekki en með því að berjast þá fékk hann hluta af launum Johnson.

- 66j

Evrópudeildin í kvöld

FÓTBOLTI 32-liða úrslitin í Evrópudeild UEFA hefjast í kvöld. Fjögur ensk lið eru í eldlínunni sem og Kolbeinn Sigbórsson og félagar í Ajax.

Liverpool hefur leik gegn Zenit í Rússlandi og liðið fékk ekki beint besta undirbúninginn er það tapaði gegn WBA um helgina.

Tímabilið hjá Chelsea hefur verið ein vonbrigðasaga og liðið leggur mikla áherslu á að vinna Evrópudeildina.

„Við ætlum okkur alla leið og vinna þessa keppni,“ sagði John Terry, fyrirliði Chelsea.

- hbg

EVROPUDEILD UEFA - HELSTU LEIKIR	
17.00 Zenit - Liverpool	Sport 3
18.00 Ajax - Steaua Búkarest	
18.00 Sparta Prag - Chelsea	
20.05 Newcastle - Metalist Kharkiv	
20.05 Tottenham - Lyon	Sport og HD

LEIKIRNIR SEX

1 100-85 SIGUR
Á TORONTO
30 stig
8 fráköst
7 stoðsendingar
63% skotnýting
(10 af 16)

2 99-94 SIGUR
Á CHARLOTTE
31 stig,
8 fráköst
8 stoðsendingar
93% skotnýting
(13 af 14)

3 114-108 SIGUR
Á HOUSTON
32 stig
6 fráköst
5 stoðsendingar
61% skotnýting
(11 af 18)

4 111-89 SIGUR
Á LA CLIPPERS
30 stig
5 fráköst
6 stoðsendingar
82% skotnýting
(9 af 11)

5 107-97 SIGUR
Á LA LAKERS
32 stig
7 fráköst
4 stoðsendingar
67% skotnýting
(12 af 18)

6 117-104 SIGUR
Á PORTLAND
30 stig
6 fráköst
9 stoðsendingar
73% skotnýting
(11 af 15)

Sá besti verður betri og betri

LeBron James setti magnað NBA-met í fyrrinótt þegar hann náði því í sjötta leiknum í röð að skora yfir 30 stig jafnframt því að nýta skotin sín 60 prósent eða betur. Miami Heat liðið hefur unnið alla leikina sex.

KÖRFUBOLTI LeBron á það sameiginlegt með fótboltamanninum Lionel Messi að vera fyrir löngu orðinn bestur í heimi í sinni íþrótt en halda samt alltaf áfram að bæta leik sinn enn frekar. Á meðan Messi heldur áfram að bæta hvert markametið á fætur öðru hefur hinn nánast óstöðvandi LeBron James orðið enn erfiðari við að eiga inni á körfuboltavellinum.

Fáir mótmæla þeirri fullyrðingu að LeBron James sé besti körfuboltamaður heimsins í dag. Hann vann allt sem var í boði árið 2012, þar á meðal Ólympíugull og langþráðan NBA-meistararatið með Miami Heat. Hann er þó hvergi nærri hættur að bæta sinn leik og það er sú elja og dugnaður sem hræðir mótherja hans hvað mest.

Magnaður körfuboltamaður

LeBron James er magnaður körfuboltamaður enda sameinast í honum einstök blanda styrks, stærðar, sprengikrafti og skilningi á sportinu. Þetta 203 cm og 113 kílóa vöðvabúnt sér völlinn betur en flestir og er til algjörar fyrirmyndar þegar kemur að því að spila liðsfélagana uppi eða að leggja líf og sál í varnarleikinn.

Það sem hann hefur verið að gera inn á körfuboltavellinum undanfarna tíu daga hefur hins vegar kallað á nýjan kafla í NBA-sögubókinni.

LeBron hefur nefnilega sett ný viðmið í dansi, framleiðni og nýtni inni á parketinu með því að skila ótrúlegum tölum í undanförunum sex leikjum Miami Heat. Hann hefur brotið 30 stiga múrinn í þeim öllum (nýtt Miami Heat met) en um leið hefur hann nýtt skotin sín sextíu prósent eða betur. Í þremur leikjum af þessum sex statar hann af meira en sjötíu prósentu skotnýtingu, þar á meðal í síðasta leiknum á móti Portland Trail Blazers.

„Ég er eiginlega orðlaus. Eins og ég hef sagt oft þekki ég vel sögu leiksins og ég veit hversu margir frábærir leikmenn hafa spilað í NBA-deildinni og markað sporin fyrir mig og kollega mína. Það er magnað að komast í metabókina með svona tölfræði. Þetta er stórt mál,“ sagði LeBron James. Það var samt eins og hann tryði ekki alveg að hann væri búinn að gera eitthvað sem menn eins og Wilt Chamberlain og Michael Jordan náðu aldrei þegar þeir gnæfðu yfir aðra leikmenn í NBA-deildinni.

Wilt og Jordan náðu þessu aldrei

„Ég trúði því ekki að þessi kappar hefðu aldrei náð þessu. Ég hefði haldið að Wilt [Chamberlain] hefði náð nokkrum leikjum í röð með fjörtíu stigum og sjötíu prósentu skotnýtingu eða að Michael Jordan hefði komist í ham þar sem hann hitti ótrúlega vel utan af velli. Eða þá Shaq. Ég gat bara sagt vá,“ sagði LeBron um met sitt en það er þó hinn almenni körfubolta-áhugamaður sem er gapandi yfir frammistöðu hans á undanförunum dögum.

James hefur alls nýtt 66 af 92 skotum sínum í þessum sex leikjum (71,7 prósent) en hann er með 30,8 stig, 6,7 fráköst og 6,5 stoðsendingar að meðaltali í þessum leikjum.



HÁTT YFIR ÖLLUM ÖÐRUM
LeBron James er í miklum ham með Miami Heat þessa dagana.

NORDICPHOTOS/GETTY

„Þetta er ástæðan fyrir því að hann er besti leikmaður deildarinnar. Hann spilaði mjög góðan leik. Það er það eina sem þið fáið upp úr mér um hann. Hann er keppnismaður og elskar að keppa. Hann elskar líka jafna leiki. Hann er leiðtogi okkar og ekki bara í því hvernig hann spilar,“ sagði Erik Spoelstra, þjálfari Miami Heat, eftir sigurinn á Portland.

Skotnýting LeBrons á tímabilinu er nú komin upp í 56,5 prósent en hann er á mjög góðri leið með að hækka skotnýtingu sína sjötta tímabilið í röð. Það sem meira er, hann er farinn að nýta

yfir 40 prósent þriggja stiga skota sinna (42 prósent).

Hafa unnið alla leikina

„Það skiptir mig miklu að hafa náð þessari skorpu, ekki síst þar sem við höfum unnið alla þessa leiki,“ sagði Lebron.

Hvort sjöundi leikurinn bætist í hópinn í kvöld er önnur saga en þar er á ferðinni enginn smáleikur. Þá mætast lokaúrslitaliðin frá því í fyrra þegar Oklahoma City Thunder tekur á móti Miami Heat.

ooj@frettabladid.is



**TILBOÐ
Á BREMSU-
KLOSSASKIPTUM
EF VARAHLUTIR ERU KEYPTIR HJÁ BARÐANUM
AÐEINS KR. 2.000**

**BÍLLINN ER Í
ÖRUGGUM HÖNDUM
HJÁ OKKUR**



BARÐINN

- Síðan 1941 -



KÖRFUKNATTLEIKSSAMBAND ÍSLANDS OG POWERADE KYNNA



POWERADE®
BIKARINN



ÚRSLITALEIKIR KARLA OG KVENNA

LAUGARDAGINN 16. FEBRÚAR Í LAUGARDALSHÖLL



KEFLAVÍK - VALUR

KONUR · KL. 13.30



STJARNAN - GRINDAVÍK

KARLAR · KL. 16.00

MÍÐAVERÐ

Forsala á netinu á www.midi.is:
1.500 kr. fyrir 13 ára og eldri · FRÍTT fyrir 12 ára og yngri
Miðasala við inngang á leikdegi:
2.000 kr. fyrir 13 ára og eldri · FRÍTT fyrir 12 ára og yngri

POWERADE-SKOTIÐ

Heppnir áhorfendur á báðum leikjum fá tækifæri til reyna við POWERADE-skotið milli leikhluta frá miðju vallarins. Þeir sem skora körfu fá í verðlaun veglegt magn af POWERADE-kippum.

Stöð 2 kl. 21.35 Person of Interest

Jim Caviezel leikur aðalhlutverkið í spennuþættinum Person of Interest á Stöð 2 í kvöld. Hann leikur fyrrverandi útsendara CIA sem var vanur að vinna skítverkin fyrir leyniþjónustuna en einbeittir sér nú að því að koma í veg fyrir glæpi. Í þættinum í kvöld er ungabarn í bráðri hættu og Reese og Finch verða að grípa í taumana áður en það er um seinan.



Í KVÖLD



House

SKJÁR 1 KL. 20.40 Eftir átta þáttaröðir er nú komið að allra síðasta þættinum um undarlega en bráðskarpa lækinn Gregory House. House þarf nú að taka stóra ákvörðun um eigið líf og fær til þess hjálp úr öllum áttum.

TV.COM 9,2 IMDB 8,6



I Hate My Teenage Daughter

POPPTÍVÍ KL. 20.35 Annie og Nikki fara með dætur sínar í ferðalag sem er innblásið af sams konar ferðalagi sem Annie fór í á þeirra aldri. Ferðin vekur upp áhugaverð samtöl hjá hópnum.

TV.COM 7,2 IMDB 4,8



Outnumbered

RÚV KL. 20.40 Nú er komið að lokabætti þriðju seríunnar um Pete, Sue og uppátækjasömu börnin þeirra þrjú. Karen sér föður sinn kyssa Mimi og tekur hann á beinið vegna þess en Ben breytir stiganum á heimilinu í sitt eigið Everest. Allt situr þó á hakanum eftir að Karen lendir í bílslysi.

TV.COM 8,9 IMDB 8,1

RÁS 1

FM 92,4/93,5

06.36 Bæn **06.39** Morgunþáttur Rásar **1 06.40** Veðurfregin **07.00** Fréttir **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstud með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Okkar á milli **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregin **10.13** Litla flugan **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttir **12.02** Hádegisútlit **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregin **13.00** Sunnudagsspjall um hugmyndir, gamlar og nýjar **14.00** Fréttir **14.03** Á tónsviðinu **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpsagan: Konur **15.25** Raudí þráðurinn **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Til allra átta **16.45** Lesandi vikunnar **17.00** Fréttir **17.03** Viðsjá **18.00** Spegillinn **18.50** Veðurfregin **19.00** Tónlistarkvöld Útvarpsins: Missa Solemnis **20.20** Af Ríkhaldi kongi þriðja **21.10** Íslendingasögur **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregin **22.10** Lestur Passíusálma **22.20** Útvarpsperilur: Svipmyndir af Selmu Lagerlöf **23.15** Girni, grúsk og glóriur **00.00** Fréttir **00.05** Næturútlit Rásar 1

RÚV

- 15.35** Kiljan (e)
- 16.25** Ástareldur (Sturm der Liebe)
- 17.14** Konungsríki Benna og Sóleyjar
- 17.25** Múminálfarnir
- 17.35** Lóa
- 17.50** Stundin okkar (15:31) (e)
- 18.20** Tánmálsfréttir
- 18.30** Melissa og Joey (2:15)
- 19.00** Fréttir
- 19.30** Veðurfregin
- 19.35** Kastljós
- 20.10** Framandi og freistandi 3 (8:9) Yesmine Olsson heldur áfram að kenna okkur framandi og freistandi matreiðslu.
- 20.40** Enginn má við mörgum (7:7) (Outnumbered) Breskur gamanþáttur um hjón sem eiga í basli með að ala upp börnin sín þrjú.
- 21.15** Neyðarvaktin (6:22) (Chicago Fire) Bandarísk þáttaröð um slökkviliðsmenn og bráðaliða í Chicago. Meðal leikenda eru Forest Whitaker, Janeane Garofalo, Beau Garrett, Matt Ryan, Michael Kelly og Kirsten Vangsness. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi ungra barna.
- 22.00** Tíufréttir
- 22.15** Veðurfregin
- 22.20** Glæpahneigð – Grunsamleg hegðun (10:13) (Criminal Minds: Suspect Behaviour) Bandarísk þáttaröð um rannsóknarsveit innan alríkislögreglunnar og glímu hennar við glæpamenn. Meðal leikenda eru Forest Whitaker, Janeane Garofalo, Beau Garrett, Matt Ryan, Michael Kelly og Kirsten Vangsness. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi ungra barna.
- 23.00** Að leiðarlökum (4:5) (e)
- 00.00** Kastljós (e)
- 00.30** Fréttir
- 00.40** Dagskrárlok

BÍÓ

- 10.55** Mr. Popper's Penguins
- 12.30** Artúr og Mínimóarnir
- 14.10** Wedding Daze
- 15.40** Mr. Popper's Penguins
- 17.15** Artúr og Mínimóarnir
- 19.00** Wedding Daze
- 20.30** Date Night
- 22.00** Shakespeare in Love
- 00.00** Dark Relic
- 01.25** Date Night
- 02.50** Shakespeare in Love

STÖÐ 2

- 07.00** Barnatími Stöðvar 2
- 08.05** Malcolm in the Middle (7:16)
- 08.30** Ellen (96:170)
- 09.15** Bold and the Beautiful
- 09.35** Doctors (83:175)
- 10.20** Smash (4:15)
- 11.05** The Block (7:9)
- 11.50** Beint frá býli (5:7)
- 12.35** Nágrannar
- 13.00** Better With You (15:22)
- 13.25** Harry's Law (3:12)
- 14.15** Arctic Tale
- 15.40** Histerial!
- 16.05** Barnatími Stöðvar 2
- 16.50** Bold and the Beautiful
- 17.10** Nágrannar
- 17.35** Ellen (97:170)
- 18.23** Veður
- 18.30** Fréttir Stöðvar 2
- 18.47** Íþróttir
- 18.54** Ísland í dag
- 19.11** Veður
- 19.20** The Big Bang Theory (19:23)
- 19.40** The Middle (9:24)
- 20.05** The Amazing Race (8:12) Skemmtileg þáttaröð þar sem keppendur flakka heimshornanna á milli og leysa úr ýmsum þrautum í von um að verða fyrstir í mark.
- 20.50** NCIS (10:24) Áttunda þáttaröð þessara vinsælu spennuþátta fjallar um sersveit lögreglumanna í Washington og rannsakar glæpi tengda hernum.
- 21.35** Person of Interest (17:23) Fyrrverandi leigumörðingi og dularfullur vísindamaður leiða saman hesta sína til að koma í veg fyrir glæpi í New York-fylki.
- 22.25** Breaking Bad (11:13) Fjórdi þáttaröðin um Walter White, fyrrverandi efnafræðikennara og fjölskyldumann, sem ákveður hann að tryggja fjárhag fjölskyldu sinnar með því að nýta efnafræðipekkingu sína og hefja framleiðslu og sölu á eiturlyfjum eftir að hann greinist með krabbamein.
- 23.10** Spaugstofan (13:22)
- 23.40** Mannshvörf á Íslandi (5:8)
- 00.10** The Mentalist (11:22)
- 00.50** The Following
- 01.30** Boardwalk Empire (12:12)
- 02.30** Amelia
- 04.20** Partition

SPORT

besta sætið

- 07.00** Þorsteinn J. og gestir: meistaramörkin
- 15.15** Meistaradeild Evrópu: Meistaradeildin Endursýndur leikur
- 16.55** Þorsteinn J. og gestir: meistaramörkin
- 17.25** FA bikarinn – upphitun
- 17.55** Evrópudeildin: Sparta Praha - Chelsea BEINT, þetta er fyrri leikur liðanna.
- 20.00** Evrópudeildin: Tottenham - Lyon BEINT, þetta er fyrri leikur liðanna.
- 22.00** Evrópudeildin: Zenit - Liverpool Leikurinn er í beinni útsendingu á Sport 3 kl. 16.55.
- 23.40** Kadetten Schaffhausen - Fühse Berlin Útsending frá leik í Meistaradeild Evrópu í handbolta. Leikurinn er í beinni á Sport 3 kl. 18.55.
- 01.05** Evrópudeildin: Sparta Praha - Chelsea
- 02.45** Evrópudeildin: Tottenham - Lyon

SPORT 2

enski boltinn

- 16.40** Aston Villa - West Ham
- 18.20** Chelsea - Wigan
- 20.00** Premier League World
- 20.30** Premier League Review Show
- 21.25** Football League Show
- 21.55** Sunderland - Arsenal
- 23.35** Norwich - Fulham

krakkar

- 07.00** Brunabílarinn
- 07.20** Áfram Diego, áfram!
- 07.45** Waybuloo
- 08.05** Svampur Sveinsson
- 08.25** Dóra konnuður
- 08.50** Doddi litli og Eyrnastór
- 09.00** UKI
- 09.05** Strumparnir
- 09.30** Lína langsokkur
- 09.55** Histerial!
- 10.20** Ofurhundurinn Krypto
- 10.40** Lukku-Láki
- 11.00** Stöð 2 Krakkar – barnatími
- 17.00** Maularinn
- 17.25** Ofurhetjusersveitin
- 17.50** iCarly (13:25)

POP TV

- 17.00** Simpson-fjölskyldan (7:22) Útgöngubann er í Springfield vegna mengunar. Félagráðgjafi sem reynir að fá Simpson-fjölskylduna til að vinna saman og eiginkonurnar frá Las Vegas eru meðal efnis í þættinum.
- 17.25** Íslenski listinn
- 17.50** Sjáðu
- 18.15** Gossip Girl (22:22)
- 19.00** Friends (10:24)
- 19.20** How I Met Your Mother (12:24)
- 19.45** Simpson-fjölskyldan (11:22)
- 20.10** Game Tívi Fræðandi þáttur sem fjallar um allt það nýjasta úr tækni- og tölvuleikjaheiminum.
- 20.35** I Hate My Teenage Daughter (7:13) Bandarísk gamanseria um tvær vinkonur og erfiðar dætur þeirra.
- 21.00** FM 95BLÓ Tækifæri til að sjá allt það helsta sem gerðist í dag í útvarpsþættinum FM95BLÓ.
- 21.20** The Carrie Diaries Bandarísk þáttaröð um Carrie Bradshaw sem áhorfendur þekja úr þáttaröðinni Sex and the City. Í þessum glænýju þáttum er fylgst með Carrie þegar hún var yngri.
- 22.05** Eastwick (6:13) Þáttaröð um þrjár konur í bænum Eastwick sem fá óvænta og dularfulla krafta frá manni sem er ekki allur sem hann er séður.
- 22.50** Game Tívi
- 23.15** I Hate My Teenage Daughter (7:13)
- 23.40** FM 95BLÓ
- 00.05** The Carrie Diaries
- 00.50** Eastwick (6:13)
- 01.35** Tónlistarmyndbönd Popptíví

GULL

- 18.15** Doctors (135:175)
- 19.00** Ellen (97:170)
- 19.40** Strákarnir
- 20.10** Stelpurnar (17:20)
- 20.35** Fóstbræður (3:8)
- 21.05** Friends (4:24) V
- 21.30** Í sjöunda himni með Hemma
- 22.30** Strákarnir
- 23.00** Stelpurnar (17:20)
- 23.25** Fóstbræður (3:8)
- 23.55** Friends (4:24)
- 00.20** Í sjöunda himni með Hemma
- 01.20** Tónlistarmyndbönd Popptíví

SKJÁREINN

- 06.00** Pepsi MAX tónlist
- 08.00** Rachael Ray
- 08.45** Dr. Phil
- 09.25** Pepsi MAX tónlist
- 16.20** 7th Heaven (6:23)
- 17.00** Rachael Ray
- 17.45** Dr. Phil
- 18.25** Necessary Roughness (10:16)
- 19.10** Everybody Loves Raymond (5:24)
- 19.30** The Office (15:27) Bandarísk gamanþáttaröð um skrautlegt skrifstofulið sem gefur lífinu lit.
- 19.50** Will & Grace (2:24)
- 20.15** Happy Endings (16:22) Bráðfyndnir þættir um skrautlegan vínahóp.
- 20.40** House (23:23) Nú kemur í ljós hver aðfrif House verða.
- 21.30** Hæ Gosi (3:8) Þriðja þáttaröðin um bræðurna Börk og Víði sem ekkert þrá heitar en hamingjuna en tekst einhvern veginn alltaf að koma sér í vandræði.
- 22.10** Vegas (4:21) Þættir sem gerast í Las Vegas á sjöunda áratug síðustu aldar og skarta Dennis Quaid í aðalhlutverki. Tvö glæpagengi berjast um yfirráð á einu spilaviti.
- 23.00** XIII (4:13) Spennuþættir byggðir á samnefndum myndasögum og fjalla um mann sem þjáist af alvarlegu svefnleysi og á sér dularfulla fortíð. XIII heldur til Írlands til að hafa upp á gömlum meðlim írska lýðveldishersins.
- 23.50** Law & Order UK (1:13)
- 00.40** Excused (e)
- 01.05** Parks & Recreation (14:22)
- 01.30** CSI: Miami (5:22)
- 02.15** Happy Endings (16:22)
- 02.40** Vegas (4:21)
- 03.30** XIII (4:13)
- 04.20** Pepsi MAX tónlist

SKJÁRGOLF

- 06.00** ESPN America **07.00** AT&T Pebble Beach 2013 (4:4) **12.00** Golfing World **12.50** Golfing World **13.40** AT&T Pebble Beach 2013 (4:4) **18.40** PGA Tour - Highlights (6:45) **19.35** Inside the PGA Tour (7:47) **20.00** Northern Trust Open 2013 (1:4) **23.00** Golfing World **23.50** ESPN America

INN

- 20.00** Hrafnáþing **21.00** Auðlindakista **21.30** Síggi stormur og helgarveðrið

ÚTVARP FM 88,5 XA-Radíó FM 90,1 Rás 2

FM 90,9 Gullbylgjan FM 93,5 Rás 1

FM 95,7 FM957 FM 96,3 FM Suðurland

FM 96,7 Létt Bylgjan FM 97,7 X-ið

FM 98,9 Bylgjan FM 99,4 Útlit Saga

FM 100,5 Kaninn FM 102,2 Útlit Latibær

FM 102,9 Lindin FM 105,5 Útlit Boðun

HÆ GOSI

Í kvöld kl. 21:30

Vertu með í fjörunu

SKJÁREINN

Eucerin®

TILBOÐSDAGAR Í LYFJU 20% AFSLÁTTUR AF EUCERIN VÖRUM



Viltu hreina og ferska húð!
Eucerin DermatoCLEAN hreinsilínan hreinsar og lætur húð þína sannanlega anda betur.



Ertu hrædd við hrukkur?
Húðlæknar mæla með Eucerin HYALURON til að minnka hrukkur.



Viltu draga úr húðblettum?
Eucerin EVEN BRIGHTER minnkar húðbletti þar sem upptökin eru.



Viltu endurnýja húðina?
Eucerin DermoDENSIFYER eykur teygjanleika og þéttleika og hraðar endurnýjunarferli húðarinnar.



Minnkar rósroða strax!
Eucerin Anti-Redness dagkrem minnkar rósroða strax.



Færðu bólur?
Eucerin DermoPURIFYER berst gegn bólum og feitri húð á fjóra vegu.



Viltu stinnari húð?
Eucerin MODELLIANCE endurnýjar andlitsdrætti og færir þér stinnari húð.



Viltu heilbrigðara hár?
Eucerin DermoCapillaire hárvörurnar takast á við erfiðustu vandamál í hári og hársverði.

GILDIR FRÁ 14. - 20. FEBRÚAR

 **LYFJA**
- Lífið heil

DRYKKURINN



„Vatn og kók eru í uppáhaldi. Þetta er það sem ég drekk dagsdaglega en ég er mikill kókisti. Það jafnast ekkert á við ískalda súperdós af kóki.“

Magni Ásgeirsson tónlistarmaður

Með besta saltfisksréttinn að mati Masi

Íslendingurinn Jóhann Ingi Reynisson sigraði matreiðslukeppni ítalska vínframleiðandans Masi á dögnum.

„Ég veit ekki hvað það voru margir þátttakendur en við sem áttum þrjú efstu sætin erum allir starfandi í Noregi,“ segir kokkurinn Jóhann Ingi Reynisson, sem sigraði í matreiðslukeppni ítalska vínframleiðandans Masi á dögnum.

Jóhann Ingi starfar sem yfirmatreiðslumaður á hótelinu Rica Seilet, sem er í Molde í Noregi, og frétti af keppninni frá birgi Masi-vinsins þar í landi. Masi heldur keppni með ákveðnu þema af og til en þetta var í fyrsta skipti sem Jóhann Ingi ákvað að taka þátt. „Keppnin

að þessu sinni snerist um að búa til frumlegasta saltfisksréttinn. Ég ákvað að gera hann á portúgalska vísu með smá breytingu og bjó réttinn sérstaklega til fyrir keppnina,“ segir Jóhann.

Að launum hlaut hann heilsíðumfjöllum í tímaritinu La Venezie, sem er selt í þúsundum eintaka á Ítalíu og víðar í Evrópu. „Þetta er auðvitað frábær kynning fyrir mig og hótelið sem ég vinn á. Svo fékk ég líka að eiga vínflöskuna sem ég notaði þegar teknar voru myndir af réttinum,“ segir Jóhann og hlær. —



YFIRMATREIÐSLUMAÐUR Jóhann Ingi býr í Molde í Noregi þar sem hann starfar sem yfirmatreiðslumaður á hótelinu Rica Seilet.

Saltfisksrétturinn

Jóhann grillaði saltfiskinn og notaði svartar ólífur, blaðlauk, hvítlauk, græna papriku, gula papriku, túneraðar möndlukartöflur og tómatakavíar í réttinum. Með réttinum mælir hann að sjálfsgöðu með því að drekka Masi-vín.



Högni Egils í leikhópi Engla alheimsins

Hjaltalín semur tónlistina við Engla alheimsins. Högni Egilsson tekur einnig þátt í sýningunni. Þorleifur Arnarson leikstjóri segir reynslu Högna ómetanlega.

Hljómsveitin Hjaltalín er byrjuð að semja og taka upp tónlistina við leikritið Engla alheimsins sem verður frumsýnt í Þjóðleikhúsinu 20. apríl. Söngvarinn Högni Egilsson mun jafnframt taka þátt í sýningunni.

„Fyrir bíómyndina fengu þeir Sigur Rós til að semja tónlistina og okkur fannst spennandi að leita að frábæru bandi til að skapa hljóðheim uppsetningarinnar,“ segir leikstjórinn Þorleifur Örn Arnarson. „Svo gaf Hjaltalín út þessa frábæru plötu [Enter 4] og það sannfærði okkur um að þetta væri rétta fólkið til að starfa með. Auðvitað hafa þau látið geðsjúkdóma og ábyrgð samfélagsins sig miklu varða undanfarnar vikur og mánuði og það ýtti undir hvað það væri tilvalið að fá þau um borð.“

Þorleifur Örn ræddi mikið við Högna Egilsson, sem tjáði sig einmitt um geðhvarfasýki sína í blaðaviðtali í fyrra. „Ég hugsaði með mér að með þá reynslu sem hann hefur væri hann ómetanlegur inn í hið listræna ferli sýningarinnar. Við tókum þá ákvörðun um að hann yrði hluti af leikhópnum,“ segir hann en Högni hefur hingað til ekki látið að sér kveða á leiksviði. Ekki er búið að ákveða hvaða hlutverki hann gegnir. „Högni hefur töfrandi sviðframkomu. Leiksvið er staður fyrir ungt fólk að tjá sig. Þar er hann ofboðslega sterkur og lætur engan ósnortinn. Það væri synd að nota hann ekki.“

Högni hefur áður samið tónlist fyrir leikhús, síðast fyrir sviðsetningu The Royal Shakespeare Company á Hróa hetti. Hann þreytir nú frumraun sína í Þjóðleikhúsinu. „Þetta virðist ætla að verða spennandi og svólítið kraftmikil uppfærsla,“ segir Högni, sem hlakkar mikið til. Aðspurður segist hann ekki hafa



SEMUR TÓNLISTINA Hjaltalín semur tónlistina við leikritið Engla alheimsins í Þjóðleikhúsinu sem Þorleifur Örn Arnarson leikstjóri. MYND/HÖRÐUR SVEINSSON

ákveðið að taka þátt vegna veikinda sinna. Það hafi einfaldlega verið gott tækifæri fyrir Hjaltalín að fá að semja tónlistina. Æfingar fyrir leikritið Engla alheimsins, sem er byggt á skáldsögu Einars Más Guðmundssonar, hefjast á miðviku-daginn í næstu viku. Verkið leggst mjög vel í Þor-

leif Örn. „Ég er þvífkt spenntur. Að frumsýna í Þjóðleikhúsinu með verki sem svo mörgum þykir vænt um er ofboðsleg áskorun.“

Með aðalhlutverkið, Pál, fer Atli Rafn Sigurðarson. Með önnur hlutverk fara Jóhannes Haukur Jóhannesson, Ólafur Egill Egilsson, Snorri Engilbertsson, Eggert Þorleifsson, Guðrún Gísladóttir, Sólveig Arnarsdóttir, Evar Þór Benediktsson, Saga Garðarsdóttir, Ágústa Eva Erlendsdóttir, Baldur Trausti Hreinsson og fleiri. Símon Birgisson annast leikgerðina ásamt Þorleifi Erni.

frey@frettabladid.is

Ertu beittur í eldhúsinu?

Fastus býður uppá hágæða japanska hnifa og önnur eldhúsáhöld sem unun er að vinna með þegar matarundirbúningur stendur sem hæst.

Komdu í verslun okkar, Síðumúla 16 og skoðaðu úrvalið af áhöldum sem fagmenn, jafnt sem áhugamenn geta ekki án verið í góðu eldhúsi.

FASTUS

Síðumúli 16 • 108 Reykjavík • Sími 580 3900 • www.fastus.is
Verslun opin mán-fös 8.30 - 17.00

Ein af bestu plötubúðum heims

Lucky Records er sögð ein af bestu plötubúðum heims í riti British Airways.

Lucky Records á Hverfisgötu er sögð ein af sex bestu plötubúðum heims í tímariti flugfélagsins British Airways sem er dreift í allar flugvélar þess.

„Ingvar Geirsson (öðru nafni DJ Lucky) er maðurinn á bak við svölu plötubúð Íslands sem sérhæfir sig í sjaldgæfum vínplötum frá heimalandinu með listamönnum á borð við Megas og Bang Gang. Meira að segja ljósín þeirra eru gerð úr gömlum plötum,“ segir í umfjölluninni. Mynd af Ingvari og samstarfsmanni hans, Gesti

Baldurssyni, prýðir greinina. Aðrar búðir sem komust inn á topp sex listann eru í Seúl, Jóhannesarborg, Mumbai, Dubai og Vín.

„Það er fyrst og fremst gaman að vita af því að fólk úti í heimi veit af þessari búð,“ segir Ingvar. Hann segir þessa góðu umfjöllun hafa komið sér á óvart. Spurður hvort þetta þýði ekki aukinn fjölda erlendra viðskiptavina í Lucky Records segir hann: „Það eru að bætast við á Facebook erlend „like“. Þetta sýst hægt og rólega inn.“



Á TOPP SEX Fjallað er um verslun Ingvars Geirssonar, Lucky Records, í tímariti British Airways.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

LAGERSALA Á ÚTIVISTAR- & VETRARFATNAÐI

ALLT AÐ AFSLÁTTUR 80%

Mikið úrval af nýjum vetrarfátnaði

NÝTT KORTATÍMABIL 14. FEB



DÖMU SKÍÐAJAKKI
Verð nú kr. 9.990
Verð áður kr. 29.990



HERRA JAKKI VAXBORINN
Verð nú kr. 14.990
Verð áður kr. 29.990



St. 68 -92
BARNA ÚTIGALLI
Verð nú kr. 7.990
Verð áður kr. 16.990



HERRA SKÍÐAJAKKI
Verð nú kr. 14.990
Verð áður kr. 39.990



HERRA PRIMALOFT ÚLPA
Verð nú kr. 19.990
Verð áður kr. 39.990



HERRA/DÖMU ZIPP OFF GÖNGUBUXUR
Verð nú kr. 9.990
Verð áður kr. 19.990

OPNUNARTÍMI

Fimmtudagur	14. feb.	12:00 - 20:00
Föstudagur	15. feb.	12:00 - 20:00
Laugardagur	16. feb.	11:00 - 18:00
Sunnudagur	17. feb.	12:00 - 18:00
Mánudagur	18. feb.	12:00 - 20:00
Þriðjudagur	19. feb.	12:00 - 20:00



FRÉTTIR AF FÓLKI

Kominn í grínið

Eyþór Ingi Gunnlaugsson, söngvari og nýkrýndur Eurovision-fari Íslendinga, hefur haft í nógu að snúast síðan hann söng sig inn í hug og hjörtu þjóðarinnar með laginu Ég á líf. Eyþór stígur sín fyrstu skref í gríninu í dag þegar hann er í gestahlutverki í Spaugstofunni. Söngvarinn ku víst vera ófeiminn við að gera grín að sjálfum sér og þeirri staðreynd að hann virðist vinna allar þær keppnir sem hann tekur þátt í. Eyþór Ingi skaut upp á stjórnuhimininn er hann bar sig úr bítum í sjónvarpsþáttunum Bandið hans Bubba.



Kennir handþvott á netinu

Kvikmyndagerðarkonan Guðný Halldórsdóttir hefur sent frá sér nýja mynd. Myndin er reyndar talsvert frábrugðin því sem komið hefur úr ranni Guðnýjar hingað til, en um er að ræða kennslumyndband á Youtube. Þar segist Guðný hafa tekið eftir því að enginn undir fimmtugu kunni að þvo handþvott og bætur úr því með því að sýna hvernig hún þvær nýprjónaða peysu. Guðný sýnir ýmis góð handtök við þvott og þurrkun og segir frá af sínum þekkta húmor. Myndbandið má finna á Youtube undir nafninu Handþvottur Duna Computer. - áþ, þeb



Mest lesið VÍSIR

- 1 Danskir menntaskólanemar á lífs-hættulegu hóteli í Austurríki
- 2 Dorner framdi sjálfsmorð eftir skotbardaga við lögregluna
- 3 Bikiníklædd prinsessan birtist í ítölsku slúðurtímariti
- 4 Stuðningsmaður númer eitt lést úr hjartaáfalli
- 5 Maðurinn lést af slysförum
- 6 Samningur hjúkrunarfræðinga undirritaður



Fiskislóð 39

Opið alla virka daga

kl. **10–18**

og laugardaga kl. 11–15



FORLAGIÐ

BÓKABÚÐ
FORLAGSINS

BOSS
HUGO BOSS

SAND

strellson

POLO
RALPH LAUREN

ARMANI
COLLEZIONI

eterna

VAN KOLLEEM
MADISON PARK • NY

gardeur®

HUGO
HUGO BOSS

PETER VAN HOLLAND

FINUCCI
collezione

bugatti

Stenströms

BELLINI
collezione

LLOYD

OPIÐ VIRKA DAGA
FRÁ KL. 11 TIL 18
LAUGARDAGA
FRÁ KL. 11 TIL 17
SUNNUDAGA
FRÁ KL. 13 TIL 17

ath.
opið
sunnudag



Herra Lagerinn
outlet
líka fyrir konur

Troðfull
verslun af
merkjavöru!

40-
70%

afsláttur
af öllum
vörum

Úrval af
barnafatnaði frá
ENGLABÖRNIN

Falleg fót á stelpur og stráka...



SÍMI 568 9512 SUÐURLANDSBRAUT 54 BLÁU HÚSIN (VIÐ FAXAFEN)